


ÁRSRIT

BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA
LEIKÁRIÐ 2001 – 2002



Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2001–2002

Efnisyfirlit:

Leiðari – Einar Rafn Haraldsson.....	3
Aðildarfélög, stjórn, starfsmenn og nefndir.....	4
Leiklistarskólinn, júní 2001.....	6
Málþing, september 2001:	
Erindi Rúnars Guðbrandssonar.....	10
Erindi Guðjóns Sigvaldasonar.....	13
Erindi Þorgeirs Tryggvasonar.....	14
Erindi Vigdísar Jakobsdóttur.....	17
Fundargerð haustfundar 2001.....	19
Fundargerðir stjórnar 2001–2002	22
Fundargerð aðalfundar 2002	28
Ársreikningur 2001.....	39
Einþáttungahátíð, maí 2002	48
Athyglisverðasta áhugaleiksýningin	51
Uppsetningar aðildarfélaganna	53
Skýrslur stjórna aðildarfélaganna	62

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Einar Rafn Haraldsson
Guðrún Halla Jónsdóttir
Hulda B. Hákonardóttir
Hörður Sigurðarson
Lárus H. Vilhjálmsson

Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Ármann Guðmundsson

Prófarkalestur:

Sævar Sigurgeirsson

*Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Sauðárkróks
á Kettinum sem fer sínar eigin leiðir.*

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kt. 440169-0239
Laugavegi 96, 2. hæð, 101 Reykjavík
Símar 551 6974 og 562 2944
Fax 562 2984
Netfang info@leiklist.is
Veffang www.leiklist.is

Leiðari:

Súrt og sætt

Listasumar á Akureyri 2002 var að hluta helgað leiklistinni og stjórnendur hátíðarinnar völdu að gera áhugaleikhúsinu hátt undir höfði með sýningum og ráðstefnuhaldi. Þetta var þarft framtak og eiga forsvarsmenn menningar á Akureyri heiður skilinn fyrir framtakið.

Hluti dagskrárinnar var málþing með þátttakendum frá Finnlandi, Færeyjum og Íslandi, en meginefnið voru tengsl atvinnu- og áhugaleikhússins. Þar kom margt athyglisvert fram. Meginkjarninn var sá að sterk tenging þessara aðila væri undirstaða þess að leiklist þrífst svo vel hérlendis. Atvinnuleikhúsin eru sprottin upp úr áhugastarfi og sterk og traust tenging er milli Þjóðleikhússins og Bandalags íslenskra leikfélaga. Athygli vöktu lofsamleg ummæli Stefáns Baldurssonar, Þjóðleikhússtjóra, um vaxandi metnað og vandaðar og eftirtektarverðar sýningar áhugaleikfélaganna. Meðal umræðuefna var einnig skólahald BÍL, námskeiðahald fyrir leikstjóra úr röðum „ófaðglærðra“ og uggur í röðum atvinnuleikstjóra vegna þess. Ráðstefnugestir úr röðum atvinnumanna voru jákvæðir í garð áhugaleiklistarinnar og var lofi og gagnrýni hæfilega blandað saman. Þessi hluti Listasumars var gagnlegur og þátttakendur fóru fróðari heim. Sýning Leikfélags Kópavogs á GRIMM var viðeigandi sýnishorn af því hvers áhugaleikhúsið er megnugt þegar vel er til vandað.

En yfir í annað, sem á ekki tengingu við þá einstaklinga sem tóku þátt í ofangreindri dagskrá:

Það ergir mig jafnan þegar atvinnumenn í leikhúsgéiranum fjalla almennt um leikhús og leiklist á Íslandi án þess að geta starfs áhugaleikfélaganna. Jafnframt undrast ég þessa afstöðu og leyni því ekki að mér finnst hún hrokafull. Sá hroki á sér ekki alltaf innistæðu. Viðfangsefnið er það sama hjá báðum aðilum þótt úrlausnir séu ólíkar. Fé og útskriftarskírteini duga ekki til að skapa góða leiksýningu. Það er vandaverk að bera saman sýningar atvinnu- og áhugaleikhúsanna, svo ólíkar eru forsendurnar, en velta má fyrir sér HVAÐ á / ætti að bera saman, vildi einhver takast það á hendur. Á að bera saman verkefnaval, leikstjórn, frammistöðu leikara, sviðsmynd, lýsingu, búninga, förðun o.s. frv.?

Lítum á: Oft taka áhugafélögin fyrir sömu leikrit og atvinnuleikhúsin (og öfugt) og margir leikstjórar áhugafélaganna eru vel menntað leikhúsfólk og starfa jafnframt með atvinnuleikhúsum/leikhópum. Um þetta tvennt, svo og fjölda sýninga, fjölda áhorfenda

og frumflutt verk er til tölfræðilegur samburður. Hann er gagnlegur, því hann sýnir afl og atorku íslensks leikhúslífs og ekki síst áhugaleikfélaganna. Samanburður á frammistöðu leikara og annarra, er að sýningunum standa, er hins vegar af öðrum toga og má e.t.v. bera saman við fótboltann eða handboltann: atvinnumennirnir eru og eiga að vera betri, en hvaðan fá frægu liðin nýja leikmenn? Úr röðum áhugamanna. Hafa ekki allir atvinnuleikarar líka hafið feril sinn sem áhugaleikarar með einum eða öðrum hætti?



Áhorfendur bera saman frammistöðu leikaranna í sýningunni sem þeir sjá og meta á eigin forsendum. Þeir ætlast til að atvinnuleikarinn sé betri, rétt eins og atvinnumennirnir eru kallaðir í landsliðið þegar Ísland þarf á að halda. Svo eiga leikmenn og leikarar góðan eða vandan dag eftir atvikum. Samanburður á atvinnu- og áhugaleikurum er ógerlegur og óþarfur. Sama gildir um sviðsmynd, lýsingu búninga og annað; samanburður er tilgangslaus, því annað hvort þjóna þessi atriði verkinu eða ekki, hvort sem um atvinnu- eða áhugaleiksýningu er að ræða.

Hvað á þá að bera saman? Starf atvinnuleikhúsa og áhugaleikfélaga? Er annað mikilvægara en hitt? Því svarar hver fyrir sig, en staðreyndin er sú að atvinnu- og áhugaleikhúsin lifa hvort með öðru og efla áhuga almennings á leiklistinni og leikhúsinu. Þá er raunar aðeins eitt atriði eftir til samanburðar; starfsgrundvöllurinn, ytri skilyrðin til þess að leikhúsið þrífist. Þau eru ærið ólík enda ólíkar kröfur gerðar. Áhugaverð viðfangsefni eru næg, áhugi á leikhúsinu mikill og almennur, tækifæri til menntunar aukast en að sama skapi eykst þörfin fyrir rekstrarfé.

Ríkissjóður hefur aukið myndarlega fjárframlög til atvinnuleikstarfsemi nokkur undanfarin ár. Framlög til starfsemi áhugaleikfélaganna hafa einnig aukist en ekki í sama mæli og ekki í samræmi við tilkostnað. Unnendur leiklistarinnar þurfa að sameinast um að fá úr því bætt.

*Einar Rafn Haraldsson,
formaður Bandalags íslenskra leikfélaga*

Aðildarfélag BÍL leikárið 2001–2002

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði
Halaleikhópurinn, Reykjavík
Hugleikur, Reykjavík
Leikfélag Austur-Eyfellinga
Leikfélag Blönduóss
Leikfélag Bolungarvíkur
Leikfélag Dalvíkur
Leikfélag Djúpavogs
Leikfélag Fljótsdalshéraðs
Leikfélag Hafnarfjarðar
Leikfélag Hofsóss
Leikfélag Hornafjarðar
Leikfélag Hólmavíkur
Leikfélag Húsavíkur
Leikfélag Hveragerðis
Leikfélag Hörgdæla
Leikfélag Keflavíkur
Leikfélag Kópavogs
Leikfélag Mosfellssveitar
Leikfélag Ólafsfjarðar
Leikfélag Ólafsvíkur
Leikfélag Patreksfjarðar
Leikfélag Rangæinga
Leikfélag Raufarhafnar
Leikfélag Reyðarfjarðar
Leikfélag Sauðárkróks
Leikfélag Selfoss
Leikfélag Seyðisfjarðar
Leikfélag Siglufjarðar
Leikfélag Sólheima, Grímsnesi
Leikfélag Vestmannaeyja
Leikfélag Þórshafnar
Leikfélagið Baldur, Bíldudal
Leikfélagið Búkkolla, S-Þingeyjarsýslu
Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi

Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri
Leikfélagið La-gó, Grindavík
Leikfélagið Ofleikur, Reykjavík
Leikfélagið Sýnir, á landsvísu
Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra
Leikflokkurinn Hvammstanga
Leikflokkurinn sunnan Skarðsheiðar
Leikhópur Mána, Nesjum
Leikhópurinn Lopi, Hornafirði
Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði
Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal
Leikklúbbur Skagastrandar
Leikklúbburinn Saga, Akureyri
Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg
Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar
Leiklistarfélag Seltjarnarness
Leikskólinn, Reykjavík
Leyndir draumar, Reykjavík
Litli leikklúbburinn, Ísafirði
Nafnlaus leikhópurinn, Kópavogi
Skagaleikflokkurinn, Akranesi
Snúður og snælda, Reykjavík
Stúdentalleikhúsið, Reykjavík
Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri
Umf. Biskupstungna, leikd., Bláskógarbyggð
Umf. Dagrenning, leikd., Lundarreykjadal
Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal
Umf. Gnúpverja, leikdeild
Umf. Hrunamanna, leikdeild
Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri
Umf. Mývetningur, leikdeild, Reykjahlíð
Umf. Reykdæla, Reykholti
Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi
Umf. Stafholtstungna, leikdeild, Norðurárdal
Víkurlaikflokkurinn, Vík í Mýrdal



Einar Rafn Guðrún Halla Hulda Hörður Lárus Gísli B. Gísli E. Sigríður Margrét Guðrún E.

Stjórn BÍL leikárið 2001–2002:

Formaður: Einar Rafn Haraldsson, Egilsstöðum, varaformaður: Guðrún Halla Jónsdóttir, Eyjafirði, ritari: Hulda B. Hákonardóttir, Reykjavík. Meðstjórnendur: Hörður Sigurðarson, Reykjavík og Lárus H. Vilhjálmsson, Mosfellsbæ.

Varastjórn: Gísli B. Gunnarsson, Keflavík, Sigríður Karlsdóttir, Selfossi, Gísli Einarsson, Borgarnesi, Guðrún Esther Árnadóttir, Mosfellsbæ, Margrét Tryggvadóttir, Hvolsvelli.



Vilborg



Sigríður



Ármann



Sturla



Bjarni

Starfsmenn:

Framkvæmdastjóri – Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Ritari skrifstofu til 31.8. '01 – Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Ritari skrifstofu frá 1.9. '01 – Ármann Guðmundsson
Afleysingar á skrifstofu frá 5.1.–7.4. '02 – Sturla Þórisson
Ritstjóri sögu BÍL frá 1.4. '02 – Bjarni Guðmarsson



Gunnhildur



Sigríður



Anna



Þorgeir



Huld

Skólanefnd:

Gunnhildur Sigurðardóttir skólastjóri, Mosfellsbæ
Sigríður Karlsdóttir, Selfossi
Anna Jeppesen, Reykjavík
Þorgeir Tryggvason, Reykjavík
Huld Óskarsdóttir, Reykjavík



Hörður



Lárus



Jón



Þorgeir



Gísli

Vefnefnd:

Hörður Sigurðarson, Reykjavík
Lárus Vilhjálmsson, Mosfellsbæ
Jón Eiríksson, Reykjavík
Þorgeir Tryggvason, Reykjavík
Gísli Einarsson, Borgarnesi

**Dómnefnd vegna NEATA leiklistar-
hátíðarinnar í Svíþjóð 2002:**

Lárus Vilhjálmsson, Mosfellsbæ
Guðrún E. Árnadóttir, Mosfellsbæ
Gísli B. Gunnarsson, Keflavík



Lárus



Guðrún



Gísli



Einar



Sigrún



Þorgeir

Söguritunarnefnd:

Einar Njálsson, Grindavík,
Sigrún Valbergsdóttir, Reykjavík
Þorgeir Tryggvason, Reykjavík



Halla



Lárus



Árni

Samninganefnd við leikstjóra:

Guðrún Halla Jónsdóttir, Eyjafirði
Lárus Vilhjálmsson, Mosfellsbæ
Árni J. Baldvinsson, Reykjavík

Leiklistarskóli

Bandalags íslenskra leikfélaga

Skólinn starfaði frá 2. til 10. júní að Húsabakka í Svarfaðardal. Þar var boðið var upp á 3 námskeið. Að auki hélt skólinn eitt námskeið í febrúar 2002.



Nemendur, kennarar og hluti skólanefndar að Húsabakka í júní 2001

1. Grunnnámskeið fyrir leikstjóra.

Verksvið og ábyrgð leikstjórans – vinnan með leikurunum.

Kennari: Sigrún Valbergsdóttir.

Lýsing á námskeiðinu: Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa einhverja reynslu af starfi í áhugaleikhúsi og vilja auka við þekkingu sína með það fyrir augum að spreyta sig í leikstjórn. Í fyrirlestri og umræðum verður farið fræðilega í gegnum ferli uppsetningar í leikhúsi. Greiningarvinnu verður gerð sérstök skil. Þá verður farið í gegnum undirbúningsvinnu leikstjórans og staldrað við hina ýmsu verkþætti sem hann ber ábyrgð á og tekur endanlega afstöðu til, svo sem leikmyndavinnu, búningagerð, leikmunagerð, hönnun lýsingar, hárgreiðslu, förðun, leikskrá o.s.frv. Einnig undirbúning og skipulag frá degi til dags.

Meginhluti námskeiðsins er verklegur. Þar verður sjónum beint að nokkrum grundvallaratriðum í vinnunni með leikurunum. Þar verður unnið með leikrit og senur sem þátttakendur verða búnir að kynna sér fyrirfram. Við skoðum t.d. persónugreiningu, vendipunkta, fókus o.fl. Einnig verður unnið með spuna sem aðferð til undirbúnings við val á leikurum og til að leita leiða á lausnum og útfærslu.



Nemendur Sigrúnar:

Freyr Hákonarson
Fríða B. Andersen
Guðrún Halla Jónsdóttir
Gunnar Björn Guðmundsson
Halla Rún Tryggvadóttir
Hrund Ólafsdóttir
Hulda Hákonardóttir
Júlíus Júlíusson
Linda María Ásgeirsdóttir
Sesselja Traustadóttir
Sævar Sigurgeirsson
Unnur Guttormsdóttir
Valdimar Másson
Þorgeir Tryggvason

2. Grunnámskeið fyrir leikara

Spuni – List augnabliksins

Kennari: Ásta Arnardóttir.

Lýsing á námskeiðinu:

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur nái valdi á grundvallarþáttum sviðsleiks, styrki tengsl sín við sköpunarkraftinn og öðlist innsýn inn í list augnabliksins. Unnið verður út frá fjórum meginþáttum, þ.e. samfélag – einstaklingur – samspil – saga, og þannig leitast við að skoða hvernig sýning (saga) verður til við samspil persónanna (einstaklinganna) og þess andrúmslofts (samfélags) sem þær skapa.

Samfélag – jarðvegur sköpunar. Forsendur þess að árangur náist er að skapandi andrúmsloft ríki.

Forsendurnar fjórar þjálfaðar: einbeiting, athygli, heiðarleiki og traust. Einstaklingur – að skapa persónu. Hvernig getum við tjáð skynjun okkar?

Hjálpartækin fjögur reynd: líkami, rödd, tilfinning og hugsun. Samspil – listin að gefa og þiggja.

Tengsl mín við manneskju – hlut – umhverfi.

Hvernig mynda ég tengsl?

Tengingarnar fjórar: slökun, hlustun, sakleysi og forvitni. Saga – ávöxtur sköpunar. Eðli sköpunarinnar, SPUNI, rannsakaður. Hvernig mæti ég hinu óþekktu, næsta augnabliki? Eðalsteinar augnabliksins: sköpunargleði, sköpunarkraftur, sköpunarfrelsi.

Nemendur mæta til leiks – allt getur gerst!

Nemendur Ástu:

Ásta Gísladóttir
Bergsveinn Theódórsson
Bjartmar Bergmann
Edda Arinbjarnar
Eva Karlotta Einarsdóttir
Hafðís Hansdóttir
Halldóra S. Guðvarðardóttir
Hildur Kristmundsdóttir
Hjalti Stefán Kristjánsson
Jóannes Egholm
Laufey Egilsdóttir
Ólafur Haraldsson
Ragna Maja Kruse
Rakel Friðriksdóttir
Sigurður Borgar Arnaldsson
Valgerður Arnardóttir



3. Sérnámskeið fyrir leikara

Leikarinn sem skapandi listamaður – tækni, þjálfun og sköpun.

Kennari: Rúnar Guðbrandsson.

Lýsing á námskeiðinu:

Hversu skapandi sem við erum, þá höfum við engan farveg til að beina sköpunarkrafti okkar í – ef okkur skortir tækni.

Fókúsin verður fyrst á hópinn, en færast síðan yfir á einstaklinginn. Áherslan verður fyrst um sinn á formið (tækni) fremur en innihaldið. Þátttakendum verður síðan gert að nýta sér þá tækni sem þeir hafa tileinkað sér á skapandi hátt og verður þá unnið með ýmis konar spunatækni og samsetningar. Áherslan færast þá frá forminu að innihaldinu. Áhersla verður lögð á persónulega og einlæga tjáningu og í því sambandi unnið með æfingar þar sem þátttakendur nota sína eigin reynslu (t.d. minningar) og ímyndunarafli (langanir, vonir, ótta, drauma o.s.frv.) til að skapa leikrænar aðstæður og þróa sögur. Þó oft verði unnið í hópum og þörum verður einstaklingurinn ævinlega í brenni-depli þar sem hann þarf stöðugt að spyrja sjálfan sig: Hvað vil ég segja með list minni? Lykilorð: Útgeislun, nærvera, líkami, rödd, hugsun, tilfinning, rými, tími, þyngd, jafnvægi, mótstaða, flæði, taktur, samræmi, einbeiting, hlustun, samspil, nákvæmni, endurtekning, form, bygging (strúktúr), frásögn, augnablik, orka, öndun, slökun, o.s.frv.

Nemendur Rúnars:

Ármann Guðmundsson
Bjarney Lúðvíksdóttir
Einar Þór Einarsson
Einar Þór Samúelsson
Elísabet Björnsdóttir
Helgi Róbert Þórisson
Hrefna Friðriksdóttir
Huld Óskarsdóttir
Karl Ingólfsson
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Snorri Emilsson
Þóra Bryndís Þórisdóttir
Þórunn Guðmundsdóttir
Þröstur Ólafsson



Frá nemanda

Faðmlagadalurinn

Það var langt liðið á maímánuð. Ég sat myrkuranna á milli yfir verkefnum sem urðu að klárast fyrir mánaðarmót og leit varla upp úr blaðahrúgum og skræðum. Annar júní nálgadist óðum og það skyldi allt til vinna til að komast á níu daga leiklistarnámskeið í Svarfaðardal. Það var langt síðan svona stór gulrót hafði hangið á prikinu mínu.

Fyrir atbeina stjórnenda skólans dreif ég mig í að hringja í fólk af nemendalistanum til að verða mér úti um far frá Akureyri og í Svarfaðardal, en til Akureyrar ætlaði ég að fljúga frá Reykjavík. Viðtökurnar sem ég fékk voru frábærar og gáfu tóninn fyrir það sem koma skyldi.

Þegar við renndum í hlað í skólanum á föstudagskvöldi var það fyrsta sem ég var spurð um, í hvaða leikfélagi ég væri. Ég komst fljótt að því að það væri fremur óalgennt að fólk utan áhugaleikfélaga kæmi í skólann, en við vorum þó að minnsta kosti fjögur að þessu sinni. Það var allavega engin ástaða til að hafa áhyggjur af þessu, því allir voru svo yndislegir og vinalegir að það var ekki nokkur leið að finnast maður skera sig úr í hópnum.

Á námskeiðinu sem ég var á, hjá Rúnari Guðbrandssyni, var mikil áhersla lögð á grunntækni í leiklist. Þetta námskeið var talsvert ólíkt þeim sem ég hef farið á áður og mér fannst það rosalega öflugt. Það opnaði fyrir mér nýjar víddir og gerði mér enn ljósara hve þjálfun í leiklist er góður undirbúningur fyrir lífið sjálft (fyrir utan að vera alveg svakalega skemmtileg). Það var mikið unnið með samspil nemendanna og næmni hvert fyrir öðru og lá við að með tímanum værum við farin að lesa hugsanir hinna og gætum gengið í gegnum hvert annað án þess að rekast á. Þessi þjálfun ásamt því að vera saman í hóp á einangruðum stað, varð til þess að það mynduðust langtum sterkari tengsl á milli fólksins en á venjulegu námskeiði. En við því var að búast. Hinu bjóst ég ekki við, að Svarfaðardalurinn fengi réttilega gælunafnið Faðmlagadalur, og að í hópnum myndi ríkja sú væntumþykja og góðvild sem raun bar vitni. Einhverjum var farið að þykja nóg um vænnina, en fyrir flesta, ef ekki alla hefur dvölin örugglega verið sem besta þerapía og orkuhleðsla fyrir hversdagslífið.

Síðasti dagurinn var erfiður, það virtist óralangt til næsta skólaárs. En þegar þarna var komið sögu, kom ekki annað til greina en að mæta að ári á nýtt námskeið. Það bjargaði deginum algjörlega að heyra að síðla sumars væri atíð hist á ný, einhversstaðar á landinu. Í stuttu máli var þetta frábært námskeið, æðislegur kennari, yndislegar skólastýrur og geðveikt skemmtilegir samnemendur.

Ég þakka fyrir mig!!!
Þóra Bryndís Þórisdóttir

4. Leikhúsförðun fyrir byrjendur

Haldið dagana 16. og 17. febrúar 2002 í

Þjónustumiðstöðinni að Laugavegi 96.

Kennari var Gréta Boða og nemendur voru 12.

Lýsing á námskeiðinu:

Grunnförðun í leikhúsi, val á litum og efnisnotkun, hreinsun og umgengni er efni þessa námskeiðs.

Kennslan er fræðileg og verkleg, nemendur yfirvinna feimnina við líti og efni með því að farða hvorir aðra undir leiðsögn kennarans.

Unnið verður með förðunarvörur frá Kryolan og Grimmas.

Reynslu er ekki krafist, áhugi og forvitni er nóg!



Nemendur Grétu:

Ásta Hermannsdóttir

Björnfríður Fanney Þórðardóttir

Brynhildur Guðmundsdóttir

Elsa Dóra Grétarsdóttir

Guðný Lára Gunnarsdóttir

Hafdís Hansdóttir

Helga Dóra Helgadóttir

Kolbrún Einarsdóttir

Kristinn Guðmundsson

Lora Einarsdóttir

María Óskarsdóttir

Sólveig Sigríður Hannam



Gréta og hluti þátttakenda á förðunarnámskeiðinu.

Málþing

Leikstjórn í áhugaleikhúsi

Haldið í Félagshemili Kópavogs laugardaginn 29. september 2001. Þinginu stýrði Einar Rafn Haraldsson, formaður Bandalagsins. Frummælendur voru Rúnar Guðbrandsson, leikstjóri, Guðjón Sigvaldason, leikstjóri, Þorgeir Tryggvason, áhugaleikhúismaður og Vigdís Jakobsdóttir, tilnefnd af Félagi leikstjóra á Íslandi.

Erindi Rúnars Guðbrandssonar

Eiga áhuga- og atvinnuleikhúsfólk samleið?

Ég varð dálítið hissa þegar Vilborg bað mig um að vera með framsögu á þessu málþingi þar sem ég hef verið búsettur erlendis undanfarin ár. Mér fannst ég vera kominn svolítið úr tengslum við íslenskt áhugaleikhús, væri svona „yesterdays news“ þar sem hlutirnir breytast sífellt og tíminn líður hratt á gervihnattaöld. Ég vissi ekki alveg hversu mikið ég væri inni í málunum en ákvað samt að koma og hugsa aðeins upphátt um samspil áhugaleikhússins og atvinnuleikhússins þar sem mér hefur alltaf þótt áhugavert að skoða það frá ýmsum hliðum.

Ef maður byrjar á byrjuninni, skoðar þessi orð áhugaleikhús og atvinnuleikhús eða „áhugamennska“ og „atvinnumennska“ þá finnst mér „áhugamennska“ fallegra orð. Það er jákvætt orð, felur í sér að fólk hafi áhuga á því sem það er að gera. Maður verður bara að vona að þeir sem stunda „atvinnumennsku“ hafi líka áhuga á því sem þeir eru að gera. Sem er nú stundum, ef ekki oftast.

En svo notum við stundum önnur orð sem við fáum að láni úr útlensku, tölum um „professionalisma“ og „amateurisma“ og þau eru merkingarhlaðin á svolítið annan hátt. Við notum þau stundum eins og lýsingarorð og tölum um að einhver sé meira „professional“ en annar. Svo notum við „amateur“ í niðrandi merkingu, segjum að einhver sé bölvaður amatör. Þá er það spurningin, hvar liggja þessi skil, hvenær er einhver „professional“ og hvenær er hann „amateur“?

Hér á Íslandi eru þetta nokkuð hreinar línar. Ég held að flestir séu sammála um þá skilgreiningu á þessu fyrirbæri að atvinnumaður sé sá sem hefur aðalstarf sitt af að fást við leiklist og tekur þar af leiðandi laun fyrir. Til þess að geta gert það, þarf viðkomandi að hafa tilskilin réttindi sem hann yfirleitt fær með því að ljúka ákveðnu námi í viðurkenndum skólum og getur þar með gengið í stéttarfélag leikhúslistamanna, Leikstjórafélagið eða Leikarafélagið. Þar með er hann

orðinn atvinnumaður í íslensku samhengi. Þarna eru reyndar undantekningar á, fólk getur náð sér í þessi réttindi eftir öðrum leiðum en þetta er meginreglan. Víða erlendis er þessu öðruvísi háttað, þar eru þessi skil ekki eins skýr. Við vitum það öll hér að atvinnumennska í



íslensku leikhúsi er mjög ungt fyrirbæri, hefur aðeins verið stunduð í 50 ár. Hins vegar er saga leiklistarinnar miklu lengri. Hvort sem við viljum fara að ímynda okkur einskonar leiklist hér á Þjóðveldisöld eins og ýmislegt bendir nú til að hafi verið, þá slitnaði alltént samhengið. Það má segja að það sé samfella allavega síðastliðnar tvær aldir og það er náttúrulega áhugaleikhús. Þannig að öll eigum við rætur í áhugaleikhúsinu.

Það er með stofnun Þjóðleikhússins 1950 sem að atvinnumennska verður til hér á landi. Það er svolítið merkilegt að sama ár er Bandalag íslenskra leikfélaga stofnað. Þá er eins og búinn sé til einhver veggur sem skilur þessa tvo hópa að, áhugaleikara annars vegar og atvinnuleikara hins vegar. Það voru reyndar atvinnumenn, Ævar Kvaran og fleiri, sem höfðu frumkvæði að stofnun Bandalagsins. Ævar hefur sagt frá því að þegar hann kom heim frá námi 1947 fór hann að vinna hjá áhugaleikfélögunum og stóð síðan ásamt Lárusi Sigubjörnssyni og fleirum að stofnun Bandalagsins. Hann talar um að honum hafi fundist hann vera að gjalda skuld. Hann þekkti sinn uppruna og uppruna atvinnumennskunnar í landinu og fannst skylda sín að styðja við áhugaleikfélögin í landinu.

Fyrsta verk hans eftir stofnun samtakanna var einmitt að standa fyrir námskeiði fyrir leikstjóraefni. Á það komu 16 leikstjóraefni, víðsvegar að af landinu og Þjóðleikhúsið lagði til húsnæði. Þarna er það greinilega ekki orðið þannig að atvinnumenn sjái um

leikstjórn í áhugaleikfélögum. Ég er ekki alveg nógu kunnugur því hvenær sú hefð kemst á en við vitum að Ævar hélt fleiri svona námskeið fyrir leikstjóra úr röðum áhugaleikara og tók síðan saman efni sem hann notaði á þessum námskeiðum og gaf út í bókinni „Á leiksviði“ árið 1966.

Ég hef stundum skoðað þessa bók og hún er náttúrulega barn síns tíma. Þetta er sama ár og sjónvarpið hefur útsendingar og það er gaman að skoða þessa hluti í sögulegu og samfélagslegu samhengi. Hugmyndafræði bókarinnar „Á leiksviði“ er mjög augljós. Það er gengið alveg út frá því að vettvangur áhugaleikfélaganna sé að setja upp leikrit, íslenskt eða erlent, og gera það með tiltölulega hefðbundnum hætti, taka í það ca. 6 vikur, byrja með samlestri og enda með frumsýningu. Það er ekkert annað til umræðu í þessari bók.

En tímarnir breytast og einhverntímann kemst á þessi hefð að áhugaleikfélögin fara að fá atvinnuleikstjóra til að setja upp sýningar. Þá fer eitthvað batterí af stað, samningar eru gerðir, ríki og sveitarfélög koma inn í og fjárveiting er miðuð við leikstjóraalaun.

Áhugaleiklist á Íslandi hefur birst mér með ýmsum hætti á þeim langa tíma sem ég hef verið á sveimi. Ég hef komið þrisvar með ákveðnu millibili að áhugaleikstarfi á Íslandi, fyrst í kringum 1980, svo um 1990 og er ég núna aftur við þessi árbúsundaskipti að koma að þessu í þriðja sinn. Í millitíðinni hef ég verið oft erlendis eða verið að sinna öðrum störfum og mér finnst alveg ótrúlega margt hafa gerst.

Ég var nýkominn frá námi þegar mér bauðst að fara austur á firði og setja upp leiksýningu. Þá lá allt ljóst fyrir, það voru ákveðnir samningar í gildi, ég átti að fá ákveðin laun, vinna í sex vikur, fjóra tíma á dag og gera sýningu úr nýju íslensku leikriti. Það voru sjö hlutverk í þessu leikriti ef ég man rétt, þar af fjögur nokkuð stór, og fyrsta vandamálið sem ég rek mig á þegar ég kem í bæinn er að það eru engir leikarar. Þetta er áhugaleikfélag og það er enginn áhugi á að leika! Ég er kominn hingað, á fullu kaupi og það eru engir leikarar.

Þá byrjar þessi prósess að rúnta um bæinn og reyna að tala fólk á að vera með. Sérstaklega vantaði konu í burðarhlutverk. Það var drukkið mikið kaffi og fullt af fólk heimsótt og loks tókst okkur að tæla einhverja konu til að vera með þótt hún hefði aldrei áður leikið og væri frekar skelfingu lostin yfir þessu öllu saman. En það voru í þessum hópi tveir ungir, mjög áhugasamir leikarar. Svo var þarna gamall formaður sem, jú, ætlaði að vera með af því að það þurfti að setja upp sýningu og svona. Þetta kom mér allt mjög spáskt fyrir sjónir.

Svo förum við af stað og öllum finnst ofslega gaman

og við frumsýnum fyrir stútfullu húsi af þrúðbúnu fólki. Það er önnur sýning og aftur er stútfullt hús og ég var í bænum þegar þriðja sýningin var og enn var stútfullt hús. Svo fór ég og frétti af því að sýningin gekk og gekk og áhorfendatalan varð hærri en íbúafjöldi bæjarins þannig að fólk kom úr öðrum byggðalögum að sjá þetta og síðan var farið í leikferð. Þannig að þarna var áhuginn allur hjá áhorfendum, ekki leikurunum!

Þetta endurspeglar kannski hlutverk áhugaleikfélagsins upp úr miðri síðustu öld samkvæmt bók Ævars, að þetta er einhver samfélagsleg skylda. Það er einhver hefð fyrir því í hinum dreifðu byggðum landsins að sett sé upp leikrit. Í dag væri sagt „markaðurinn vill þetta, markaðurinn öskrar á þetta“. Fullt af fólk var tilbúið að koma og sjá sýningarnar en ég átti eftir að upplifa þetta aftur þegar ég fór út á land að leikstýra á næstu árum, það voru eiginlega alltaf þessi byrjunarvandráði að finna leikara, til að manna sýninguna. Áhorfendur létu hins vegar ekki á sér standa.

Ég kem inn á þetta vegna þess að ég ætla ræða um almennt samfélagslegt, menningarlegt og uppeldislegt hlutverk áhugaleikfélaganna og „til hvers áhugaleikhús?“ og allt það.

Því svo hverf ég brott til annarra starfa en á árunum kringum 1990 vann ég aftur með áhugaleikhóp. Sá hét Leiksmiðja Reykjavíkur og starfaði í Reykjavík. Þar voru formerkin allt önnur. Þar var áhuginn slíkur að ég fékk varla svefnfrið, þetta fólk vildi vera að alla daga og nætur. Það skipti engu máli hvort verið var að setja upp sýningu eða ekki, það var verið að þjálfra og æfa. Það voru raddþjálfun og líkamspjálfun og spunapjálfun, áhuginn alveg yfirþyrmandi hjá þátttakendum. Áhorfendur héldu sig hins vegar víðs fjarri. Það var ekki „markaður“ fyrir þetta nema í afar litlum mæli. Þessi hópur byggði fyrst og fremst á því að þátttakendur höfðu áhuga á að stunda leiklist og lögðu sig eftir því.

Þá fór ég að reka mig á ýmis vandamál varðandi samninga og því um líkt því þessi vinna var mjög óhefðbundin. Hún féll ekki inn í þann ramma að taka eitthvað leikrit og setja það upp, heldur var verið að skapa sýningar, vinna með spuna og það passaði mjög illa inn í rammann. Það var reynt að verðleggja þessa vinnu og það má segja að ég hafi farið þarna í hlutverk áhugamannsins og við unnum þetta meira og minna án peninga. Það þurfti svolítið að kompramera til að finna leiðir til að fá einhverstaðar framlag, það þurfti að skilgreina námskeiðið, búa til stundatöflur og tímatöflur sem var hið besta mál því það þarf nefnilega að gera. Að hafa þessa hluti á hreinu þannig að einhverjar stofnanir og stéttarfélög verði ekki dragbítur á sköpunina og þá þörf sem er fyrir hendi.

Á þessum tíma áttaði ég mig á að áherslurnar í áhugaleikhúsinu höfðu greinilega breyst mjög mikið, í Reykjavík hafði leikfélögum skotið upp eins og gorkúlum, Hugleik, Leyndum draumum, Snúð og Snældu o.s.frv. Það var allt í einu komið fullt af áhugaleikfélögum hér á Suðvesturhorninu og það var bara í samræmi við alla byggðaðþróun í landinu.

Ég hvarf aftur á brott og 10 árum síðar kem ég að þessu á ný með þeim hætti að á síðasta ári tók ég að mér að kenna í Leiklistarskóla Bandalagsins. Allt í einu er kominn skóli og fullt af nemendum. Það var ákaflega ánægjulegt en það sem er mér minnstæðast var þegar okkur var boðið til Dalvíkur að sjá leiksýningu hjá Leikfélagi Dalvíkur. Þetta var einmitt sýning sem var að öllu leyti áhugasýning. Þar voru áhugamenn úr bænum sem höfðu skrifað verkið, leikstýrðu og léku í því, það komu engir atvinnumenn nálægt vinnunni. Og ég sat úti í sal og skemmti mér konunglega, þetta var mjög athyglisverð sýning fyrir margra hluta sakir.

En ef ég set upp gleraugu fagmannsins og horfi á hana er ákaflega auðvelt að standa upp og benda á ótal atriði sem betur hefðu mátt fara út frá ströngu, faglegu sjónarmiði. Það voru t.d. mjög augljósar brotalamir í sjálfu handritinu, verkið var rosalega doppótt og skrýtið og margir útúrdúrar sem hefði mátt laga strax. Góður fagmaður hefði getað bent á hina Aristótelesku hefð og þannig hefði mátt laga margt. Eins hefði mátt taka á mörgu í sambandi við leikstjórnina, það voru margir ólíkir leikstílar í gangi, þótt það hafi ekki verið ætlunin, og allt sem laut að útliti sýningarinnar, hárkollur, gervi, búningar alltsaman.

Ef við setjum nú ímyndaða tilraun af stað; þessi sýning hefði fengið svona „treatment“ eins og tíðkast gjarnan erlendis þegar verið er að prufukeyra verk. Ef við hefðum sett þetta í vinnslu og það hefði verið fenginn einhver dramatúrgur og einhver leikstjóri sem hefði tekið handritið og unnið heilmikið í því og sett þetta aftur í hendurnar á höfundum o.s.frv., o.s.frv. þá erum við komin með svona „well written play“. Svo hefði komið atvinnuleikstjóri og farið að leikstýra og eftir þessa meðferð hefði örugglega verið búið að fækka karakterum það mikið að það hefði verið úr miklu fleiri leikurum að velja í hvert hlutverk og sýningunni eflaust verið breytt að talsverðu leyti. Það hefðu kannski komið einhverjir fagmenn að með ráðgjöf varðandi leikmynd og búninga og allt slíkt.

En þá spyrjum við: hvað hefði þetta gert fyrir þessa sýningu? Það hefði sennilega bara steindrepið hana. Gengið frá henni. Vegna þess að drifkrafturinn í þessari sýningu var akkúrat þessi óskilgreindi frumkraftur sem þarna óð um allt. Og þá kemur spurningin: er yfirleitt einhver áhugi fyrir fagmönnum í áhugaleikhúsinu? Koma þeir ekki bara til að hafna og eyðileggja?

Þetta segi ég nú kannski bara til að stuða samkomuna þínulítið því ég er nú á því að við eigum samleið. Við getum tekið fleiri dæmi um það. Ég var að ræða við gamlan kunningja minn úr áhugaleikfélagi hérna áðan um sýningu sem við gerðum forðum og um það að stundum hafa verk verið frumflutt hjá áhugaleikfélögum úti á landi og síðan hafa atvinnuleikhúsin reynt að taka þau upp hér. Oftar en ekki hefur þetta alls ekki virkað hjá þeim vegna þess að það eru svo misjafnar og ólíkar forsendur fyrir því af hverju fólk er að búa til leikhús, fyrir hverja og til hvers.

Ég held að við verðum að taka tillit til þess, bæði við atvinnumennirnir og áhugaleikfélögin, hve flóran er orðin litrík. Það eru áhugaleikfélög sem eru svo gjörólík með svo mismunandi markmið og þarfir að það getur verið flókið að finna réttar leiðir. Hver hópur þarf að skilgreina sín markmið og við fagmennirnir að leita leiða til að koma til móts við þessi ólíku markmið.

Þegar kemur að kjarasamningum hefur það stundum farið í taugarnar á mér hvað þeir bera lit af einhverri hefð sem var til staðar um það leyti sem Ævar skrifaði bókina góðu. Það er ekki gert ráð fyrir annarskonar samspili en að það komi einhver leikstjóri og leikstýri.

Nú hefur það færst mjög í aukana að áhugaleikfélögin séu að semja sjálf. Að meðlimir þeirra séu að skrifa. Þarna er helsti vaxtarbroddurinn í íslenskri leikritun, hann er í áhugaleikfélögunum. Þarna koma fram ný verk, ýmist unnin af einstaklingum innan félagsins eða í hópvinnu og það er óskaplega þakklátt vegna þess að ungt fólk í dag vill aðallega skrifa fyrir kvikmyndir. Það þarf að rækta upp höfunda. Þá er það spurning hvort að aðrir fagmenn en leikstjórar geta komið þarna að, t.d. dramatúrgar? Er hægt að finna eitthvað annað form til þess að styðja við það?

Svo tel ég líka að hægt sé að koma á ýmskonar samstarfi, hvort sem það er við dramatúruga, rithöfunda, leikmyndahönnuði, búningahönnuði, ljósahönnuði og jafnvel leikara. Fyrir slíku eru fordæmi eins og þegar Gunnar Eyjólfsson, þá stórstjarna í Þjóðleikhúsinu, skelli sér norður og lék gestaleik með Leikfélagi Húsavíkur 1976 eða 7. Lék þar Pétur Gaut í leikstjórn heimamanns, Sigurðar Hallmarsson.

Kannski vantar leikara í dag svolítið af auðmýktinni sem Ævar Kvaran hafði, þakkarskuldina við söguna og tengslin við upprunann. Kannski er þessi afstaða sem liggur í notkun orðanna „professional“ og „amateur“ bara ákveðinn hroki. Leikurum með stimpil frá skóla þykir það kannski eitthvað niðurlægjandi að leika með áhugafólki? Mér finnst það afar vitlaus afstaða.

Ég held nefnilega að málið sé að þessi múr sem var

reistur á milli áhugafólks og atvinnumanna um miðja síðustu öld geti verið svolítið hættulegur. Mín skoðun er að báðir aðilar geti notið góðs af hvor öðrum. Sagan hefur bara sýnt okkur það. Atvinnuleikhúsið er t.d. sprottið upp úr áhugaleikhúsi og í áhugaleikhúsinu gerist margt sem ekki er pláss fyrir í þeim þrönga heimi sem við atvinnumennirnir vinnum oft í. Ég held að í öllum okkar þreifingum um samstarf og samvinnu þurfum við að vera opin í sambandi við samninga, því auðvitað verður að launa þessu fólki. Fólki eins og mér, sem hef eytt milljónum í að mennta mig og verð auðvitað að fá laun fyrir mína vinnu.

Við verðum bara að passa okkur á að þetta gamalgróna form verði ekki dragbítur á þróun. Það setji höft og bindi áhugaleikfélögin í einhverjum hefðum sem verða rúttina því að það er ekki hægt að fá neitt fjármagn til neins annars en að ráða leikstjóra til að setja upp sýningu. Það þurfa að vera fleiri leiðir og fleiri möguleikar á samningum fyrir alls kyns námskeiðahald og kannski tilraunavinnu þannig að leikstjórar og aðrir atvinnumenn geti komið að þessu starfi líka með öðrum hætti.

Þarna held ég ábyrgðin liggi hjá báðum aðilum. Áhugaleikfélögin þurfa að vera dugleg að skilgreina sjálf sig. Hvert er markmiðið og tilgangurinn? Hvað er hver hópur fyrir sig að gera? Hvernig vill hann þá hugsanlega nýta sér fagmenn? Eins verðum við fagmennirnir að koma til móts við þessar þarfir.

Ég lýk máli mínu með því að vitna í Mao formann: „Að lofa hundrað blómum að spretta“. Áherslan á að vera á að finna farveg fyrir uppbyggilegt og skapandi flæði á milli þessara tveggja hópa. Samningabrölt verður oft svo þungt í öfum og mér finnst sagan hafa sýnt okkur það að stofnanir, stéttarfélög og annað hafa oft með þyngslum sem fylgja samningum staðið í vegi fyrir lifandi og skemmtilegri þróun. En auðvitað þurfum við að semja vel, fólk þarf að fá launin sín, þetta snýst ekki um það en bara... lofa hundrað blómum að spretta!

* Rúnar flutti framsöguna blaðlaust og er hún skrifuð upp eftir hljóðritun og líflega stytt og snyrt.

Erindi Guðjóns Sigvaldasonar

Ég var beðinn um að halda þetta erindi hérna vegna þess að ég er alltaf með kjaftinn uppi, hef skoðanir á öllu, er alltaf að skipta mér af. Stundum hafa skoðanir mínar vakið þirring, jafnvel reiði. Ég hef t.d. heyrt að ákveðið leikfélag á landinu hafi gefið út skotveiðileyfi á mig. So!

Við búum við tjáningarfrelsi og þegar ég læt skoðanir

mínar í ljósi eru þær ekki endilega réttar né réttmætar, þetta eru mínar skoðanir og ég skammast mín ekkert fyrir þær, enda hefur markmiðið hjá mér ævinlega verið að að reyna að bæta leiklistarstarfsemi í landinu.



Við megum vera stolt af leiklistinni í landinu, við erum öll sprottin úr áhugahreyfingunni á einn eða annan máta. Við værum ekki að þessu ef við hefðum ekki áhuga á leiklist, jafnvel haldin ástríðu sem oft kemur okkur áfram í það að verða atvinnumenn í þessu fagi. Við þurfum öll að hafa metnað til að bera gagnvart hverju því verkefni sem við störfum að. Það á ekki að skipta máli um hvernig sýningu er að ræða, ef allir leggjast á eitt með að gera sitt besta gerast oftast kraftaverk.

– Gera áhugaleikfélögin nægilegar listrænar kröfur til leikstjóranna?

Áhugaleikfélögin í landinu eru fjölmörg, gerólík og byggja á mismunandi grunni reynslu og hefða í hverju leikfélagi fyrir sig. Því er ekki alltaf réttmætt að bera saman verkefnaval á milli félaganna. Það er ekki það sama fyrir leikfélag Rangæinga og leikfélag Fljótaldshéraðs að setja upp Kardimommubæinn. Það er heldur ekki það sama fyrir Leikfélag Sauðarkróks og Leikfélag Hveragerðis og Leikfélag Kópavogs eða önnur leikfélög. Því þegar leikhópur kemur saman með ákveðið verk í huga er hópurinn kominn með kröfur, kröfur til sjálfs sín, kröfur til leikstjórans... en þá vaknar sú spurning, hvað eru nægilegar listrænar kröfur? Eru nægilegar listrænar kröfur að leikstjórinn sé bara búinn að lesa handritið? Að leikstjórinn sé komin með hugmynd að útfærslu verksins? Að leikstjórinn sé mættur á staðinn?

Ég hef starfað með fjölmörgum mimunandi leikfélögum, sem gert hafa mismunandi listrænar kröfur til mín, í allflestum tilvikanna hefur samstarfið enda verið farsælt. Ég veit hvaða listrænu krafna ég óska eftir, og oftast nær helst það í hendur við þær listrænu kröfur sem ég geri til sjálfs mín.

– Gera leikstjórar nægilegar listrænar kröfur til leikfélaganna?

Við vitum að leikfélögin í landinu eru í mismunandi stakk búin til að takast á við uppsetningu leiksýningar. Hvaða húsakost hafa þau, hvernig er mannskapurinn samansettur? Eiga þau ljósabúnað,

búningasafn o.s.frv. Það er heldur ekki sama hjá hvaða leikfélagi leikstjóri er að fara að setja upp. Er leikstjórinn að leikstýra þarna í fyrsta skipti eða hefur hann verið þar áður og þekkir til? Því betri upplýsingar sem leikfélag getur gefið leikstjóra áður en hann kemur til starfa hjá leikfélaginu því meiri og betri listrænar kröfur getur leikstjórinn gert til félagsins. Því fyrr sem leikfélögin ráða leikstjóran því betur getur hann kynnt sér félagið og komið fram með listrænar kröfur til verkefnisins sem hann er að taka að sér.

Þetta á ekki bara við áhugaleikfélögin, því það er enginn munur á hvernig er leikstýrt í áhugaleikhúsi og atvinnuleikhúsi. Við þurfum bara öll að vera með kröfur. En aftur: hvað eru nægilegar listrænar kröfur? Er nægilegt að krefjast þess að leikfélagið hafi haldið undirbúningsfund með félagsmönnum og kannað áhuga félagsmanna? Er nægilegt að leikfélagið sé búíð að finna sýningarhúsnæði? Er nægilegt að það sé búíð að ljósrita handritin þegar leikstjóri mætir á fyrsta samlestur? Er nægilegt að hugsa „æ, hann hefur verið hér áður, hann reddar þessu“?

Ég hef verið svo heppinn persónulega að vinna oft hjá sömu leikfélögunum, þannig að við höfum lært inn á hvert annað og því höfum við getað aukið listrænu kröfurnar, því mín skoðun er að listrænar kröfur eru aldrei nægar, við getum alltaf gert betur.

– Er pláss fyrir nýsköpun í samvinnu leikstjóra og áhugaleikfélaga? Það hlýtur að vera pláss fyrir nýsköpun í samvinnu leikstjóra og leikfélaga, en hvað er nýsköpun í leikhúsi? Er nýsköpun að vinna með frumsamið verk sem er í alla staði hefðbundið? Er nýsköpun að takast á við framúrstefnuverk? Er nýsköpun að takast á við eitthvað hefðbundið á óhefðbundinn máta? Er nýsköpun að leikstjóri sem unnið hefur eingöngu með drama setji upp farsa? Er nýsköpun ekki að koma að hverju verki fyrir sig með öpun hugarfari til að gera það besta úr verkefninu?

Samskipti áhugaleikfélaga og leikstjóra þurfa að vera á jákvæðan máta, við megum ekki líta á hvort annað sem óvininn, við störfum við geira þar sem farsælt samstarf allra hlutaðeigandi skapar það kraftaverk sem leiksýning er, hvort sem um er að ræða atvinnumanninn sem gerir ekkert annað eða áhugamanninn sem gerir þetta eftir sína daglegu vinnu. Áhugaleikhús er hross atvinnuleikarans.

Auðvitað getur komið upp ágreiningur, en í hvaða samskiptum gerist það ekki? Er það því ekki okkar að reyna að leysa ágreiningsmál á farsælan máta, læra af þeim og leggja til hliðar, horfa á björtu hliðarnar, taka saman höndum og horfa til framtíðar með það hugarfar að bæta allt leikhús og leikhúslíf í landinu. Ég held við getum öll verið sammála um það að leikfélögin í landinu berjast í bökkinum við að halda

starfsemi sinni áfram, fjárskortur hrjáir flest þeirra. Áhugaleysi stjórnvalda sem og bæjaryfirvalda, halda aftur af þeim, áhugaleysi bæjarbúa og margt fleira kemur til.

Oftast nær heyrir maður að leikfélagið hafi ekki efni á að ráða til sín leikstjóra. Þá kemur stundum til að leikfélögin ráði sér heimaleikstjóra, eða ófaglærðan leikstjóra frá öðru félagi. En það á ekki að skipta máli. Leikstjóri er bara leikstjóri. Ég hef heyrt því fleygt að með því að stofna sinn eigin skóla séu leikfélögin að höggva af sér eigin fót hvað varðar framþróun í áhugaleiklist á landinu. Ég ætla ekki að dæma um það. Persónulega hef ég ekkert á móti því að leikfélög séu með sem flesta og fjölbreyttasta leikstjóra.

Það hefur lengi verið mín skoðun að hér á landi vanti meiri hreyfanleika í leiklistarstéttina. Því það er staðreynd að við eigum áhugaleikara sem standa atvinnuleikurum ekkert að baki. Því ætti þá svo að vera farið að atvinnuleikstjórar séu endilega hæfileikaríkari heldur en margur áhugamaðurinn? Við erum öll frá sömu plántu. Við erum öll að reyna okkar besta. En sundrung stoðar engan, eingöngu með samvinnu og samhug getum við tekist á við að bæta fjárskort og önnur ágreiningsefni, til að skapa metnaðarfullra leikhús, þar sem framþróun er efst á blaði. Finnum okkur sameiginlegar forsendur til leikhúss framtíðarinnar.

Erindi Þorgeirs Tryggvasonar

Leikstjórn í áhugaleikhúsi – Faglegt öryggi eða listrænn metnaður

Þegar ég tók að mér að flytja framsögu á þessu málþingi þurfti ég að byrja á að setja niður fyrir mér hvaðan ég myndi nálgast viðfangsefnið – leikstjórn í áhugaleikhúsi. Ég er nefnilega í þeirri stöðu að horfa á leiklist áhugamanna úr nokkuð mörgum áttum þessi misserin. Átti ég að horfa á leikstjórn út frá nýfenginni reynslu minni sem leikstjóri í áhugaleikhúsi? Eða væri betra að nýta reynslu mína sem leiklistargagnrýnandi til tveggja ára til að gefa einhvers konar yfirlit yfir það sem ég hef séð á þeim tíma? Báðir þessir vinklar væru kannski fróðlegir, en á endanum fannst mér að ég yrði að tala út frá því sjónarhorni sem skiptir mig mestu máli, frá sjónarhóli þátttakanda í áhugaleikhúsi í víðasta skilningi. Frá því ég fékk leiklistarbakteríuna illræmdu í kringum 1985 hef ég staðið á sviði, setið í stjórn leikfélags, skrifað í Leiklistarblaðið og á leiklist.is, sótt námskeið í leik og leikstjórn, skrifað leikrit, samið tónlist, stjórnað höfundasmiðju, setið í varastjórn Bandalags íslenskra leikfélaga og starfað í þjónustumiðstöð samtakanna. Það er sem áhugaleikhúsmaður sem ég mun reyna að átta mig á samlífi leikstjóra og leikhóps á forsendum áhugaleikhússins næstu mínúturnar, með lykilorðin

listrænar kröfur og nýsköpun að leiðarljósi. Reynsla mín sem leikstjóri og gagnrýnandi nýtist síðan auðvitað líka og hefur áhrif á allt sem ég segi.

Á síðasta aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga voru gerðar breytingar á opinberri menningarstefnu þess. Flestar þeirra voru næsta smávægilegar, nokkrar greinar voru felldar niður vegna þess að þær lýstu markmiðum sem samtök áhugaleikhúsfólks litu ekki lengur á sem sín markmið. En ein breytingin var að mínu viti grundvallarbreyting. Svohljóðandi lið var bætt inn í menningarstefnu samtakanna:

- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.

Nú kynni einhvern að undra að slíkt stefnumið hafi til skamms tíma ekki verið meðal þess sem samtök áhugaleikfélaga telja mikilvægt. En staðreyndin er sú að áhugaleikhúsfólk hefur verið einkennilega feimið við að kenna iðju sína við listsköpun, eða leggja listræna mælikvarða á afrakstur vinnu sinnar. Hvers vegna það er svo efni í annað málþing, en sú staðreynd að ofangreindum lið var mótaskvæðalaust bætt inn í menningarstefnu bandalagsins bendir til að kannski sé að verða breyting þar á. Mig grunar að þar spili inn í fjörefnið sem streymt hefur um æðar leikfélaganna með tilkomu Leiklistarskóla Bandalagsins svo og smárra og stórra leiklistarhátíða sem hafa einkennt starfsemi samtakanna undanfarin ár. Þá ber ekki að vanmeta áhrif samkeppninnar um athyglisverðustu áhugaleiksýninguna sem Þjóðleikhúsið stendur fyrir með myndarbrag ár hvert. Einnig gætu menningarrýnar freistast til að tala um endurskilgreiningu listhugtaka á þessum póstmóðern tímum, gott ef ekki gengisfellingu. En það er aftur efni í enn annað kjaftaping, og það sýnu leiðinlegra.

Listrænn metnaður er semsagt opinberlega kominn á dagskrá sem leiðarljós í starfi áhugaleikfélaganna. Það er því athyglisvert að á sama tíma gerast þær raddir háværari sem þykir hafa þykknad upp á himninum yfir leikhúsi áhugamanna. Fyrir utan almenna óáran á borð við sífellt harðari slag um frítíma fólks og auraleysi heyrir sú skoðun að íslensku áhugaleikhúsi stafi mesta hættan af leikstjórum sem ekki eru menntaðir til starfans, leikstjórum sem ekki hafa þekkingu, leikstjórum sem ekki eru fagmenn.

Nú er það staðreynd að samvinna íslensks áhugaleikhúss og leikhússlistamanna úr röðum atvinnufólks er mikil blessun. Eftir að hafa sótt þónokkrar leiklistarhátíðir með þátttöku norræna leikhópa leyfi ég mér að fullyrða að okkar áhugaleikhús spilar ekki í sömu deild og Skandinavía á þessu sviði. Við erum ofar. Við spilum reyndar ekki í sömu úrvalsdeildinni og Eystrasaltsþjóðirnar eða Rússar en þar er þessi samvinna enn þróaðri og almennari.

Það er líka staðreynd að undanfarin ár hefur þeim sýningum sem leikstýrt er af fólki úr okkar röðum stórfjölgad, einkum eftir að Leiklistarskóli Bandalagsins kom til sögunnar. Sífelld fleiri leikfélög hafa innan sinna raða fólk sem treystir sér til að stýra vinnu félaga sinna, að minnsta kosti við viðaminni verkefni, en líka á heilum verkum. Og hin allra síðustu ár hefur jafnvel borið á því að sumir þessara „heimaræktuðu“ leikstjóra eru kallaðir til starfa hjá öðrum félögum. Fáeinir eru á góðri leið með að gera leikstjórn í áhugaleikhúsi að sinni aðalatvinnu. Það er þessi þróun sem sumir telja bliku á lofti, upphafið á hnignunarskeiði, allavega hið versta mál. Fagmennska er einskis metin lengur.



Ég held að þessar áhyggjur séu ástæðulausar og á misskilningi byggðar. Misskilningi á eðli leikstjórnarstarfsins og kannski jafnvel listsköpunar yfirleitt.

Peter Brook heitir maður, nú á áttræðisaldri. Hann er leikstjóri, af lettneskum ættum, fæddur í Englandi og hefur verið búsettur í Frakklandi um árabil, þar sem hann stýrir alþjóðlega samsettum leikhópi sínum. Hann er einn mesti áhrifamaður í vestrænu leikhúsi á tuttugustu öld og sennilega frægastur slíkra áhrifamanna. Eins og næstum því allir helstu leikstjórar Breta á síðari hluta tuttugustu aldarinnar hefur hann enga formlega leikhúsmenntun að baki. Fyrir allnokkru fékk hann bréf frá manni sem dreymdi um að verða leikstjóri og bað um ráð til að láta þennan draum sinn rætast. Í svari sínu segir Brook meðal annars „Leikstjórar tilnefna sig sjálfa. Það er merkingarlaust að tala um atvinnulausan leikstjóra. Þú verður leikstjóri með því að kalla þig leikstjóra og sannfæra síðan aðra um að það sé satt“.

Hvað er fagmennska? Í henni felst að búa yfir þekkingu á viðfangsefni sínu, þekkja aðferðir þess og virða þær reglur sem gilda um það. Fagmaður gerir sér grein fyrir því til hvers er ætlast af honum og mun skila því verki í krafti kunnáttu sinnar og starfsmetnaðar. Tryggir fagmennskan að útkoman verði sómasamleg? Já sennilega, ef aðrar forsendur eru fyrir hendi. En er þetta það sem þarf til að skapa leiklist? Snýst listsköpun um trygga útkomu?

Að mínu viti er betra að líta ekki á leikstjórn sem FAG, heldur STÖÐU. Stöðu eins og forstjóra fyrirtækis eða þjálfara fótboltaliðs. Eins og Brook sagði, að breyttu breytanda: atvinnulaus forstjóri er merkingarleysa. Slíkur maður var eitt sinn forstjóri en er það ekki lengur. Um leið og hann fær nýtt forstjórastarf er hann forstjóri á ný. Og slíkt starf fær hann með því að sannfæra fólk um að hann valdi því. Pípulagningamaður er hinsvegar fagmaður. Hann hættir ekki að vera pípulagningamaður þótt hann fáist við önnur störf. Annar merkur breskur leikstjóri á öldinni sem leið heitir Jonathan Miller. Hann er læknir að mennt. Og hann er læknir, jafnvel þótt hann starfi ekki sem slíkur. Að vera læknir er fag. Að vera leikstjóri, eða þjálfari fótboltaliðs er hins vegar staða. Og líkt og hjá þjálfara fótboltaliðs er markmið leikstjórans ekki að fylgja mótaðri leið að fyrirfram gefinni útkomu heldur að beita öllum ráðum innan gefinna forsendna til að ná árangri. Undir stjórn hins góða þjálfara sigrar liðið. Leikkerfin hjálpa stundum til, en hverjum er ekki sama ef sigur vinnst. Og hvað er líka í húfi ef leikur tapast? Það er nýr á morgun og tapleikurinn kenndi öllum eitthvað, leikmönnum og þjálfara, sem báðir mæta stæltari til leiks á ný.

Leikstjórn er staða. Þekking á leikhúsinu hjálpar einstaklingnum að standa sig í stöðunni. Það gerir líka sköpunarþörf, hugmyndaauðgi, færni í samskiptum, skapandi hugsun, myndræn sýn, textanæmi, vinnusemi, sjálfstæði í skoðunum, ást á leikhúsinu, og listin að gera hæfilegar kröfur til þátttakendanna.

Það að finna rétta manninn til að vinna með leikfélaginu sínu að tilteknu verkefni útheimtir af stjórn þess þekkingu á viðfangsefni sínu og þeim kröfum sem það gerir, tilfinningu fyrir leikhópnum, getu hans og möguleikum og listina að gera hæfilegar kröfur til mannsins í leikstjórastöðunni. Ef hann hefur próf í faginu er það gott. Ef hann hefur reynslu sem leikmaður er það líka gott. Ef hann er ástríðufullur leikhúsmaður er það fínt. Ef hann er allt þetta er það frábært.

En ef hann blæs ekki leikhópnum eldmóði í brjóst, ef hann nær ekki að virkja áhuga og hæfileika leikaranna, ef hann horfir ekki á viðfangsefnið með opnum augum og hlustar eftir því sem það er að segja, þá skiptir prófið, reynslan og ástríðan engu máli. Hann var ekki starfi sínu vaxinn, ekki STÖÐU sinni vaxinn.

Lykilorðin sem okkur voru fengin fyrir þetta málþing voru nýsköpun og listrænar kröfur. Kröfur leikstjóra til leikhópa, og leikhópa til leikstjóra. Ég byrjaði á því að tala um hvernig listrænn metnaður er skyndilega kominn á opinbera dagskrá í áhugleikhúsinu. Og vonandi hef ég fært að því skiljanleg rök að leikstjórnarstarfið er þess eðlis að formlegar fagkröfur eru ekki það mikilvægasta, og því engin ástæða til að

óttast hnignun þótt fleiri og fleiri áhugamenn finni hjá sér þörf til að standa upp, kalla sig leikstjóra og reyna að sannfæra aðra um að svo sé. Ef það mistekst þá er það svosem ekkert einskorðað við áhugamenn, og ekki stór skaði skeður. Forstjórinn er látinn taka pokann sinn og er þar með ekki lengur forstjóri. En ef það tekst og þátttakendur jafnt sem áhorfendur láta heillast er viðkomandi leikstjóri og hananú. Þetta var um listrænar kröfur, og hvernig þær eru ekki fagkröfur.

Gera leikstjórar nægilegar listrænar kröfur til leikfélaganna? Stundum, sumir, sumir ekki, stundum ekki. Það sama gildir um kröfur leikfélaganna til leikstjóranna. Ég hef séð sýningar sem voru verri en ástæða var til. Ég hef líka séð sýningar sem voru betri en hægt var að gera ráð fyrir. En það er miklu auðveldara að setta sig við mislukkaða sýningu þar sem ástríðan blasir við, en vandlega sviðsetta sýningu sem engin leið er að sjá að neinn hafi séð sérstaka þörf fyrir að setja á svið.

En hvað með nýsköpun? Er nýsköpun að finna í íslensku áhugaleikhúsi? Já, það tel ég. Reyndar held ég að hin uggvænlega framsókn óreyndra og menntunarskertra leikstjóra sé eitt dæmi um nýsköpunina. Sveigjanleikinn sem fylgir því að hafa heimamann við stjórnvölinn sem ekki þarf að fæða eða hýsa og jafnvel ekki greiða laun, skapar tilraunafrelsi sem auðvitað er sumstaðar verið að nýta. Gleymum því ekki að sú kynslóð sem núna er ríflega þrítug og er víða að axla ábyrgð í áhugaleikhúsinu er pönk-kynslóðin. Boðskapurinn sem við tókum inn í gegnum skaddaðar hljóðhimnurnar var að allir eigi að tjá sig, kunnátta og færni var sett í aftursætið, eða hent út um gluggan. Eða eins og Einar Örn Benediktsson, hinn laglaus söngvari Purrs Pillnikks og síðar heimsfrægur með Sykurmolunum gargaði: „Málið er ekki hvað þú getur heldur hvað þú gerir“. Auðvitað mun þessi þörf okkar til að gera allt sjálf ekki útrýma einstakri og frábærri samvinnu íslenskra áhugaleikfélaga við leikstjóra úr heimi atvinnumennskunnar. En atvinnumennskan er ekki trygging fyrir list, og það er heldur ekki trygging sem við viljum.

Besta skilgreining á leikhúsi sem ég þekki er annað erindið í þjóðsöng leikfélagsins míns.

Situr einn og segir frá sveitist við að ljúga.

Annar hlustar hrifinn á og hamast við að trúa.

Þú gerist leikstjóri með því að segjast vera leikstjóri og sannfæra síðan aðra um að svo sé. Á sama hátt og leikarinn á allt sitt undir trúnaðartrausti áhorfandans á leikstjórinn allt undir trausti leikhópsins. Ef leikþópurinn þarfnast prófgráðu á leikstjórn til að finna

til þess trausts, þá verður svo að vera. En áhorfandinn horfir á leiksýninguna, sveitist við að trúa og ef það tekst er málið útrætt og vel skipað í stöðuna.

Áhugaleikhúsið þarf ekki forskrift til að fara eftir, ekki leiðarvísi að gefinni niðurstöðu. Við viljum stjórnast af listrænum metnaði og virðingu fyrir leiklistinni. Það sem við krefjumst af leikstjórum er innblástur til að skapa. Hvorki meira né minna.

Erindi Vigdísar Jakobsdóttur

Samherjar í listinni

Áhugaleiklistin er frjór jarðvegur. Jarðvegur sem svo mörg okkar sem kosið hafa að gera leiklistina að ævistarfi eru sprottin úr. Ég á áhugahreyfingunni og Litla leikklúbbum á Ísafirði ótrúlega margt að þakka. Þar kynntist ég maka mínum, þar eignaðist ég marga af mínum bestu vinum, þar kviknaði áhuginn á listinni og það varð aftur til þess að ég fór í háskólanám í leikstjórn og gerði hana að ævistarfi mínu.

Þegar ég kom heim úr námi frá Bretlandi tók áhugahreyfingin mér opnum örmum og varð minn fyrsti vinnuveitandi. Þar fékk ég tækifæri, og hef fengið tækifæri, sem ég hef ekki fengið annarsstaðar. Ég lít í raun þannig á að ég standi í nokkurri skuld við áhugahreyfinguna og vil henni allt hið besta. Ég lít líka á áhugahreyfinguna sem framtíðarstarfsvettvang fyrir mig, samhliða störfum í atvinnuleikhúsi. Sérstaða íslensks áhugaleikhúss hefur einmitt í gegnum tíðina falist í þessum nánun tengslum við atvinnumenskuna. Í öðrum löndum myndi áhugaleiklistin hér teljast „semi-professional“ en ekki „amateur“, og fyrir vikið er standardinn á íslenskri áhugaleiklist hærri en víðast annars staðar. „Við spilum ekki í sömu deild“, eins og Toggi orðaði það hér áðan.

Eitt af því sem hefur aðeins verið rætt innan Leikstjórafélagsins er sú stefna sem hefur borið á undanfarinn áratug eða svo, að áhugafólkið sjálf sjái um leikstjórn sinna verkefna. Eftir mjög lauslega könnun á verkefnum síðustu ára, þá sýnist mér að áhugafólk sjái um uppsetningu meiri hluta þeirra í dag, að dagskrám og styttri verkum þá meðtöldum. Það er auðvitað ekkert nýtt að áhugafólk leikstýri, en nú er það farið að koma að leikstjórn með mun markvissari hætti en áður, og þá sérstaklega með tilkomu skóla Bandalagsins.

Ekkert er eðlilegra en að í áhugaleikfélögum vakni áhugi einstaklinga á að leikstýra. Þannig komst ég sjálf á bragðið. Þess vegna hlýtur það líka að teljast eðlilegt af hálfu Bandalagsins að bregðast við þessum áhuga með námskeiðahaldi og öðrum stuðningi. Í kjölfarið hafa margir hæfileikaríkir áhugaleikstjórar

komið fram. Ég hef séð sýningar sumra þeirra. Þetta er að mínu mati einn mest spennandi vaxtarbroddurinn í áhugaleikhúsinu að leikrituninni frá-talinni.

En nú spyr ég:

Hvaða stefnu vilja áhugaleikfélögin, þið sjálf, taka í leikstjóramálum? Er

vilji fyrir að halda í þessi tengsl við atvinnuleikstjóra með svipuðu sniði og verið hefur eða vilja leikfélögin kannski tengjast stéttinni á nýjan hátt? Og ég spyr eins og Rúnar gerði líka, er jafnvel vilji fyrir að slíta þessu sambandi og gera áhugahreyfinguna óháða atvinnumenskunni? Sálf tel ég þetta geta farið vel saman og á vonandi eftir að gera það um ókomna framtíð, en þetta eru spurningar sem áhugahreyfingin þarf að svara fyrir sjálfa sig áður en lengra er haldið. Þessar spurningar finnast mér á þessu stigi skipta jafnvel meira máli en tal um peninga, eins miklu máli og þeir nú skipta. Fyrst þarf að vita hvert takmarkið er, svo hægt sé að taka stefnuna út frá því.

Ef til vill er það eðlileg þróun, þar sem tími fólks er dýrmætari en áður, að starfsemi áhugaleikfélaga sé í auknum mæli í formi uppsetninga á styttri verkum og dagskrám á kostnað uppsetninga í fullri lengd. Í raun verð ég að segja að mér finnst það alveg ótrúlegt að í nútímasamfélagi skuli enn yfirhöfuð vera hægt að setja upp leikrit í fullri lengd með áhugafólki, og fá það til að mæta á fjögurra klukkustunda langar æfingar, kauplaust, sex sinnum í viku í allt að tvo mánuði.

Eitt hefur mér alltaf þótt skrýtið, kannski vegna þess að ég hef setið beggja vegna borðsins, og það er umræða sem byggist á einhverju „við“ og „þið“ tali þegar kemur að áhugaleikhúsinu og atvinnuleikstjórum. Mér liggur við að segja að þarna eigi sér stað einhver paranoia. Leikstjórar koma fram með rulluna sem Guðjón vitnaði í: „Það er verið að taka frá okkur vinnu og peninga sem við eigum með réttu“ og áhugaleikhóparnir segja á móti: „Þessir leikstjórar koma bara út á land til að sækja peningana sína“. Svona tal er hvorki uppbyggjandi né sanngjarnt. Ég vona að í dag og hér eftir verði litill meira á heildarmyndina. Hvað er áhugaleiklistinni fyrir bestu? Er það ekki hagur beggja að sem flestir hæfir leikstjórar starfi með félögunum? Leikstjórar eru ekki allir góðir, hvorki atvinnumenn né áhugamenn.



Þannig er það bara. Þess vegna er það mikilvægt að boðskipti á milli leikfélaga séu góð og það sé látið spyrjast út þegar einhver reynist vel, alveg eins og þegar einhver reynist illa.

Það hlýtur samt að vera einhver munur þarna á; atvinnuleikstjórum og áhugaleikstjórum. Ég efast ekki um að menntun og reynsla gera góðan leikstjóra betri og vinnubrögðin markvissari. Það þýðir ekki að áhugamaður geri endilega verri sýningu – bara öðruvísi.

Þetta er kjarni málsins og þarna held ég að leikfélögin verði að velja og hafna í hvert skipti sem þau ákveða að fara út í uppfærslu. Hvað viljum við gera núna? Fá til liðs við okkur atvinnumanneskju til að taka af okkur ómakið við að leiða vinnuna, eða njóta þess að gera það sjálf?

Þannig líka þróast félögin og einstaklingar innan félaganna áfram með því að fást við ólík verkefni með ólíku fólki. Ég held að þetta sé fullkomlega eðlileg og jákvæð þróun. Að þarna þrífist hlið við hlið, tvennskonar áhugaleikhús. Alvöru áhugamanna-leikhús og svo „semi-professional“ leikhús (þýðing óskast).

Mér þykir hins vegar miður ef leikfélögin eru farin að þurfa að haga vali á leikstjóra verkefna, ekki eftir vilja eða listrænum metnaði, heldur peningum eingöngu. Ráða sem ódýrastan leikstjóra og gera sem einfaldasta og stysta sýningu, sem nær sem flestum áhorfendum inn vegna þess að það eru ekki til peningar til annars. Þar hafi áhugi eða eldmóður þeirra í félaginu ekkert með að gera hvað er valið. Ég spyr mig, hvers virði er þá að vinna sýningar og hvers virði er vinna þeirra sem að verkinu standa? Aðstandendur fórnar fjölskyldulífi og öllum frí-stundum vikum saman fyrir uppsetninguna og þess vegna er það þyngra en tárur taki ef sú vinna er metnaðarlaus og losaraleg af einhverjum ástæðum. Þetta getur að sjálfsögðu gerst jafnt undir handleiðslu áhuga- og atvinnumanns. Metnaður leikfélags og metnaður leikstjóra verður að fara saman.

Við erum samherjar. Við erum öll leikhúsfólk, hvert á sinn hátt. Það er gaman að vinna með metnaðarfullu leikfélagi, það hef ég svo sannarlega reynt, t.d. í tví-gang hérna í Kópavoginum. Ég veit líka af eigin reynslu sem áhugamanneskja, að það er gaman og gefandi að vinna með leikstjóra sem setur markið hátt og gerir kröfur. Látum ekki umræðuna stjórnast af einhverri vænisýki á báða bóga heldur tökum höndum saman um að styrkja áhugaleiklistina á Íslandi. Og þar er keppikeflið auðvitað, vegna þess að því miður snýst þetta svo mikið um peninga, að berjast sameiginlega fyrir auknu fjármagni inn í þessa listgrein. Ekki sitt í hvoru lagi, heldur saman. Ég hvet Bandalagið eindregið til að halda áfram að fræða og rækta eigin leikstjóra. Alveg eins og leikara,

Ljósahönnuði, leikmyndahönnuði og ég tala nú ekki um leikskáld því þar á sér stað mikil og jákvæð nýsköpun. Ég er persónulega meira en til í samkeppni við hæfa áhugamenn um verkefni. Ég vil bara fá að keppa á jafnréttisgrundvelli; að ástæðan fyrir því að áhugamaðurinn er tekinn fram yfir sé sú að hann er talinn heppilegri kostur í þetta tiltekna verkefni, en ekki einungis að hann kosti minna.

Myndir úr starfinu



Hrefna Friðriksdóttir, Hugleik og Þorsteinn Sigurbergsson, Hornafirði ræðast við



Það hressir Braga kaffið...



Haustfundur

Bandalags íslenskra leikfélaga

haldinn í Félagsheimili Kópavogs dagana 29. og 30. september 2001

Einar Rafn Haraldsson, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Guðrúnu Höllu Jónsdóttur, varaformanni, yrði falin fundarstjórn. Samþykkt.

Fyrst á dagskrá fundarinnis: Starfsáætlun BÍL fyrir leikárið 2001–2002 yfirfarin. Einar Rafn byrjaði:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL.

Hann gengur skv. áætlun og ekkert sérstakt um hann að segja. Starfsmannaskipti urðu á skrifstofunni þann 1. september, en þá lét Sigríður Lára Sigurjónsdóttir af störfum og við tók Ármann Guðmundsson. Fyrirsjáanlegt er að bráðlega þarf að festa kaup á nýrri ljósritunarvél þar sem sú gamla er orðin mjög viðhaldsfræk og léleg.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun.

Eitt og annað smálegt hefur verið gert fyrir fasteignina að Laugavegi 96, m.a. nýir opnanlegir gluggar í handritasal og stigagangur hefur verið málaður.

3. Útgáfa Leiklistarblaðs skv. tillögu stjórnar BÍL.

Ármann Guðmundsson, síðasti ritstjóri gaf stutta skýrslu um hvers vegna ákveðið var að leggja blaðið niður í því formi sem það hefur verið undanfarin 20 ár og gefa þess í stað út ársrit sem n.k. heimild um starfsemi BÍL og aðildarfélög þess ásamt því að nota nýja vefinn á www.leiklist.is sem fréttá- og upplýsingamiðil. Fyrsta ársritið kemur út fljótlega.

4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL samkvæmt fyrirbyggjandi námskeiðaáætlun.

Gunnhildur Sigurðardóttir skólastjóri sagði frá tillögum skólanefndar fyrir sumarið 2002 en þær eru svohljóðandi: Framhald verði á grunnnámskeiðum fyrir leikara og leikstjóra sem byrjuðu sl. sumar og að auki verði eitt sérnámskeið sem enn er ekki ákveðið hvert verður. Skólinn verði á Húsabakka dagana 5. til 13. júní. Gunnhildur sagði frá því að eitt tilboð hefði borist frá Skógaskóla í mat og aðstöðu fyrir skólann en það tilboð hefði verið mun hærra en hingað til hefur verið greitt fyrir Húsabakka. Hún lýsti eftir frjórri umræðu um skólann og framtíð hans, t.d. hvort

fólk álitu að skólinn eigi að standa fyrir námskeiðum fyrir unglunga undir 18 ára aldri.

Umræður hófust á þá leið að ekki var talið æskilegt að hækka skólagjöld, heldur reka skólann með svipuðu sniði og áður með svipuðum nemendafjölda. Vel þótti koma til greina að skólinn skipulegði námskeið fyrir unglunga og fæli síðan einhverjum til þess bærum innan hreyfingarinnar að halda þau í nafni skólans með aðstoð frá skrifstofunni. Þau námskeið mætti t.d. halda í samvinnu leikfélaga í hverjum landsfjórðungi. Eins kom fram að fólk taldi að skólinn ætti að standa fyrir námskeiðum fyrir þá sem vilja leiðbeina unglingum. Fólk vildi almennt að starf skólans verði skipulagt nokkur ár fram í tímann. Hugmyndir komu frá félögum í Leikfélaginu Sýnir um að eldri nemendur skólans ættu fulltrúa í skólanefndinni og að mótaðar verði reglur sem taka á agavandamálum í skólanum, þ.m.t. drykkjuskap. Fleiri tóku undir og bættu við að ítrekaður drykkjuskapur nemenda meðan á námi stendur ætti að vera brottrekstrarsök. Jafnvel þyrfti að skipa aganefnd sem tæki á þessum málum. Einnig var lögð áhersla á að ekki mætti gleyma helgarnámskeiðum í förðun sem haldin hafa verið á skrifstofunni yfir veturinn. Einar Rafn minnti á að við þurfum ekki endilega að gera allt sjálf, fleiri aðilar eru að skipuleggja námskeið í því sama og við, t.d. Opni listaháskólinn. Þorgeir Tryggvason brýndi fyrir fólki að „skólinn“ er ekki fasteign eða hús, hann er lifandi starfsemi hvar svo sem námskeiðin eru haldin hverju sinni, en ýmsir höfðu áður lýst þeirri skoðun að skólinn ætti ávallt að vera í Svarfaðardalnum. Sigríður Karlsdóttir, skólanefndarkona, þakkaði góðar umræður og sagði nefndina fara með allar þessar tillögur með sér á næsta fund sem haldinn verður í lok nóvember n.k.

5. Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, skrifstofu Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.

Einar Rafn tók aftur við og sagði frá hugmyndum stjórnar um að fara á fund fjárlaganefndar og biðja um hækkað framlag til verkefna leikfélaganna en það hefur staðið í 17,2 milljónum nokkur undanfarin ár. Framlagið til skrifstofunnar hækkaði árið 2000 í 5,5 milljónum og er það sama fyrir 2002 skv. tillögum að fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Sérverkefni starfsársins:

1. *Haldinn verði haustfundur á höfuðborgarsvæðinu þar sem annars vegar verði haldið málþing með þátttöku leikstjóra með yfirskriftinni „Leikstjórn í áhugaleikhúsi“ og hins vegar námskeið í stjórnun leikfélaga.*

Er yfirstandandi og málþingið á dagskrá eftir hádegið (laugardaginn 29.09).

2. *Setja í gang vinnu við gagnasöfnun vegna ritunar sögu Bandalagsins, sem gefin verði út í síðasta lagi 2005 skv. tillögum sögunefndar.*

Ritstjóri verksins hefur verið ráðinn. Það er áhugaleikhúsmaðurinn og sagnfræðingurinn Bjarni Guðmarsson, fyrrverandi ritstjóri Leiklistarblaðsins. Vinnan hefst um næstu áramót. Með Bjarna í ritnefnd eru þau Þorgeir Tryggvason, Einar Njálsson og Sigrún Valbergsdóttir.

3. *Koma af stað vinnu við nýja og fullkomna vefsíðu skv. tillögum vefnefndar.*

Hörður Sigurðarson, lénsherra vefsíðunnar www.leiklist.is, sagði frá opnun hennar þann 1. september sl. og kynnti aðsóknartölur frá 5. sept. til 28. sept.:

Einstakir gestir: 1547, meðaltal á dag: 67
Síðuopnanir: 2.–8. sept. 11.636, 9.–15. sept. 12.822, 16.–22. sept. 13.267, 23.–28. sept. 15.581.

Heimsóknir frá 8 löndum. Auk Íslands frá Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Lúxemborg, Danmörku, Bandaríkjunum og Noregi.

Hörður lýsti hugmyndum sínum um almenna notkun fólks á vefnum, skýrði spjallþræði og hvatti fólk til að skiptast á skoðunum þar um allt sem að leiklist lyti. Spunnust af þessum orðum hans fjörugar umræður um hvort nafnlaus gagnrýni ætti rétt á sér eða ekki og voru þar ekki allir sammála.

Hrund Ólafsdóttir, Anna Jórunn Stefánsdóttir og Guðrún Halla voru sammála um að það væri okkur til vansa að birta nafnlausa gagnrýni en öðrum fannst það í lagi svo framfarlega sem hún væri heiðarleg og vel grunduð.

Vilborg lýsti þeirri skoðun sinni að þar sem þetta væri vefurinn okkar allra væri ekki stætt á því að gera þetta að ágreiningsmáli og hafa ætti því alla gagnrýni undir nafni framvegis. Þorgeir lagði til að nöfn og netföng fréttaritara vefsíðunnar verði sýnileg á vefnum.

4. *Haldin verði einþáttungahátíð í tengslun við aðalfund 2002*

Þar sem ekki hafði enn verið ákveðið hvar næsti aðalfundur yrði haldinn var beðið með að ræða hátíðina.

Næsti liður á dagskrá fundarins var Samningur BÍL við Félag leikstjóra á Íslandi.

Árni Baldvinsson, samninganefndarmaður tók til máls. Nefndin hefur fregnað að Félag leikstjóra vilji

fara að ræða samninginn og hefur nefndin því farið í gegnum hann og athugað hvað betur megi fara. Í nefndinni sitja ásamt Árna þau Guðrún Halla Jónsdóttir og Lárus Vilhjálmsson. Árni benti sérstaklega á liði 1.1, 1.2, 6.2 og kafla 9 þar sem fjallað er um leikstjóra sem verktaka.

Þorsteinn Sigurbergsson benti einnig á lið 7.3 og sagði vanta skilgreiningu á hvað sé fullgild teikning. Honum fannst einnig vanta kröfu um að leikstjóri geri kostnaðaráætlun vegna leikmyndar, lýsingar, búninga o.þ.h.

Árni sagði ýmislegt hafa breyst frá því samningurinn var undirritaður, m.a. lög um félagafrelsi og þyrfti því að hafa varann á þegar samningurinn kæmi aftur til umræðu. Hann auglýsti eftir tillögum fundarins að því hverju bæta ætti við nýjan samning, yrði hann gerður. Þorgeir og Einar Rafn lýstu kostum þessa samnings fram yfir þann sem áður gildi og tiltóku þar sérstaklega kafla 7 sem fjallar um verksvið leikstjóra og væri mikið til bóta. Þeir voru sammála um að ef ákvæðið um frítt fæði yrði tekið út þyrftum við að borga fyrir það einhvern veginn öðruvísi. Væri það þess virði? Þráinn Sigvaldason sagði það vera grófa mismunun að félög á landsbyggðinni þyrftu að greiða fæði leikstjóra meðan félögin á höfuðborgarsvæðinu þyrftu þess ekki. Hann spurði hvort fólk væri tilbúið að hækka styrkina til þeirra félaga sem þyrftu að hlýta þessu. Hann gat þess einnig að þegar hans félag væri að leita að leikstjóra þá byrjuðu þeir flestir á að spyrja hvað félagið hefði að bjóða og þegar svarað væri að farið væri eftir samningum BÍL og FLÍ þá heyrðist ekki meira frá þeim.

Hrefna Friðriksdóttir sagði kostnað félaganna við uppsetningar mismikinn og benti á háa húsaleigu félaganna í Reykjavík. Fólk var almennt ekki fylgjandi því að styrkjakerfinu væri breytt til að mæta mismiklum fæðis- og húsnæðiskostnaði félaganna þó einnig kæmi fram í umræðum að það væri vel hægt. Sigríður Karlsdóttir vitnaði í lið 1.2 í samningnum og sagði fráleitt að FLÍ hefði samningsumboð fyrir aðra en sína eigin féлага.

Í lok umræðna bað Guðrún Halla fundarmenn að senda samninganefndinni tillögur sínar að breytingum á samningnum við leikstjóra á netfangið info@leiklist.is.

Guðrún Halla bauð velkomna þá Jón Viðar Jónsson og Ólaf Engilbertsson stjórnarmenn í nýstofnuðum Samtökum um leikminjasafn.

Þeir félagar röktu aðdraganda að stofnun safnsins og fyrirhugaðrar starfsemi þess. Þeir báðu fundarmenn að tilnefna einhvern einn frá hverju leikfélagi sem tæki að sér að vera tengiliður við safnið. Þeir lýstu þeirri skoðun sinni að úti um allt land væru leikminjar að tynast og eyðileggjast og báðu menn að vera á varðbergi gagnvart öllum sögulegum minjum um leiklist í landinu, fyrr og nú.

Verkefnaval leikfélaga, Þorgeir Tryggvason:

Forsendur leikhóps sem er að velja sér verkefni eru margar og mismunandi. Óskastaðan er að velja verk sem hentar öllum viðkomandi í það og það skiptið, leikurum, leikstjóra, aðstoðarfólki og síðast en ekki síst pyngjunni. Stjórnir leikfélaga hafa það hlutverk að lesa leikrit og finna út hvað hentar á hverjum tíma. Mikilvægt er að það sé gert skipulega og þó eitthvert verkið henti ekki í dag geti það hentað næst eða þarnæst. Ráðlegt er að skrifa niður hvað manni finnst um verkin og fletta því upp næst þegar ákveðið er að ráðast í uppsetningu. Þar sem ör skipti eru á fólki í stjórnnum leikfélaga er gott fyrir þá sem koma nýjir að leita ráða hjá þeim sem hafa verið áður, reynsla þeirra getur verið fjársjóður. Eins er hægt að horfa á bíómyndir og leikgera, nauðsynlegt er að lesa allt sem maður kemur höndum yfir um leikrit, gagnrýni og umfjöllum um sýningar annarra og vera yfir höfuð vakinn og sofinn í leitinni að hinu fullkomna verkefni.

Hörður Sigurðarson sagði frá „topp tíu“ listum sem Þorgeir hefur skrifað og sett á vefinn okkar og skoraði jafnframt á Þorgeir að skrifa meira og m.a. óskar hann sérstaklega eftir topp tíu lista yfir leikrit sem hann sjálfur vildi fá að sjá á fjöllum áhuga-leikhúsanna. Lárus sagði frá leikritasafni BÍL sem komið er á vefinn og óskaði eftir því að þeir sem væru að lesa leikrit skrifuðu um þau umsagnir ef þær væru ekki þegar fyrir hendi. Bað hann alla að hjálpað að við að gera þennan mikilvæga gagnabanka sem ítarlegastan.

Erlent samstarf, Einar Rafn Haraldsson:

Hann skýrði hlutverk sitt sem núverandi formaður í Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, og stjórnarmaður í Norður evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA. Sagði frá fundum og leiklistarhátíðum, bæði hér heima og erlendis. Lýsti þeirri skoðun sinni að við Íslendingar værum að verða dálítið aftarlega í gogg-unarröðinni innan þessara samtaka, áhersla stærri þjóðanna væri aðallega á samvinnu til austurs. Hann sagðist ósáttur við þessa stefnu og standa gegn henni af fullum þunga ásamt Færeyingum. Að lokum lýsti hann ítarlega nýafstöðnu heimsþingi og leiklistarhátíð Alþjóðlega áhugaleikhúsráðsins, IATA, og sagði að þar hefðum við átt að eiga sýningu, alla vega ættum við að stefna að því að senda þangað sýningu næst. Þorgeir lofaði erlent samstarf í formi leiklistarhátíða og hvatti sem flesta til að taka þátt.

Önnur mál:

Vilborg Valgarðsdóttir sagði frá ákvörðun sem stjórn BÍL tók á fundi sínum daginn áður, um að fela henni að kaupa nýja ljósritunarvél fyrir skrifstofuna ef hún sæi til þess einhver ráð. Hún sagði fjárhagsstöðuna ekki leyfa þessa framkvæmd nema öll leikfélögin stæðu í skilum með greiðslu á árgjöldum fyrir leikárið 2001–2002 sem fallin væru í gjalddaga. Hún bað þá sem enn ættu eftir að borga að gera það um leið og

þeir kæmu heim.

Hún kynnti fyrir fundinum bókina Félagsmálaspjöll eftir Sigurjón Bjarnason og sagði hana handhægt tæki fyrir stjórnir leikfélaga.

Að endingu bað hún fundarmenn að skrifa á lista nafn eins aðila úr hverju leikfélagi sem verið gæti tengiliður við Samtök um leikminjasafn.

Guðmundur Y. Hraunfjörð lagði til að notuð yrði aðferð Skjás eins við fjáröflun til kaupa á ljósritunarvél, frjáls framlög gætu komið frá aðildarfélögunum eða einstaklingum innan þeirra. Hann gerði Leiklistarskólann að umræðuefni, ræddi kosti hans en sagði einnig erfitt að koma fólki í skólann sem væri í fullri vinnu og óskaði að lokum eftir tækni-námskeiðum. Hann taldi vænlegt að námskeið væru meira haldin heima í héraði eða í landsfjórðungunum.

Ármann Guðmundsson bað fólk að fara að hugsa um næstu leiklistarhátíð sem hann telur yfirvofandi að BÍL standi fyrir áður en mjög langt um líður. Hann hvatti stjórnir leikfélaganna til að ræða þetta mál og koma með tillögur á spjallþráðum vefsins. Lárus Vilhjálmsson benti á að stór leiklistarhátíð þurfi 2–3 ára undirbúningstíma.

Ármann lýsti því einnig yfir að hann og Þorgeir Tryggvason hefðu rétt í þessu ákveðið að standa fyrir tónleikum til styrktar kaupum á nýrri ljósritunarvél. Þeir hyggjast fá fleiri tónlistarmenn innan BÍL til liðs við sig og skulu tónleikarnir haldnir fyrir áramótin næstu.

Salurinn fagnaði þessu framtaki með háværu lófataki.

Sigríður Karlsdóttir benti fólki á að taka sjálf frumkvæði varðandi námskeið heima í héraði, skólanefndin væri öll af vilja gerð að hjálpa til við útvegum leiðbeinenda og skipulagningu slíkra námskeiða.

Guðrún Halla ræddi kynningarmál leikfélaga og lagði áherslu á að leikfélögin sjálf geri ekki nóg til að koma sér á framfæri í fjölmiðlum. Í umræðum kom fram að flestir fjölmiðlar leggi ekki til nægilegt pláss fyrir menninguna í landinu. Okkur er ekki nægur sómi sýndur en kanski er það að sumu leiti okkur sjálfum að kenna.

Jón Jónsson sagðist ósáttur við að fundurinn væri tekinn upp á segulband í stað þess að fundarritari skrifaði niður það sem sagt væri. Hann brýndi fyrir stjórn BÍL að það þyrfti að kynna fundarmönnum svona lagað fyrirfram og taldi þetta jafnvel ólöglegt. Í umræðum kom fram að flestir töldu þetta opinberan fund þar sem vitað væri að fundargerð væri rituð og engin munur á að vinna hana svona.

Gísli B. Gunnarsson minnti á þá ósk forseta Íslands

að honum væri boðið á frumsýningar félaganna. Spurði hvort þetta hefði verið gert og hvort boðið hefði verið þegið. Í umræðu kom fram að forsetanum hefði oft verið boðið og hann hefði oft komið.

Ingimar Davíðsson ræddi leiklistarmenntun í grunnskólum. Hann taldi að allir ættu að hjálpast að við að koma þessu mikilvæga máli í framkvæmd.

Þorgeir bað leikfélög að láta Morgunblaðið vita í tíma af frumsýningum þeim sem þau vilja fá gagnrýnanda til að koma á.

Kristinn Guðmundsson bað fundarmenn að hafa alltaf í huga aðgengi fyrir fatlaða á

fundum og leiksýningum. Hans leikhópur sem samanstendur af fötluðum og ófötluðum hefur oft rekið sig á að erfitt er að koma hjólastólum fyrir og aka þeim um.

Hörður Sigurðarson þakkaði fyrir hönd Leikfélags Kópavogs fundarmönnum fyrir komuna og óskaði þeim góðrar heimkomu.

Guðrún Halla þakkaði fyrir sig og Einar Rafn tók við. Hann þakkaði Leikfélagi Kópavogs fyrir frábærar móttökur, Lárusi og aðstoðarmönnum í eldhúsi fyrir góðan viðurgjörning, starfsfólki skipulagningu og fundarmönnum góða fundarsetu.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson.

Fundir stjórnar

Bandalags íslenskra leikfélaga

*Frá aðalfundi 2001 til aðalfundar 2002.
Fundargerðir ritaði Hulda Hákonardóttir.*

Fundur 6. maí 2001 í Reykholti

Mættir: Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Gísli B. Gunnarsson, Margrét Tryggvadóttir, Sigríður Karlsdóttir, Gísli Einarsson, Guðrún Esther Árnadóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Formaður: Einar Rafn Haraldsson
Varaformaður: Guðrún Halla Jónsdóttir
Ritari: Hulda B. Hákonardóttir
Meðstjórnendur: Hörður Sigurðarson og Lárus H. Vilhjálmsson.

2. Úthlutunarfundur 2001.

Ákveðið að halda hann á skrifstofunni miðvikudaginn 11. júlí n.k. kl.16:00 og ef ekki tekst að ljúka honum sama kvöld, þá verði hægt að funda til hádegis daginn eftir. Ákveðið að biðja félögin um að senda ársskýrslu leikfélags með styrkumsókninni og einnig verði ítrekað að skilyrði fyrir styrkveitingu vegna götuleiksýninga sé að

myndbandsupptaka fylgi umsókn.

Þeir stjórnarmenn sem geta mætt á úthlutunarfundinn eru beðnir að láta skrifstofuna vita hvaða leiksýningar hjá áhugaleikfélögunum þeir hafa séð sl. leikár, það gæti auðveldað úthlutunarstörfin.

3. Haustfundur 2001.

Ákveðið að halda hann helgina 5.–7. október nk. (28.–30. september til vara).

4. Umræður um yfirstaðinn aðalfund.

Flestir á því að hann hafi tekist vel þó kannski mætti skoða hvort sá tími sem ætlaður er í hópstarf sé hæfilega langur, en sumum hafði fundist hann of naumt skammtaður.

5. Þjóðleikhússýningin.

Að venju kom fulltrúi nefndar Þjóðleikhússins og tilkynnti á aðalfundinum hvaða sýning hefði verið valin sú áhugaverðasta og fylgir því ævinlega nokkur spenna að heyra hvað kemur upp úr umslaginu stóra. Nema hvað að þessu sinni höfðu úrslitin „leikið“ frá nefndinni nokkru fyrr, þannig að a.m.k. eitt leikfélaganna vissi hvaða sýning hafði verið valin

og hvers vegna önnur sýning hafði ekki hlotið náð fyrir augum dómnefndar. Stjórn telur þetta ámælisvert og ræðir í því tilliti hvort ekki væri ástæða til að boða Þjóðleikhússtjóra t.d. á stjórnarfund með haustinu til óformlegra viðræðna um þetta og kannski sitthvað fleira.

6. NAR-fundur í Reykjavík 15.–16. júní n.k.
Æskilegt að stjórnarmenn geti hitt fundinn eitthvað og „sósíalíserað“ og jafnvel setið fundinn að vild. Hugmyndin er að geta opnað leiklist.is þann 15. júní, kannski farið í móttöku á Bessastaði og jafnvel farið að sjá áhugaverðustu áhugaleiksýninguna í Þjóðleikhúsinu þessa sömu helgi! Sjáum nú til.

7. Söguritun BÍL.
Ákveðið að biðja Bjarna Guðmarsson að taka að sér ritstjórn verksins. Ennfremur að biðja sögunefndina að meta hvort og hvað hún vill og getur unnið af gagnavinnu áður en hin launaða vinna fer af stað.

8. Aðalfundur 2002.
Ekkert formlegt boð hefur borist en 2–3 möguleikar hafa verið nefndir og mun Vilborg kanna það mál. Fleira ekki gert – fundi slitið.

Fundur 11. júlí 2001 að Laugavegi 96, Reykjavík.

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Gísli B. Gunnarsson, Guðrún Esther Árnadóttir, Margrét Tryggvadóttir, Sigríður Karlsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

1. Fundargerðir síðustu stjórnarfundar og aðalfundar.
Engar athugasemdir voru gerðar.

2. Starfsáætlun leikársins 2001–2002.
Almenn starfsemi:

1) Rekstur þjónustumiðstöðvar.
Allt samkvæmt venju.

2) Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun.
Eignaskiptasamningur fyrir Laugaveg 96 hefur ekki enn verið undirritaður.
Rætt hvort ekki þarf að vera húsfélag skv. lögum. Og ef svo, þá er Vilborgu falið að taka frumkvæði að því að húsfélag verði stofnað. Þetta getur skipt máli varðandi skyldur okkar og réttindi t.d. þegar kemur að því hvernig og undir hvaða starfsemi húsnæðinu er ráðstafað. Ákeðið að Vilborg leiti ráðgjafar hjá lögfræðingi um þessi mál. Einnig ákeðið að hún kanni hvað það kostar að vera í Húseigendafélaginu og ganga í það ef kostnaður er ásættanlegur. Enn dregst að setja varanlegt efni á stiga í sameign (enda ekki svo aðkallandi) og enn er á döfinni að endurbæta eldhús skrifstofunnar.

3) Útgáfa Leiklistarblaðs.
Ákv. að ræða undir liðnum önnur mál a).

4) Starfsemi Leiklistarskóla BÍL.
Umræðan varð stutt og ákv. að gefa þessu málefni góðan tíma á næsta stjórnarfund. Skólinn hefur nú starfað skv. 5 ára plani og tímabært að endurskoða og endurmeta stöðuna á breiðum grundvelli.

5) Framlög úr opinberum sjóðum.
Áfram verður stefnt að því að fá framlag ríkisins til leikfélaganna hækkað úr 17,2 milljónum í 46 milljónir. Nokkuð var rætt um mögulega sjóði sem hægt væri að leita í fyrir leikfélög sem vildu fara í leikferðir vestur til Ameríku.

Sérverkefni starfsársins:

1) Haustfundur 2001.

Rætt um hvers konar námskeið í stjórnun leikfélaga við sjáum fyrir okkur, hvað við teljum að muni koma sér best fyrir leikfélögin og hvaðan við viljum fá leiðbeinanda/leiðbeinendur.

Ákv. að meðlimir stjórnar sjái um námskeiðið og miðli sinni þekkingu og reynslu. Enn fremur var velt upp hugmyndum um hvernig við viljum velja frummælendur á málþingið um leikstjórn í áhugaleikhúsi. Ákv. að Halla og Hulda skipuleggi haustfundinn.

2) Gagnasöfnun – Saga BÍL.

Ekkert sérstakt um það að segja, sögunefndin er starfandi skv. áætlun.

3. Úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins v/leikársins 2000–2001.

Farið yfir styrkumsóknir aðildarfélaganna og tillaga gerð að úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins. Stjórn vill að það komi fram að einstakir stjórnarmeðlimir sitja hjá eða fara af fundi þegar fjallað er um umsóknir frá þeirra eigin leikfélögum. Enn og aftur ber nokkuð á því að umsóknir eru ófullnægjandi bæði hvað varðar skort á upplýsingum á umsóknareyðublaðin og skort á gögnum. Þetta gerir stjórn erfitt fyrir við úthlutunina og mögulega missa einhver leikfélög spón úr aski sínum vegna þessa. Stjórn getur einungis úthlutað styrk þegar fyrir liggur gild umsókn og gögn skv. úthlutunarreglum BÍL.

4. Aðalfundur 2002.

Verið er að skoða boð frá Leikfélagi Seyðisfjarðar.



Hulda Hákonardóttir

5. Önnur mál:

a) Ársrit BÍL 2001, efni og útgáfa. Sigríður Lára gerir grein fyrir þeirri undirbúningsvinnu sem hún hefur unnið og leggur fram drög að innihaldi ársritsins. Hún lýsir eftir aðstoð stjórnarmanna við skrifin og mun kalla fólk til eftir þörfum. Áætluð útgáfa í byrjun september. Stjórn lýsir yfir ánægju með störf Sigríðar Láru.

b) Tækjamál skrifstofunnar. Ljósritunarvélin fer að syngja sitt síðasta vers á skrifstofunni. Vilborg hefur kannað kostnað við endurnýjun og kynnir fyrir stjórn, bæði varðandi möguleg kaup á nýrri vél, kaupleigu og leigu. Ákv. að hún haldi áfram að skoða fleiri tilboð og möguleika og þá einnig í samhengi við þörf skrifstofunnar á tölvubúnaði nú þegar tölvumálin og vefsíðan eru í svo örri þróun.

c) Vefsíðan hin nýja. Liðnum frestað.

d) Starfsmannhald á skrifstofu. Þar sem Sigríður Lára þarf því miður að hætta störfum á skrifstofunni er ljóst að einhver þarf að taka við þeim. Nú þegar hefur einn aðili lýst áhuga sínum, en engu að síður er ákv. að auglýsa stöðuna til að byrja með innan okkar raða, þ.e. aðildarfélagi BÍL. Þessi ákvörðun er tekin í ljósi þess að við teljum það mikilvægan kost að starfsmenn skrifstofunnar séu vel að sér um eðli starfsemi leikfélaganna.

e) Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra. Skv. venju er launaliður ráðningarsamnings til endurskoðunar 1. júlí árlega og er formanni og varaformanni falið að ganga frá þessum lið við framkvæmdastjóra.

f) Leikstjóranám í Klaipeda. Okkur hefur borist ávæningur af því að eini neminn frá Íslandi sem hugðist fara í leikstjóranám til Klaipeda næsta vetur þarf mögulega að hætta við sökum fjárskorts. Einar Rafn ræðir við Leikfélag Fljótsdalsh. varðandi styrk og Lárus athugar hvort námið sé lánshæft hjá LÍN.

g) Erlent samstarf. Einar Rafn fer á IATA þing sem haldið verður í Monaco um næstu mánaðarmót. Hann gefur stutta skýrslu um NAR fundinn sem haldinn var á Egilsstöðum 15.–16. júní sl. og sem hann og Vilborg sátu. Fram komu óskir um betra upplýsingaflæði til stjórnar varðandi erlenda samstarfið.

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Fundur 28.–30. september 2001 í Félagsheimili Kópavogs.

28. september:

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Gísli B.

Gunnarsson, Margrét Tryggvadóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Skipulagning Haustfundar 2001.

Stjórn byrjaði á að yfirfara dagskrá haustfundar:

a) Námskeið í stjórnun leikfélaga: Einar, Hulda, Vilborg og Guðrún Halla gáfu stutt yfirlit yfir innihald fyrirlestra sinna og hugmyndir samræmdar.

b) Dagskrá haustfundar:

Starfsáætlun 2001–2002 yfirfarin og rædd, og hnykk á þeim liðum sem ákveðið hefur verið að fjalla sérstaklega um á fundinum, þ.e. leiklistarskóla BÍL, einþáttungahátíð í tengslum við næsta aðalfund, vefmál, erlent samstarf, samninga við leikstjóra, kynningu á Leikminjasafni.

Gunnhildur Sigurðardóttir mætir á fundinn.

Leiklistarskóli BÍL. Þar sem Gunnhildur mun mæla fyrir umræðum um skólann á haustfundinum fer hún ásamt stjórn yfir hugmyndir sem þegar hafa komið fram varðandi áframhaldandi starfsemi skólans, t.d. um staðsetningu, fjölda og tegund námskeiða, o.fl. *Gunnhildur fer af fundi.*

Ársritið. Drög að ársritinu er dreift á fundinum og fundarmenn beðnir að yfirfara og gera athugasemdir varðandi innihald.

2. NEATA-fundur um barnaleiklistarhátíð.

Ákveðið hefur verið að Gunnar Halldór Gunnarsson frá Leikfélagi Mosfellssveitar, verði fulltrúi BÍL á þeim fundi sem haldinn er um þessa helgi í Svíþjóð þar sem fjallað verður um barnaleiklistarhátíð sem verið er að undirbúa þar í landi. Þetta þótti vel til fallið þar sem Gunnar er einmitt staddur þarna á leiklistarhátíð með barna- og unglíngaleikhóp frá LM.

Fundi frestað til næsta dags.

29. september – framhald stjórnarfundar:

Mættir: Sömu nema Lárus Vilhjálmsson. Sigríður Karlsdóttir mætir á fundinn.

3. Málþingið.

Rætt um hvað það er sem við myndum vilja fá til umræðu á málþinginu, hugmyndum varpað fram.

4. Aðalfundur 2002.

Enn er ekki endanlega frágengið hvar aðalfundurinn verður haldinn en það mun skýrast á næstu 2 vikum.

5. Ljósritunarvél.

Þar sem viðhaldskostnaður er orðinn býsna mikill á ljósritunarvél skrifstofunnar er nokkuð ljóst að það þarf að fjárfesta í nýrri vél og því fyrr því betra. Vilborg kynnir nokkur tilboð sem hún hefur leitað

eftir hjá ýmsum aðilum og þar af líst stjórn best á tilboð frá Kjaran upp á ca. 530 þús. kr. (ef sú gamla er tekin uppí) fyrir vél sem hefur getu til að ljósrita 35 eintök á mínútu (gengur frá og heftar í horn) sem og möguleika á fax- og tölvutengingu. Aukin heldur höfum við áður átt viðskipti við Kjaran sem eru eins og best verður á kosið varðandi alla þjónustu. Ákv. að fela Vilborgu að meta með hliðsjón af fjárhagsstöðunni hvenær unnt verður að ganga frá kaupunum.

Fundi frestað til næsta dags.

*30. september – framhald stjórnarfundar:
Mættir: Sömu auk Lárusar Vilhjálmssonar.*

6. Nýafstaðinn haustfundur yfirfarinn.

Þar sem sjálfum fundinum hafði verið skammtaður afar naumur tími mátti helst að því finna að ekki gafst tækifæri til að hafa t.d. hópvinnu, sem m.a. er góð hvatning til einstakra fundarmanna um að vera virkir og koma hugmyndum sínum á framfæri. Hins vegar voru stjórnarmenn ánægðir með hve þátttaka ungs fólks á haustfundinum var góð.

7. Fjárlaganefnd.

Nú er tími til að arka enn og aftur á fund fjárlaganefndar Alþingis til að fá hækkaða styrki. Ákv. að panta fund sem fyrst og leggja nú sérstaka áherslu á mikilvægi þess að fá hækkaða styrki vegna leikstjóra launa. Þar sem þetta er að öllum líkindum sameiginlegt hagsmunamál okkar og FLÍ væri jafnvel hugmynd að það kæmi samhljóða beiðni frá báðum aðilum. Ákv. að skrifstofan athugi áhuga FLÍ fyrir því.

8. Ársritið.

Þar sem ekki vannst tími til að yfirfara ársritið eru fundarmenn beðnir að gera það hið fyrsta og senda athugasemdir til skrifstofunnar jafnsöngt. Vinnufundur stjórnar. Ákv. að sá fundur verði fluttur á helgina 23.–25. nóvember nk. Sigríður finnur viðeigandi bústað einhvers staðar á Suðurlandi. Fleira ekki gert – fundi slitið.

Fundur 25. nóvember 2001 í Árnesi.

(haldinn í tengslum við vinnufund stjórnar 23.–25. nóv. 2001)

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Gísli B. Gunnarsson, Margrét Tryggvadóttir, Sigríður Karlsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar frá sept. sl. samþykkt.

2. Leiklistarskóli BÍL.

Talsverðar umræður urðu um starfsemi skólans og ýmsum hugmyndum varpað fram bæði varðandi skipulag næsta skólaárs sem og framtíðarsýn. Ákv. að stjórn skipi 2 nefndarmenn til viðbótar þeim 3 sem fyrir sitja, þannig að skólanefndin verði framvegis skipuð 5 nefndarmönnum. Ákv. að fara þess á leit við Skagaleikflokkinn að skipuleggja og halda leiklistarnámskeið fyrir unglinga á næsta ári. Ákv. að stefnt verði að því að halda námskeið í förðun í Reykjavík (á skrifstofu BÍL) í vetur.

3. Samningur BÍL við Félag leikstjóra á Íslandi.

Frá því samningur BÍL og félags leikstjóra rann formlega út hafa reglulega orðið nokkar umræður bæði á haust- og aðalfundum sem og stjórnarfundum, um hvert stefnt skuli í samningamálum. Rætt var um mögulegar leiðir varðandi samningsgerð og í ljósi þess ákv. að fela samninganefndinni að koma með tillögur að nýrri samningsgerð fyrir næsta stjórnarfund, sem síðan verði lagðar fyrir næsta aðalfund.

4. Norrænt samstarf.

Ísland hefur boðist til að halda alþjóðlegt leiklistarnámskeið í tengslum við Leiklistarskóla BÍL næsta sumar. Unnið verður að nánari útfærslu síðar.

5. Vefmál.

Vefurinn er í stöðugri þróun frá því hann var opnaður í sept. sl. Að sama skapi hefur vinnuálag skrifstofunnar í því samhengi aukist og Hörður „lénsherra“ hefur í nógu að snúast. Ákv. að skipa 5 manna vefnefnd undir forystu Harðar Sigurðarsonar.

6. Listasumar á Akureyri.

Borist hefur erindi frá stjórn Listasumars á Akureyri. Hún hyggst bjóða 3 leiksýningum frá áhugaleikfélögunum að taka þátt í opunarhátíð Listasumars í júní 2002 og jafnframt að halda málþing um samstarf áhuga- og atvinnumanna í leiklist. Ákv. að BÍL komi með ábendingar um val á leiksýningum.

7. Leiklistarhátíð.

Ákv. að stefna að því að halda alþjóðlega leiklistarhátíð á Íslandi árið 2004 og í þeim tengslum kanna hug Ísfirðinga á að vera gestgjafar hennar. Fleira ekki gert – fundi slitið

Fundur 6.–7. apríl 2002 að Laugavegi 96, Reykjavík.

Mættir: Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Guðrún Esther Árnadóttir, Gísli B. Gunnarsson og Vilborg

Valgarðsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarin og samþykkt.

2. Starfsáætlun leikárið 2001–2002 yfirfarin og rædd.

Almenn starfsemi:

1) Rekstur þjónustumiðstöðvar. Allt samkvæmt venju.

2) Rekstur og viðhald húseignar.

Ástand fasteignar er í ágætu lagi, þó er orðið brýnt að endurnýja eldhús og má gera ráð fyrir kostnaði allt að 100 þús. kr.

3) Útgáfa Leiklistarblaðs.

Skv. ákvörðun stjórnar BÍL í mars 2001 er Leiklistarblaðið nú gefið út annars vegar sem vefrit og hins vegar sem ársrit eins og flestum mun kunnugt vera. Nokkrar umræður urðu um kosti og galla þessa fyrirkomulags og þrátt fyrir vissa byrjunarörðugleika og nokkra seinkun á útgáfu fyrsta ársritsins má í stórum dráttum segja að þessi umskipti séu í góðum farvegi og stöðugri endurskoðun.

4) Starfsemi Leiklistarskóla BÍL.

Starfsemi skólans gekk skv. áætlun sumarið 2001 og þess utan var haldið námskeið í förðun í febrúar sl. Skipulagning fyrir 2002 er í fullum gangi.

Að venju verður skólinn haldinn að Húsabakka í Svarfaðardal 5.–13. júní og 18.–23. júní 2002. Í boði verða 6 námskeið og hefur bæklingur með upplýsingum og umsóknareyðublaði verið sendur út til leikfélaganna.

Auk þess verður skólinn auglýstur fyrir almenning og er umsóknarfrestur til 15. apríl nk.

5) Framlög úr opinberum sjóðum.

Árlegt framlag ríkisins til reksturs skrifstofunnar mun haldast í 5,5 millj. Hins vegar er framlag til leikfélaganna ennþá 17,2 millj. en þyrfti að vera ca. 45 millj. til að mæta leikstjórakostnaði og sem í árdaga var viðmið styrkveitinga. Þess má geta að styrkur ríkisins til frjálsu atvinnuleikhópanna var á svipuðum nótum og til okkar þar til fyrir 3 árum að þeirra styrkur hækkaði um ca. 10 millj.

Sérverkefni starfsársins:

Engin umræða varð um sérverkefni starfsársins þar sem þeim ýmist er lokið eða þau koma efnislega fram undir lið 3 b) um skýrslur nefnda.

3. Skipulagður aðalfundur á Hallormsstað 11. og 12. maí 2002:

a) Ársreikningur fyrir árið 2001 yfirfarinn og samþykktur.

b) Skýrslur nefnda:

Skólanefnd. Vilborg Valgarðsdóttir sagði stuttlega frá stöðu mála varðandi fyrirhugað skólastarf í sumar og upplýsti í því sambandi að nokkrar umsóknir erlendis frá hefðu komið á NAR-námskeiðið hjá Rúnari Guðbrandssyni, en nú liggur fyrir að aðeins ein þessara umsókna hefur verið staðfest, aðrir hafa hætt við þátttöku. Ákv. að halda samt námskeiðinu og hafa það þá á okkar forsendum, á íslensku og fyrir okkur sjálf!

Vefnefnd. Hörður Sigurðarson lagði fram skýrslu sem sýnir greiningu á umferð um leiklist.is á tímabilinu okt.–mars sl. Þar sést að það er hægur stígandi í heimsóknum og þær eru u.þ.b. 400–600 á viku. Stjórn var á því að Bandalagið mætti vera nokkuð stolt af vefnum sínum þó auðvitað megi alltaf gera ennþá betur, t.d. mætti athuga með endurskipulagningu á forsiðu vefsins og sömuleiðis mætti uppfæra hann oftar.

Samninganefnd við leikstjóra. Guðrún Halla Jónsdóttir gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar og úrvinnslu hennar á hugmyndum frá vinnufundi stjórnar í nóv. sl. Nokkrar umræður urðu um samningamálin og hvaða leiðir væru mögulega færar. Frekari úrvinnsla heldur áfram.

Dómnefnd v/Västerås. Liðnum frestað til morguns.

Sögunefnd. Fundargerð sögunefndar frá 4. apríl sl. yfirfarin. Nefndin hefur skipað Sigrúnu Valbergsdóttur sem formann og Þorgeir Tryggvason sem ritara. Söguritari verður Bjarni Guðmarsson en hlutverk nefndarinnar verður að fylgjast með störfum hans, leggja til ráð um efnisöflun og gerast síðan yfirlesarar þegar fram líða stundir.

c) Drög að starfsáætlun fyrir leikárið 2002–2003.

Varðandi Almenna starfsemi leggur stjórn til að liðurinn: Útgáfa leiklistarblaðs skv. tillögu stjórnar BÍL, verði breytt í liðina: Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2001–2002 og Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar. Annað óbreytt.

Þegar hér var komið sögu var ákveðið að taka fyrir 4. lið á dagskránni:

4. Samningur við Bjarna Guðmarsson um ritun sögu BÍL.

Drög að verksamningi yfirfarin, athugasemdir gerðar og Vilborgu falið að ganga til samninga við Bjarna á þeim forsendum.

3. c) Starfsáætlun – framhald:

Sérverkefni starfsársins verði þessi:

1. Haldinn verði haustfundur þar sem rætt verði m.a. samstarf aðildarfélaga BÍL og leikfélaga framhaldsskólanna, fyrirkomulag á viðurkenningum til sveitarfélaga sem standa sig gagnvart leiklistinni.

2. Fylgt verði eftir vinnu við gagnasöfnun vegna

ritunar sögu Bandalagsins, skv. tillögum ritnefndar frá aðalfundi 2001 og samningi við ritstjóra.

d) Lög BÍL vegna Leiklistarblaðs/Ársrits. Stjórn gat ekki séð að lagabreytinga væri þörf vegna breytinga á útgáfustarfseminni.

e) Leggur stjórn einhverjar tillögur fyrir fundinn? Sennilega mun stjórn leggja til einhvers konar hugmynd / drög vegna leikstjórasmunna.

f) Stjórnarkjör. Á næsta aðalfundi eiga stjórnarmennirnir Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson og Lárus Vilhjálmsson sem og varastjórnarmennirnir Gísli Einarsson, Gísli B. Gunnarsson og Margrét Tryggvadóttir að ganga úr stjórn.

g) Gagnrýnendur á einþáttungahátíð á Hallormsstað. Ákv. að fá 2 heimamenn til að vera gagnrýnendur fyrir allar sýningarnar (Einar Rafn athugar það mál) og sömuleiðis 1 úr hópi áhorfenda fyrir hverja sýningu.

h) Dagskrá hátíðar og fundar. Ákv. að koma teatersport (leikfimi) fyrir á dagskránni og þá sennilega á föstudagsmorguninn. Dagskrá aðalfundar skv. lögum BÍL yfirfarin. Fundi frestað til næsta dags.

Fundi fram haldið 7. apríl.

Mættir: Þau sömu nema Lárus Vilhjálmsson og Gísli B. Gunnarsson.

5. Áhugaverðasta áhugaleikisýning ársins. Melkorka Ólafsdóttir, sem á sæti í valnefnd Þjóðleikhússins, hefur haft samband við skrifstofu BÍL og telur að í stöku tilfellum geti verið erfitt að greina hvort sýning sem sótt er um sé alfarið á vegum aðildarfélags BÍL eða hvort sýning eigi að teljast skólasýning þegar um samvinnuverkefni er að ræða. Ákv. að framvegis fari allar umsóknir um val á áhugaverðustu áhugaleikisýningu ársins fyrst til skrifstofu BÍL þannig að stjórn geti tekið afstöðu í mögulegum vafatilfellum.

3. b) Skýrslur nefnda – framhald: *Dómnefnd v/Västerås.* Guðrún Esther Árnadóttir las niðurstöður dómnefndar vegna NEATA leiklistarhátíðarinnar í Västerås 1.–7. ágúst 2002. Tvö leikfélög sóttu um að verða valin til að fara með sýningu fyrir Íslands hönd; Leikfélag Kópavogs með sýninguna *Ævintýri Grimm's* og Stúdentaleikhúsið með sýninguna *Upprisa holdsins*. Fyrir valinu varð sýning Leikfélags Kópavogs og óskar stjórn BÍL leikhópnum til hamingju og góðrar ferðar til Svíþjóðar í sumar.

6. Önnur mál:

a) Eignaskiptasamningur v/asteignar yfirfarinn. Skv. kaupsamningi er eignarhluti okkar 18,10% en er nú talinn vera 23,37%.

Ákv. að fela Vilborgu að ganga frá samningnum.

Hörður Sigurðarson fer af fundi.

b) Jónsmessuleikur 2002 á Akureyri. Stjórn hefur borist bréf varðandi Jónsmessuleik á vegum Gilfélagsins á Akureyri í júní .k. og verður hann upphaf Listasumars 2002. Þema Jónsmessuleiks 2002 verður leiklist og samanstendur dagskráin af: a) ráðstefnu sem ber yfirskriftina: *Samspil áhugaleikfélaga og atvinnuleikhúsa* og b) leiksýningum af ýmsum toga.

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Fundur 10. maí 2002 á Hallormsstað.

Mættir: Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Sigríður Karlsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir.

1. Inntaka nýrra leikfélaga.

Umsóknir um aðild að BÍL hafa borist frá Leikfélagi Djúpavogs og Leikhópnum Lopa í Hornafirði. Báðar umsóknir yfirfarnar og samþykktar af stjórn.

2. Þátttaka leikfélaganna á aðalfundi.

Í landinu eru starfandi 70 leikfélög sem eru aðilar að BÍL, en aðeins 21 leikfélag hefur skráð þátttöku sína á aðalfund að þessu sinni sem er nokkru færri en undanfarin ár. Stjórn veltir fyrir sér hverju sætir, t.d. hvort staðsetningin í ár geti hafa sett strik í reikninginn hjá einhverjum, eða hvort eitthvað skorti á áhuga leikfélaganna til að koma fram með skoðanir og hafa áhrif á ákvarðanatöku aðalfundar sem hefur æðsta ákvörðunarvald BÍL, eða eitthvað annað?

3. Farið yfir dagskrá aðalfundar og stjórn skiptir með sér verkefnum fyrir fundinn.

4. Fundargerðir á netinu.

Ákv. að framvegis verði gerð sérstök útgáfa af fundargerðum stjórnarfunda til birtingar á heimasíðu Bandalagsins þar sem fram komi umfjöllunarefni fundanna og ákvarðanatökur. Eiginlegar fundargerðir verði sendar formönnum leikfélaganna sérstaklega og auk þess hægt að nálgast á skrifstofu BÍL.

5. Tölvukaup.

Stjórn heimilar skrifstofu kaup á notaðri tölvu fyrir ca. 150 þús.

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn að Hallormsstað 11. – 12. maí 2002

1. Fundarsetning – Kosning tveggja fundarstjóra og tveggja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmati fundarins kannað.

Einar Rafn Haraldsson setti fundinn og stakk upp á Sigríði Karlsdóttur, Leikfélagi Selfoss og Magnúsi Stefánssyni, Leikhópnum Veru, Fáskrúðsfirði, sem fundarstjórum og Ármanni Guðmundssyni ritara Bandalagsins og Kristrínu Jónsdóttur, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs sem fundarriturum. Samþykkti fundurinn uppástungur Einars samhljóða. Löglega var að fundinum staðið.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Í kjörnefnd áttu sæti Regína Sigurðardóttir, Leikfélagi Húsavíkur, Jón Sigurðsson, Leikfélagi Rangæinga, Sveinbjörn Björnsson, Litla leikklúbbnum Ísafirði og til vara Örn Alexandersson, Leikfélagi Kópavogs. Þar sem Sveinbjörn mætti ekki á fundinn tók Örn sæti hans. Kjörnefnd afgreiddi kjörbréf, skýrði stöðu varðandi stjórnarkjör og auglýsti eftir framboðum.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Menningarstefnan var lesin en fundarmenn virtust almennt það ánægðir með hana að engar frekari umræður fóru fram um hana.

4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Varaformaður Bandalagsins, Guðrún Halla Jónsdóttir, Freyvangsleikhúsinu kynnti hvaða félög hafa sótt um inngöngu í Bandalagið og hver fóru fram á að ganga úr því. Úr Bandalaginu sögðu sig Leikfélag Norðfjarðar, Tilraunaleikhúsið í Reykjavík og Leikfélagið Kex í Osló. Tvö félög sóttu um inngöngu, Leikfélagið Lopi, Höfn í Hornafirði og Leikfélag Djúpavogs. Eftir að hafa farið yfir umsóknir og lög félaganna mælti stjórn með því að umsóknirnar yrðu samþykktar og gerði fundurinn það samhljóða.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundargerðin var afgreidd án athugasemda.

6. Skýrsla stjórnar.

Einar Rafn Haraldsson flutti skýrslu stjórnar:

Ársskýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir starfsárið 2001 – 2002, lögð fram á aðalfundi á Hallormsstað 11. maí 2002.

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga er þannig



Leikfélag Fljótsdalshéraðs skipulagði fundinn. Myndin er af formanni félagsins, Práni Sigvaldasyri.

skipuð:

Einar Rafn Haraldsson, Egilsstöðum, formaður
Guðrún Halla Jónsdóttir, Eyjafirði, varaformaður
Hulda Hákonardóttir, Reykjavík, ritari
Hörður Sigurðarson, Reykjavík, meðstjórnandi
Lárus Vilhjálmsson, Mosfellsbæ, meðstjórnandi
Í varastjórn eru: Gísli B. Gunnarsson, Keflavík, Gísli Einarsson, Borgarfirði, Sigríður Karlsdóttir, Selfossi, Guðrún Esther Árnadóttir, Mosfellsbæ og Margrét Tryggvadóttir, Hvolsvelli.
Framkvæmdastjóri Bandalagsins er Vilborg Árný Valgarðsdóttir og ritari skrifstofu er Ármann Guðmundsson.

Stjórnarfundir:

Stjórnin hefur komið saman til 5 reglulegra stjórnarfunda frá síðasta aðalfundi. Þeir hafa verið haldnir í Reykholti, Borgarfirði, Kópavogi, Árnosi og Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík. Margvísleg málefni hafa verið til umfjöllunar. Mikil vinna féll til vegna breytinga á útgáfumálum því að Leiklistarblaðið kemur ekki lengur út sem fagtímarit, gefin er út ársskýrsla og gagnvirk vefsíða hefur verið tekin í not.

Leikfélögin:

Aðildarfélög Bandalagsins voru eftir síðasta aðalfund 71. Eftir því sem næst verður komist hafa rúmlega 40 leikfélög verið starfandi á leikárinu og hafa þau sett upp 56 verkefni, þar af eru 30 íslensk og 26 erlend, auk þeirra einþáttunga sem við höfum séð hér á

liðnum dögum. Hæsti styrkur (eða 100%) fyrir verk á leikárinu 2001–2002 var 308.000 kr. og álag frá 10%–30% af þeirri upphæð. Styrkurinn hækkaði um 21.000 kr. frá leikárinu á undan.

Aðalfundur 2001 samþykkti eftirfarandi starfsáætlun fyrir leikárið 2001-2002:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL
Reksturinn var með óbreyttu sniði hvað varðaði mannahald og opnunartíma og verkefni miðstöðvarinnar óbreytt að eðli, þ.e. ýmis konar þjónusta við aðildarfélögin, samskipti við opinbera aðila, félagasamtök og einstaklinga innanlands og utan, svo og sala á leikhúsvörum. Þess utan er svo eftirlit og viðhald með húsnæðinu. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir lét af störfum á tímabilinu og Ármann Guðmundsson var ráðinn í hennar stað.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun

Eftir góðan skurk á síðasta leikári var heldur dregið saman í viðhaldi og látið duga að mála glugga að utan. Veruleg þörf er á frekara viðhaldi en skipta má því í tiltölulega smáa áfanga. Nýr eignaskipta-samningur hefur verið gerður, loksins, og er hann nú til undirskriftar hjá öðrum eigendum og verður væntanlega þinglýst fljótlega.

3. Útgáfa Leiklistarblaðs skv. samþykkttri fjárhagsáætlun

Samkvæmt ákvörðun síðasta aðalfundar var ákveðið að hætta, a.m.k. um stundarsakir, að gefa út Leiklistarblaðið í því formi sem það hefur verið undanfarin ár en gefa þess í stað út ársrit og halda úti vefsíðu. Komið verður að þessum liðum báðum á eftir undir liðnum skýrslur nefnda.

4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. fyrirbyggjandi námskeiðaáætlun

Skólanefnd gerir grein fyrir þessum lið undir liðnum skýrslur nefnda.

5. Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, skrifstofu Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.

Framlag ríkisins til reksturs skrifstofunnar verður á árinu 2002 5,5 milljónir eða jafnhátt og á árinu 2001. Framlagið til leikfélaganna er ennþá 17,2 milljónir en þyrfti að vera 46 milljónir til að mæta leikstjóra-kostnaði, sem í árdaga var viðmið ríkisins fyrir styrk til áhugaleikféлага.

Menntamálaráðuneytið fær árlega fjárhagsáætlun frá okkur þar sem reiknað er út hver þessi upphæð þarf að vera svo þetta markmið náist en hefur ekki tekið mark á því hingað til.

Sérverkefni starfsársins:

1. Haldinn verði haustfundur á höfuðborgarsvæðinu

þar sem annars vegar verði haldið málþing með þátttöku leikstjóra með yfirskriftinni „Leikstjórn í áhugaleikhúsi“ og hins vegar námskeið í stjórnun leikféлага.

Fundurinn var haldinn í skjóli Leikfélags Kópavogs í samræmi við framansagt og var vel sóttur. Haldið var kvöldnámskeið um ýmis atriði er varða skipulag, starfsemi og rekstur leikféлага. Málþingið var fróðlegt og varpaði nokkru ljósi á sameiginlega og ólíka sýn áhuga- og atvinnuleikara á starf leikstjórans.

2. Setja í gang vinnu við gagnasöfnun vegna ritunar sögu Bandalagsins, sem gefin verði út í síðasta lagi árið 2005 skv. tillögum sögunefndar.

Bjarni Guðmarsson hefur verið ráðinn til starfans. Sögunefnd mun skila skýrslu um þennan lið hér á eftir.

3. Koma af stað vinnu við nýja og fullkomna vefsíðu skv. tillögum vefnefndar.

Vefurinn er orðinn að veruleika og hefur verið virkur í nokkra mánuði. Vefnefndin mun gera nánari grein fyrir þessu verkefni hér á eftir.

Erlent samstarf:

Leikfélag Mosfellssveitar fór með 10 litla negrastráka á barnaleiklistarhátið í Södertälje í Svíþjóð og sýndi þar við góðar undirtektir. Gunnar Halldór Gunnarsson, Leikfélagi Mosfellssveitar sótti fyrir hönd BÍL fund um barnaleikhús á Norðurlöndunum við sama tækifæri. Formaður BÍL sótti fund IATA/AITA í Monaco sl. sumar. Stjórn NEATA kom saman við það tækifæri. Ísland fer með formennsku í NAR árin 2001 og 2002. Stjórn NAR heldur 2 fundi á ári og var stjórnarfundur haldinn á Egilsstöðum í júní 2001. NAR ráðstafar um 8 – 9 milj. íslenskra króna árlega til gestaleikja-styrkja, fyrirlestrahalds, námskeiða og leiklistarhátiða. Íslendingar eru ekki mjög frekir til fjárins í þessu sambengi, þó sækja 1 – 3 íslensk áhugaleikfélag um styrki árlega.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum skrifstofunnar og samverkamönnum mínum í stjórn BÍL fyrir góð kynni og gott samstarf. Einnig færi ég öllum þeim sem starfað hafa í nefndum og ráðum fyrir bandalagið svo og öllum þeim sem lagt hafa því lið á einn eða annan hátt.

Gert á Egilsstöðum 11. maí 2002, Einar Rafn Haraldsson, formaður

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Sjá ársreikning á bls. 39.

Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri Bandalagsins kynnti reikningana og útskýrði. Helstu breytingar frá síðasta ári eru að fasteignin að Laugavegi 96 hefur verið færð til eignar skv. fasteignamati en ekki kaupverði eins og áður var. Þetta þýðir að eignin hefur hækkað umtalsvert í verði

á pappírnum.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Nokkrar umræður urðu um styrkjakerfi ríkisins. Eins og því er hagað er það hagur hvers leikfélags að sem fæst önnur leikfélög setji upp sýningar því það hækkar upphæðina til þess. Einar Rafn benti á að framlög til leiklistar í landinu hefðu almennt hækkað allnokkuð undanfarin ár sem væri hið besta mál en það hefðu aðallega verið hinir svokölluðu frjálsu leikhópar sem notið hefðu góðs af því. Hann taldi það ekki sanngjarn að áhugaleikfélögin væru skilin eftir eins og raunin hefði orðið.

Reikningar ársins 2001 samþykktir samhljóða.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Lárus Vilhjálmsson stjórnarmeðlimur flutti skýrslu ritnefndar ársrits Bandalagsins:

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að gefið yrði út ársrit Bandalagsins og skyldi það koma út í september 2001. Af ýmsum orsökum dróst útgáfa ársritsins og kom það ekki út fyrr en í janúar á þessu ári. Ástæðan var m.a. sú að ekki var fullmótað hvert efni blaðsins ætti að vera auk þess sem starfsmannaskipti urðu á skrifstofunni um haustið.

En ársritið kom út í janúar og inniheldur fyrst og fremst tölulegar upplýsingar um starfsemi leikfélaganna á leikárinu 2000–2001. Stjórn hefur ákveðið að ársritið komi út í september nk. og verði þá með svipuðu sniði nema að aðalfundur ákveði annað.

F.h. ritnefndar ársrits, Lárus Vilhjálmsson.

Umræður um skýrslu ritnefndar ársrits:

Fyrirspurnir voru um ritstjórn ritsins, skyldi það áfram vera stjórn BÍL? Lárus svaraði að svo yrði nema aðalfundur ákvæði annað.

Ármann Guðmundsson gerði það að tillögu sinni að fundurinn ræki stjórnina sem ritstjóra og að einhver einn yrði skipaður ritstjóri og gerður ábyrgur fyrir að ritinu væri komið út og hvaða efni ætti að vera í því. Aðalástæðan fyrir því hve ritið kom seint út voru endalausar vangaveltur stjórnar og starfsfólks um efnistöð þess og síðan lenti það á skrifstofunni að ganga frá efni blaðsins til birtingar en það sé hlutverk ritstjóra. Hvort sem grundvöllur væri fyrir að borga einhverjum fyrir að taka þetta að sér eða hvort hægt væri að fá einhvern til að taka ritstjórn ritsins að sér, teldi hann það nauðsyn. Í það minnsta yrði stjórnin að vera virkari í að ganga frá efni blaðsins.

Lárus Vilhjálmsson sagði að margt af gagnrýni Ármanns á ritstjórn ársritsins væri rétt en eins og kannski eðlilegt er hefði stjórn þurft að velta fyrir sér hvaða efnistöð ættu að vera í þessu ársriti. Hann taldi þó að hún væri komin með það nokkuð á hreint og að það ætti ekki að reka stjórnina sem ritstjórn. Þau væru

ágæt.

Spurt var um upplag og dreifingu: Vilborg svaraði að það hefði verið ákveðið með þetta ársrit að það færi eitt eintak til hvers leikfélags og þá á formann þess. Með því hafi verið sent bréf þar sem formenn voru beðnir um að varðveita eintakið eins og sjáaldur auga síns vegna þess að í þessum blöðum, haldi þau áfram að koma út með þessu sniði, eru allar upplýsingar um hvað öll leikfélögin gerðu á leikárinu, hvað var ákveðið á öllum fundum, hvað var gert í skólanum og skýrslur allra nefnda. Þetta væri afar gott yfirlit yfir starfsemi leikársins og í raun safn til sögunnar frá árinu 2000 Hún spurði hvort fólk væri sáttt við að kostnaði við ritið væri áfram haldið í algjöru lámarki og að það yrði unnið, myndskreytt, ljósritað og innbundið á skrifstofunni. Bókfærður kostnaður hefði eingöngu verið sendingarkostnaður, heildarkostnaður væri áætlaður um 100.000 kr. með vinnuframlagi skrifstofu. Ef fólk þætti ekki ástæða til að vera með viðameira rit sem væri prentað og dreift í fleiri eintökum þá væri vel hægt að vinna þetta svona áfram, þótt seinlegt væri. Ef dreifa ætti því t.d. í 500 eintökum þá efaðist hún um að það væri hægt að gera þetta á skrifstofunni og hvort það borgaði sig. Þetta þyrfti fundurinn að ákveða.

Fram kom í umræðum að langmest af efni ársritsins er að finna á www.leiklist.is og kannski ekki ástæða til að gefa það út í stærra upplagi en síðast.

Hörður Sigurðarson stjórnarmeðlimur og formaður vefnefndar, flutti skýrslu vefnefndar:

Leiklistarvefurinn, www.leiklist.is, var opnaður 1. september árið 2001 eftir um eins og hálfis árs undirbúnings tíma. Tilboða hafði verið leitað hjá þremur fyrirtækjum samkvæmt forsendum sem vefnefnd hafði tekið saman. Gengið var að tilboði Vefsýnar um vefkerfið SoloWeb. Tilboðið fól í sér leyfi til notkunar á hugbúnaði fyrir grunnvefkerfi, fréttakerfi og umræðukerfi auk hýsingar á vefnum.

Markmið með Leiklistarvefnum voru frá upphafi þessi m.a.:

- Flytja fréttir af starfsemi áhugaleikfélaganna og Bandalagsins
- Vera vettvangur fyrir umræður um leiklist á breiðum grundvelli en með sérstakri áherslu á áhugaleikhúsið
- Auðvelda aðgang leikfélaganna að þjónustu Bandalagsins

Komið var upp kerfi fréttaritara sem áttu hver að sjá um fréttafloðning af sínu svæði. Þetta kerfi hefur ekki virkað sem skyldi og er nú í endurskoðun.

Spjallþræðirnir á vefnum hafa gefist vel en gjarnan mættu fleiri tjá sig þar. Líflegar umræður hafa þar af og til orðið um ýmis málefni leiklistarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofunni hefur vefurinn létt af þeim álagi á ýmsan hátt. Er það m.a. vegna þess að aðildarfélögin hafa getað nálgast mikið af efni á vefnum sem annars hefði þurft að póstsenda. Það hefur einnig haft í för með sér minni kostnað vegna slíkra hluta. Með aukinni netnotkun má gera ráð fyrir að vefurinn komi skrifstofunni og félögunum enn frekar til góða að þessu leyti.

Nokkurt rót hefur verið á meðlimum nefndarinnar en þar hafa starfað auk undirritaðs og starfsfólks skrifstofu, Lárus Vilhjálmsson, Jón Eiríksson, Þorgeir Tryggvason og Gísli Einarsson. Jón og Gísli störfuðu fyrst og fremst að undirbúningi áður en tilboða var leitað. Lárus og undirritaður ásamt framkvæmdastjóra sáu síðan að mestu leyti um vinnuna frá því tilboði Vefsýnar var tekið og þar til vefurinn var formlega opnaður. Einnig verður að minnast sérstaklega á framlag Þorgeirs Tryggvasonar sem hefur lífgað mjög upp á vefinn með fróðlegum greinum og skemmtilegum Topptíu listum sínum.

Leiklistarvefurinn hefur verið í stöðugri þróun frá opnun og mun verða það áfram. Í byrjun apríl þegar Leiklistarvefurinn var hálfárs gamall tók Vefsýn að beiðni okkar saman skýrslu um aðsókn og notkun á vefnum. Hægt er að skoða skýrsluna á skrifstofu Bandalagsins en hér verða tundaðar helstu niðurstöður hennar. Rétt er að hafa í huga að þessar tölur eru ekki algerlega nákvæmar en þó er líklegra að þær séu vanmetnar frekar en hitt.

Meðalfjöldi heimsóknna á vefinn hefur verið um 500 á viku. Greina má hæga en örugga aukningu á tímabilinu. Fjöldi tölva sem heimsækir vefinn í hverjum mánuði hefur farið vaxandi, eða frá um 550 í upphafi til um 750 í lok tímabils. Þetta má túlka sem svo að yfir 700 manns heimsæki vefinn einu sinni í mánuði eða oftar. Heimsóknir innan hvers sólarhrings eru langflestar á skrifstofutíma og er það í samræmi við það sem gerist á öðrum vefjum. Sama má segja um heimsóknir hverrar viku sem eru mun fleiri á virkum dögum en um helgar.

Vefsýn dró saman niðurstöður úr skýrslunni og segja þar að draga megi eftirfarandi ályktanir af henni:

- Notendum er alltaf að fjölga.
- Hver notandi kemur inn að meðaltali sjaldnar en hann gerði við upphaf tímabils.
- Kynningarátak er líklegt til að fjölga reglulegum notendum.
- Vefurinn þarf að vera meira lifandi til að notendur sjái ástæðu til að heimsækja hann oftar en þeir gera í dag.

Þessar niðurstöður eru ánægjulegar en þær segja okkur m.a. eitt sem þegar var vitað. Vinnan við vefinn er á höndum of fárra og það er nauðsynlegt að fá fleiri hendur í verkið. Viðhald vefsins er mun tímafrekara en flestir gera sér grein fyrir og ekki hægt

að ætlast til þess að skrifstofan geti annað meiru en hún gerir þegar í dag.

Hinsvegar er einnig ástæða til að fagna því hversu góð aðsóknin er þó að vefnum og full ástæða til að ætla að hún geti aukist enn ef rétt er haldið á spilunum.

Fyrir hönd vefnefndar, Hörður Sigurðarson

Umræður um skýrslu vefnefndar:

Hörður vildi bæta því við að hann auglýsti eftir fólki sem hefði áhuga, þekkingu og tíma til að vinna við vefinn, það væri lífsnauðsyn fyrir vefinn að fá fleira fólk til starfa. Hann bað þó fólk um að bjóða sig ekki fram nema það hefði að vandlega íhuguðu máli ákveðið að gefa sér tíma til að vinna við vefinn. Hann hvatti fólk til að senda á Bandalagsskrifstofuna myndir úr starfi leikfélaganna, hvort heldur væri innan eða utan sviðs, æfingum eða sýningum. Það þyrfti að koma upp góðum myndabanka sem hægt væri að sækja í til að gera vefinn meira lifandi. Ármann Guðmundsson hvatti leikfélögin til þess að nota vefinn betur til að auglýsa sig og sýningar sínar. Þetta væri ókeypis auglýsing sem sjálfsagt væri að nota sér.

Fyrirspurnir komu um ritstjórn vefsins, þyrfti það ekki að vera launað starf? Og hvaða verk það væru aðallega sem vantaði fólk til að vinna? Hörður svaraði og sagði að ekki hafi verið rætt að þetta yrði launað og kvæðst sjálfur vera því algerlega mótfallinn. Við gætum vel leyst þetta af hendi án þess. Hann sagði að það væru ótal handtök sem þyrfti að vinna og hann hefði þegar hafist handa við að þátta þau niður í smærri einingar svo að auðveldara væri að úthluta verkum við hæfi til áhugasamra. Dæmi um slíkt verkefni er að sjá um myndasafnið sem þyrfti að skipuleggja og halda utan um. Hann sagði að það þyrfti enga stórkostlega þekkingu til að sinna þessu, þökkaleg tölvukunnátta væri nóg. Hann bað fólk endilega um að senda hugmyndir og ábendingar til umsjónamanna vefsins. Hörður taldi að kynningarátak væri eitthvað sem við ættum að skoða en það kostaði líka tíma og vinnu sem væri af skornum skammti fyrir. Hörður benti á að myndir sendar á skrifstofuna fyrir vefinn gætu líka nýst í ársritið.

Lárus Vilhjálmsson hvatti áhugasama til að láta ekki tæknihræðslu fæla sig frá vinnu við vefinn. Þótt fólk kynni ekkert á tölvu en gæti slegið inn áhugaverðan texta og sent þá væri það nóg. Efni mætti senda á skrifstofuna sem sæi um að setja það þar inn og þeim mun meira sem bærast, þeim mun meira lifandi yrði vefurinn.

Skýrslu skólanefndar flutti Sigríður Karlsdóttir:

Á síðasta ári starfaði Leiklistarskóli Bandalagsins í júníbyrjun að Húsabakka í Svarfaðardal. Þar voru þrjú námskeið: grunnnámskeið fyrir leikara, kennari

Ásta Arnardóttir með 16 nemendur, grunnnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Sigrún Valbergsdóttir með 14 nemendur og sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson með 15 nemendur. Samtals útskrifuðust því 44 nemendur árið 2001.

Nú er sjötta starfsár skólans framundan og voru í vetur auglýst sex námskeið sem áttu að vera í tvennu lagi í júní. Því miður urðum við að fella niður þrjú námskeið vegna ónógrar þátttöku og olli það nefndarmönnum miklum vonbrigðum. Þetta eru námskeið í ljósabeitingu, förðun og samnorraent námskeið í samvinnu við Nordisk amatørteaterráð. En það verða haldin þrjú námskeið: Framhaldsnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Sigrún Valbergsdóttir, æfingin skapar meistaran, framhaldsnámskeið fyrir leikara, kennari Ásta Arnardóttir og leikritun, kennari Karl Ágúst Úlfsson.

Skólanefndin hélt 5 nefndarfundi og ótal símafundu. Í vetur var ákveðið að fjölga um tvo í skólanefndinni og eru það þau Þorgeir Tryggvason og Huld Óskarsdóttir sem sitja nú í nefndinni, ásamt Sigríði Karlsdóttur, Önnu Jeppesen og Gunnhildi Sigurðardóttur.

Gjört á Selfossi í maí 2002, Sigríður Karlsdóttir

Engar umræður eða fyrirspurnir

Þorgeir Tryggvason flutti skýrslu Sögunevndar:

Á síðasta aðalfundi var kynnt beinagrind að sögu Bandalagsins, sem var afrakstur vinnu þriggja manna undirbúningsnefndar. Nefndin sú var skipuð Bjarna Guðmarssyni, Einari Njálssyni og Þorgeiri Tryggvasyni. Var gerður góður rómur að og ákvað aðalfundur að setja áframhaldandi vinnu og efnisöflun vegna sögunnar á starfsáætlun.

Í framhaldinu lagði undirbúningsnefndin sig niður, og var fyrrnefndur Bjarni Guðmarsson ráðinn til að rita söguna, enda bæði sérfræðingur í söguritun sem fagi og Bandalaginu sem viðfangsefni. Sögunevnd var skipuð Bjarna til fulltingis (höfuðs?), en í henni eiga sæti Sigrún Valbergsdóttir auk áðurnefndra Húsvíkinga, þeirra Einars Grindvíkinga og Þorgeirs Reykvíkinga.

Þessi nýja nefnd hefur fundað tvisvar og fylgst með framvindu málsins í höndum Söguritarans. Bjarni hefur hafist handa við efnisöflun og má ráða af skýrslum hans til nefndarinnar á fyrrnefndum fundum að bókin verður æsispennandi. Mannleg örlög, listrænir sigrar og barátta við óblíð yfirvöld mynda eina viðhafnarmikla hljómkviðu sem mun hræra hjörtu jafnvel gagnrýnustu lesenda. Ósamið er um kvikmyndaréttinn.

Í framhaldi af yfirferð sinni yfir skrifleg gögn svo sem fundargerðir og bréf mun Bjarni snúa sér að óljúgfróðum og stálminnugum heimildarmönnum um margslungna fortíð Bandalagsins og taka innan úr

þeim með næmum sagnfræðingsfingrum sínum. Einnig er í ráði að nýta vef Bandalagsins til efnisöflunar. Þangað verður brátt skotið ýmsum listum sem orðið hafa til upp úr heimildavinnunni, auk þess sem Söguþráðurinn, nýr spjallþráður, verður væntanlega settur upp, ef samingar nást við töffarana í vefnefndinni. Á söguþræðinum vonast sögunevnd eftir að verði líflegar umræður, þangað safnist krassandi kjaftasögur frá Bandalagsþingum og ýmis fróðleikur sem fólk veit ekki einu sinni sjálft að það búi yfir.

Semsagt: Verkinu miðar áfram þó lítt sjái fyrir endann. Nefndin er glöð með sinn sagnfræðing, sem aftur er til þess að gera hrifinn af nefndinni. Vilborg vakir yfir og allt er gott – því sagan er góð.

F.h. Sögunevndar, Þorgeir Tryggvason, ritari

Engar fyrirspurnir eða umræður.

Guðrún Halla Jónsdóttir flutti skýrslu samninganevndar við leikstjóra:

Samninganevnd er skipuð auk Guðrúnar Höllu, þeim Lárusi Vilhjálmsyni og Árna Baldvinsyni. Nefndarmenn voru ekki alveg sammála um hve langt skyldi ganga í endurskoðun samninga en voru þó alveg einhuga um að eingöngu skyldi notast við verktakasamninga sem leikfélögin gætu haft til hliðsjónar þar sem launþegasamningar væru aldrei notaðir hvort eð væri. Eftir að hafa skoðað samningamálin gaumgæfilega var það niðurstaða nefndarinnar að fara að hugmyndum þess nefndarmanns sem lengst vildi ganga, strípa samninginn eins mikið og mögulegt væri. Í framhaldi af því hefði stjórn Bandalagsins ákveðið að hafa samband við formann samninganevndar leikstjóra, sem ítrekað hefur þegar verið reynt án árangurs, til þess að tilkynna honum að Bandalagið óski eftir að slíta samningssambandi við Félag leikstjóra á Íslandi.

Kynnti Guðrún Halla drög samninganevndar að verktakasamningi. Með honum fylgja verklagsreglur sem byggðar eru á gömlu samningunum þar sem nefndinni þótti þær mjög góðar.

Þó nokkrar umræður áttu sér stað um skýrslu samninganevndar og má sjá efnislega það sem þar kom fram undir lið 14., starfsáætlun afgreidd, undir aukaumræðuefnum.

Lárus Vilhjálmsson flutti skýrslu dómnefndar vegna leiklistarháttíðar NAR í Västerås 2002:

Í nefndinni sátu, auk Lárusar, Gísli B. Gunnarsson, Leikfélagi Keflavíkur og Guðrún Esther Árnadóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar:

Niðurstaða dómnefndar um val á framlagi Íslands til NEATA leiklistarháttíðarinnar í Västerås 1.–7. ágúst 2002:

Umsækjendur voru:

Leikfélag Kópavogs með sýninguna Ævintýri Grimms og Stúdentaleikhúsið með sýninguna Upprisa holdsins.

Um sýningu Stúdentaleikhússins:

Upprisa holdsins eftir Hildi Þórðardóttur og Aðalstein Smáráson. Leikstjóri Sigurður Eyberg Jóhannesson. Sýningin er skemmtileg og á köflum myndin og vel leikin af hópnum. Handritið er sundurleitt og að mati nefndarinnar tekst höfundum og leikstjóra ekki að gera úr því heildstæða sýningu.

Um sýningu Leikfélags Kópavogs:

Ævintýri Grimms. Leikstjóri Ágústa Skúladóttir. Leikgerð er hópsins og byggir á þýðingum Þorsteins Thorarensen. Hópnum tekst að segja okkur sögur Grimms á mjög sannfærandi, sjónrænan og skemmtilegan hátt, bæði í tali og með látbragði. Einnig flétta þau tónlist skemmtilega inn í sýninguna, bæði frum-saminni og ýmsum þekktum lögum. Leikararnir eru frábærir í túlkun persóna sinna hverju sinni og skila sögunum mjög vel til áhorfenda. Búningar góðir og sminkið sérlega gott. Sviðsmyndin er góð og oft myndin.

Eftir að hafa skoðað báðar sýningarnar er niðurstaða dómnefndar sú að sýning Leikfélags Kópavogs verði fyrir valinu. Telur dómnefndin þessa sýningu verðugan fulltrúa Íslands og óskar þeim góðs gengis.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Hulda B. Hákonardóttir kynnti og skipaði í fimm vinnuhópa. Hópstjórar voru skipaðir Hrefna Friðriksdóttir, Hugleik, Regína Sigurðardóttir, Leikfélagi Húsavíkur, Huld Óskarsdóttir, Leikfélagi Hafnarfjarðar, Örn Alexandersson, Leikfélagi Kópavogs og Hermann Guðmundsson, Skagaleik-flokknum. Hópunum var ætlað að ræða tillögu að starfsáætlun stjórnar. Hulda benti hópunum sérstaklega á að skoða vel liðinn „Haustfundur“ og ræða hvort ástæða væri til að halda haustfund en það væri alls ekki sjálfgefið. Stjórn telji að það þurfi veigamiklar ástæður og góðar hugmyndir til að ákveða að halda haustfund. Hulda bað hópana einnig að ræða nokkur atriði sem ekki tilheyrðu starfsáætlun en væru sterk í umræðunni.

Tillaga stjórnar að starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga og aðildarfélaga þess leikárið 2002–2003:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL.
2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun.
3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2001–2002.
4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. fyrirliggjandi námskeiðaáætlun.

5. Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar.

6. Leitað verði eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, skrifstofu Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.

Sérverkefni starfsársins:

1. Haldinn verði haustfundur 2002.
2. Fylgt verði eftir vinnu við gagnasöfnun vegna ritunar sögu Bandalagsins, skv. tillögum ritnefndar frá aðalfundi 2001 og samningi við ritstjóra frá 6.4. 2002.

Aukaumræðuefni:

1. Samningar við leikstjóra.
2. Leiklistarhátíðir.
3. Viðurkenning til sveitarfélags sem stendur sig vel í stuðningi við áhugaleikhúsið.
4. Mögulegt samstarf við framhaldsskóla.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem í kjöri er.

Regína Sigurðardóttir formaður kjörnefndar tók til máls. Úr stjórn áttu að ganga Hörður Sigurðarson, Leikfélagi Kópavogs, Hulda B. Hákonardóttir, Hugleik og Lárus Vilhjálmsson, Leikfélagi Hafnarfjarðar en þau gáfu öll kost á sér til endurkjörs. Úr varastjórn áttu að ganga Gísli Einarsson, Leikdeild Umf. Dagrenningar, Gísli B. Gunnarsson, Leikfélagi Keflavíkur og Margrét Tryggvadóttir, Leikfélagi Rangæinga en aðeins Margrét gaf kost á sér til endurkjörs. Auk hennar gáfu kost á sér til varastjórnar Júlíus Júlíusson, Leikfélagi Dalvíkur og María Gréta Ólafsdóttir, Leikfélagi Sauðárkróks. Önnur framboð höfðu ekki borist en Regína tók fram að tekið væri við framboðum fram að stjórnarkjöri.

Örstutt hlé gert á fundi á meðan Herði Sigurðar-syni var veitt æðsta heiðursmerki Bandalagsins, Pappírsorðan, fyrir sérlega mikið og óeigingjarnt starf við að koma á vefnum leiklist.is.

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingatillögur bárust fundinum.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Engar tillögur bárust fundinum.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Hópstjórar kynntu niðurstöður hópa.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL.

Samþykkt af öllum hópum athugasemdalaust.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun.

Samþykkt af öllum hópum athugasemdalaust.

3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2001–2002.

Frá hópi 1: Ársritið var rétt ákvörðun og um að gera að halda á áfram á sömu braut, gefa þetta fyrst og fremst út sem ársskýrslu, samansafn tölulegra upplýsinga, skýrslur frá leikfélögunum og upplýsingar um starf stjórnar. Skrifstofan útbúi þetta með sem allra minnstum tilkostnaði og dreifi til formanna fyrst og fremst, ekki sé tímabært að víkka út lesendahóp. Það sé eðlilegt að nokkur tími hafi farið í að móta efnisval en gera eigi þessa tilraun aftur áður en tímabært sé að ræða breytingar. Eðlilegra að greinar komi beint á vefinn. Óþarfi að reka stjórn sem ritstjórn en hópurinn gerir það að tillögu sinni að stjórn tilnefni einhvern einn sem öðrum fremur beri ábyrgð ákvörðunum um útgáfuna.

Frá hópi 3: Stjórn er hvött til að koma ársritinu á vefinn í PDF-formi svo hægt sé að sækja það í heilu lagi og ekki þurfi að leita að einstökum hlutum þess á vefnum. Hópurinn er ánægður með Ársritið eins og það er sem upplýsingarit og vill ekki hafa greinar í því, þær eigi að birtast á vefnum. Kalla eigi eftir starfsskýrslum leikfélaganna og birta þær í Ársritinu. Þeim eigi að skila inn með styrkumsóknum ár hvert, þær takmarkaðar við 150–200 orð og þær skrifaðar sérstaklega með það í huga að þær eigi að birta í Ársritinu. Ekki eigi að birta ársskýrslur formanna eins og þær eru lesnar upp á aðalfundi. Óánægjuraddir voru með bandið á ritinu, það hafi í sumum tilfellum dottið í sundur. Ánægja með að kostnaði sé haldið í lágmarki.

Frá hópi 4: Ánægja með blaðið eins og það er og halda áfram að þróa það. Hugmynd kom fram um einhvers konar sérrit með einþáttungum, ekki á vefnum af tillitssemi við höfunda.

Samþykkt af öðrum hópum athugasemdalaust.

4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. fyrirbyggjandi námskeiðaáætlun.

Frá hópi 1: Af hverju var ekki næg aðsókn á tækninámskeið í júní? Þetta var mjög virðingarverð tilraun og synd að hún hafi ekki tekist. Einnig ræddur skortur á tæknimönnum í leikfélögum, t.d. ljósamönnum. Það ætti að líta svo á að þessi tilraun hafi ekki tekist í þetta skiptið og halda áfram að skoða möguleika. Tveir voru einkum ræddir. Ljósanámskeiðið sem var í Kópavogi tókst vel, það var auðvelt að manna það, það var ódýrara þar sem ekki var gert ráð fyrir gistingu og upphaldi og það því ekki eins viðkvæmt fyrir lágmarksfjölda þátttakenda. Hinn möguleikinn er allhliða tækninámskeið sem t.d. hentaði leikstjórum. Þar væri farið í alla þætti hönnunar fyrir leikhús.

Frá hópi 2: Það á að halda áfram að bjóða upp á fjölbreytt námskeið þó svo að fella þurfi sum niður en hugsanlega þarf að kanna aðra möguleika en Húsabakka með tækninámskeið. Ánægja með fjölgun

í skólanefnd.

Frá hópi 3: Tæknimenn væru dýrmæt auðlind og eðlilegt að leikfélögin borguðu jafnvel alveg undir einn og einn tæknimann og því ætti það ekki að hindra það að fólk kæmi á námskeiðin þótt þau væru örlítið dýrari. Hópurinn telur það mál skólanefndar að ákveða hvort tækninámskeið séu haldin að Húsabakka eða annarsstaðar. Hvatt var til að skólanefnd finndi tímasetningu á skólann sem hentaði sem flestum, t.d. væri afar erfitt fyrir kennara að koma í blábyrjun júní.

Frá hópi 4: Vangaveltur um hvort hægt væri að fá einhvers konar viðurkenningu frá Menntamálaráðuneytinu á skólanum, t.d. hvort meta mætti nám í honum til eininga fyrir þá sem eru í framhaldsskóla. Rætt um möguleika á námskeiðum, t.d. leikfræðinámskeið – altæka leikhússtjórnun, námskeið fyrir kennara sem vinna með börnum og þá hugsanlega í samvinnu við kennaraháskólann, Endurmenntunarsstofnun eða Menntamálaráðuneytið.

Frá hópi 5: Hópurinn bendir á að dreifa mætti tækni- og förðunar námskeiðum út í fjórðungana. Skólanefnd skoði möguleika á námskeiðum fyrir unglíngi, t.d. 14–18 ára. Skólanefnd setji umgengnisreglur. Að öðru leytir er almenn ánægja með skólann.

5. Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar.

Allir hópar lýstu ánægju með vefinn og hvöttu til frekari þróunar hans. Greina þyrfti betur hvaða verk áhugasamir gætu tekið að sér og skrifstofan hvött til að bryna formenn til að kynna vefinn fyrir sínum félögum. Sumir vildu sjá meiri gagnrýni á vefnum og meira af myndum frá upptökum á vegum BÍL. Fram kom einnig að fréttaritarkerfið hefur ekki virkað sem skyldi og líklegra væri til árangurs að leikfélögin sendu upplýsingar á einhvern einn stað og þar væri síðan unnið úr þeim. Ein hugmyndin um ný not fyrir vefsíðuna var að gera það kleift að panta beint af netinu. Fólk var einnig hvatt til að senda inn greinar og taka þátt í spjalli á leiklist.is en gæta þó hófs í skrifum.

6. Leitað verði eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, skrifstofu Bandalagsins og Leiklistarskóla þess. Samþykkt af öllum hópum samhljóða.

Sérverkefni starfsársins:

1. Haldinn verði haustfundur 2002.

Fram kom hjá öllum að ekki ætti að halda haustfundi bara til að koma saman, tilefnið þyrfti að vera eitt-hvað. Margir nefndu að umræðuefni haustfundar 2002 gæti verið ný staða gagnvart leikstjórum ef fundurinn samþykkti að slíta samnings sambandi við þá. Flestir vildu fela stjórn að athuga mikilvægi þess

að halda haustfund og gera það ef henni þætti ástæða til.

2. Fylgt verði eftir vinnu við gagnasöfnun vegna ritunar sögu Bandalagsins, skv. tillögum ritnefndar frá aðalfundi 2001 og samningi við ritstjóra frá 6.4. 2002.

Lagt var til að sögunefnd hefði einn tengilið úr hverju leikfélagi sem gæti verið henni innan handar við að útvega gamlar heimildir um félögin og að fólk safnaði „baktjaldasögum“ til að krydda söguna með.

Aukaumræðuefni:

1. Samningur við leikstjóra.

Frá hópi 1: Í hópnum voru fulltrúar 6 leikfélaga og hópurinn samþykkti samhljóða að slíta samnings-sambandi við leikstjóra. Talið jákvætt ef leikfélög gætu fengið eyðublað fyrir verksamning svipað og samninganefnd kynnti. Það yrði ekki „nýr samningur“ heldur eyðublað sem væri fyllt út eftir þörfum. Auk þess lægju fyrir verklagsreglur sem hjálpuðu leikfélögunum að fylla það út. Einn helsti kosturinn við þetta form er hvað það er opið. Núgildandi samningur sem okkur ber að að fara eftir miðast algerlega við „hefðbundna“ uppsetningu á stóru verki. Það væri hollt og gott fyrir leikfélögin að þurfa að setjast niður og gera slíkan verksamning við þann sem þau hygðast ráða til starfa, að fara í gegnum alla þá vinnu. Hver er tíminn, hverjar eru vinnustundirnar innan þess tíma, hver eru verkefnin sem á að semja um, á hvaða forsendum geta aðilar losað sig undan samningnum o.s.frv.

Frá hópi 2: Hópurinn sammála um að segja upp samningssambandi við Félag leikstjóra á Íslandi og taka þess í stað upp verksamninga við einstaka leikstjóra. Fullum stuðningi lýst yfir við samningsnefnd. Telur æskilegt að einhverskonar launagrunnur sé til viðmiðunar og einhverskonar samningsrammi til að vinna útfrá.

Frá hópi 3: Hópurinn vildi fara í viðræður við FLÍ þar sem draumaniðurstaðan væri verksamningurinn sem samninganefndin lagði fram. Flestum fannst nauðsynlegt að hafa viðmiðunartaxta, bæði leikfélögin og leikstjórar væru þá betur sett en með núverandi samning. Best væri ef komist yrði hjá „blóðsúthellingum“.

Frá hópi 4: Ef ákveðið verður að segja upp samnings-sambandi, eins og flestir í hópnum töldu að ætti að gera, yrði að gera góða, vel rökstudda greinargerð sem skilað væri með uppsögninni. Það sé nauðsynlegt að gera þetta á faglegan hátt.

Frá hópi 5: Hópurinn telur að samninganefnd sé á réttu leið og mælir með því að samningssambandi við leikstjóra verði sagt upp hið fyrsta.

2. Leiklistarhátíðir.

Allir hópar töldu að halda ætti veglegar leiklistarhátíðir með erlendri þátttöku á ca. 5 ára fresti og minni hátíðir þess á milli. Ef leiklistarhátíðir eru haldnar reglulega, t.d. stórar á 5 ára fresti og litlar á tveggja ára fresti er hægt að sækja markvissar og með betri rökstuðningi um styrki og hækkað framlag úr ríkissjóði til að standa straum af kostnaði við hátíðirnar. Þær yrðu fastari í sessi. Staðreyndin er sú að ef greinargerðir og rökstuðningur fylgja með umsóknum aukast líkurnar á að hærri styrkur fái.

3. Viðurkenning til sveitarfélags sem stendur sig vel í stuðningi við áhugaleikhúsið.

Flestum líst vel á hugmyndina, vilja að leikfélögin tilnefni sitt sveitarfélag, sjái þau ástæðu til þess og stjórn velji svo úr tilnefningum. Leita megi til stofnana eða félagasamtaka sem verið hafa að útnefna sveitarfélög, t.d. Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra um ráðgjöf um aðferðir til útnefningar. Verðlaunin verði að vera áberandi og sérstök. Frá hópi 5: Hópurinn telur að hugmyndin sé góð, hvetur til að henni verði hrint í framkvæmd og telur að slíkt geti ýtt undir góð samskipti við sveitarfélög.

4. Mögulegt samstarf við framhaldsskóla.

Flestir ræddu þennan lið á þann veg að erfitt gæti orðið að finna samstarfsgrundvöll fyrir Bandalagið og framhaldsskólaleikfélögin þar sem þau starfa á afar ólíkum grundvelli. Vandamál gætu komið upp varðandi styrki. Reynsla þeirra úr hópnum sem starfað hafa með framhaldsskólaleikfélögum er bæði góð og slæm. Óþarfi sé að hafna svona hugmyndum strax en ráðlegt sé að fara varlega í þessi mál. Sjálfsagt væri að halda áfram að styðja, hvetja og þjónusta þá leiklist sem þegar er fyrir hendi í skólum en ekki neinar beinar aðgerðir. Það væri þá helst að reyna að auka sölu verslunarinnar til skólanna og sjálfsagt væri að leikfélög ættu í samstarfi við framhaldsskólaleikfélögin ef áhugi beggja væri fyrir hendi. Endilega að telja áhorfendur framhaldsskóla-sýninga með í opinberum tölum um aðsókn á sýningar áhugaleikfélaga.

Þó kom fram ákveðin tillaga frá hópi 4: Hópurinn lagði til að stofnuð yrði nefnd sem skoðaði þessi mál vandlega þar sem það væri afar stórt og flókið og lítið hægt að ræða það á svona fundi. Nefndin myndi starfa næsta vetur og kæmi svo með tillögum um hvernig þetta samstarf gæti verið og þá bæði við grunnskólana og framhaldsskólana. Ein hugmynd var einhvers skonar leiklistarhátíð grunnskóla og yrði þá fengið aukið framlag frá ríkinu til að standa straum af slíku. Ef Bandalagið tæki allt það leiklistarstarf sem fram fer í grunnskólum landsins undir sinn verndarvæng og fengi allar þátttakenda- og aðsóknar-tölur inn í sínar værum við með gífurlega öflugt vopn í höndunum þegar leitað yrði eftir fjármagni frá ríkinu. Sá hópur sem starfar að leiklist í grunnskólunum

færi sífellt stækkandi. Hvernig þessu samstarfi yrði háttað væri svo bara útfærsluatriði og hlutverk nefndarinnar yrði að koma með tillögur um það. Það mætti t.d. kynna starfsemi Bandalagsins fyrir stjórnnum framhaldsskólafélaganna og nota tækifærið og selja okkur í leiðinni. Það væri allra hagur að finna leið til að taka það mikla leiklistarstarf sem fer fram í skólum landsins undir væng Bandalagsins, það sinni þessu enginn í dag. Þótt Bandalagið hafi vissulega verið duglegt að hvetja til þess að leiklist sé stunduð í skólum og margir kennarar starfi með Bandalagsleikfélögum þá sé það ekki nóg. Örn Alexandersson bauð sig fram sem formann slíkrar nefndar verði ákveðið að stofna hana.

Umræður um störf hópa:

Lárus Vilhjálmsson opnaði umræðuna og hrósaði hópum fyrir góða vinnu. Fyrir sig persónulega væri niðurstaða hópanna um störf samninganefndarinnar og tillögu hennar um að slíta samningssambandi við FLÍ ánægjulegust. Honum virtist allir hóparnir hafa verið á því að þetta væri sú leið sem við ættum að fara. Þótt flestir hefðu verið á því að ekki skyldi halda haustfund í ár, þætti sér athyglisverð tillaga hafa komið fram frá einum hópnum að ef það yrði gert veitti örugglega ekki af að hafa námskeið í samningatækni og hvernig væri besta að standa að samningsgerð. Allir hóparnir voru sammála um að stefna ætti að leiklistarháttíð árið 2005 en þótt ekki væri tímabært að fara undirbúa hana núna þyrfti að gera það fljótlega.

Einar Rafn benti á að engar nýjar tillögur umfram tillögur stjórnar að starfsáætlun hefðu komið fram í vinnu hópanna. Hann sagði að hópavinnan myndi nýtast stjórn vel en vildi þó taka sérstaklega út eitt efnið sem Örn Alexandersson (hóp 4) fjallaði um, þ.e. tengslin við framhaldsskólana en hann opnaði allt aðra hlið á því máli en hinir hóparnir gerðu. Það var spurningin um hvort ekki væri rétt og skylt að setja alla áhugaleikstarfsemi, þ.m.t. leiklist í grunn- og framhaldsskólum, undir einn hatt. Fólk hafi almennt gleymt sér í umræðu um einhverja styrki, að minna yrði til skiptana o.s.frv. en þetta snýst ekki allt um peninga heldur um það að Bandalagið sé þessi stóra regnhlíf sem nær utan um alla áhugaleiklist. Einar þakkaði Erni fyrir að taka þetta upp með þessu víða sjónarhorni og gerði ráð fyrir að boð Arnar um að starfa að þessu máli yrði þegið. Það væri engan veginn tímabært að ákveða að gera eitthvað að svo stöddu en það væri nauðsynlegt að velta upp svona hugmyndum og horfa fram í tímann. Það væri mun betra ef frumkvæðið kæmi frá okkur og við mörkuðum stefnuna heldur en t.d. að menntamála-ráðuneytið gerði það.

Þorgeir Tryggvason sagði það greinilegan vilja fundarmanna að slíta samningsambandi við FLÍ en það hafi verið örlítið varkárari tónn í hans hópi. Hann

var fylgjandi mjúkri lendingu í málinu. Hugmyndina um að verðlauna sveitarfélög taldi Þorgeir vera þá bestu sem komið hefði fram í sambandi við samskipti okkar við yfirvöld í mörg ár. Það væri alveg rétt sem kom fram hjá hóp 1 að það væru ýmis vandkvæði á framkvæmdinni en ekkert verri en á framkvæmdum yfirleitt. Stjórn gæti bæði lent í að það væru skuggalega fáar tilnefningar eða margar og verðskuldaðar en hún mun leysa það. Það væri ekki verið að velja „besta sveitarfélagið“ heldur væri verið að veita viðurkenningu fyrir það sem vel sé gert, burtséð frá því hvort eitthvað er vel gert annars staðar líka.

Stefán Guðlaugsson Freyvangsleikhúsinu taldi að ekki hefði komið nógu skýrt fram að hugmyndir hóps 4 í skólamálu væri ekki eitthvað sem gerast ætti á morgun heldur þyrfti að móta stefnu til margra ára, kannski með 10 – 20 ár að markmiði. Það þyrfti að koma á öflugri hreyfingu allra þeirra sem væru að stunda leiklist. Þetta gæti orðið eitthvað í líkingu við landsmót ungmennafélaganna, stórmót á nokkurra ára fresti. Það væri auðveldara að sækja peninga ef mótuð væri stefna til lengri tíma og komið væri á föstum leiklistarviburðum, það þyrfti að horfa fram til lengri tíma en fram að næsta haustfundi. Þetta samtinnast við umræðuna um grunnskólana, kennarar þyrftu að fara á námskeið til að læra að leiðbeina börnum á grunnskólastigi. Þetta yrði í raun einhverskonar deildarskipting, fyrst væri það leiklistarstarfsemi í grunnskólanum, svo framhaldsskólanum og loks í Bandalagsleikfélagi. Þetta myndi gjörbreyta leiklistarflórunni þegar fram í sækti. Við gætum náð þessari starfsemi nær okkur og haft einhverja stjórn á henni án þess að eyða einhverjum gífurlegum peningum. Þetta snérist ekki um það hvort innlima ætti öll framhaldsskólaleikfélögin á einu bretti á næsta aðalfundi heldur væri þetta spurning um langtíamarkmið Bandalagsins.

Hrund Ólafsdóttir kvaðst hissa á umræðunni um að ekki verði haldinn haustfundur í ár. Ein rökin fyrir því að halda hann væru dræm þátttaka á þessum aðalfundi og Hrund kom með samlíkingu úr markaðsfræðinni, að ef vara seldist ekki væri lausnin ekki að hætta að auglýsa hana. Hún sagði það mjög dýrmætt að hitta í byrjun leikárs fólks úr öðrum leikfélögum, því fylgdi upplýsingaflæði og aukin samskipti leikfélaga sem væri tvímælalaust af hinu góða, það væri hreinlega vont að hafa ekki haustfund. Haustfundur ætti að vera árviss viðburður þar sem haldin væru stutt námskeið og fólk kæmi saman til að ræða mál Bandalagsins. Með því efldist Bandalagið og yrði sýnilegra.

Að loknum fjörugum umræðum var starfsáætlun stjórnar borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

15. Stjórnarkjör

Úr Aðalstjórn Bandalagsins áttu að ganga Hulda B. Hákonardóttir, Hugleik, Hörður Sigurðarson, Leikfélagi Kópavogs og Lárus Vilhjálmsson, Leikfélagi Hafnarfjarðar. Þau gáfu öll kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru endurkjörin án móttframboða.

Úr varastjórn áttu að ganga Gísli Einarsson, UMF Dagrenningu, Gísli B. Gunnarsson, Leikfélagi Keflavíkur og Margrét Tryggvadóttir, Leikfélagi Rangæinga. Margrét gaf kost á sér til endurkjörs en Gíslarnir ekki. Auk þess gáfu kost á sér Júlíus Júlíusson, Leikfélagi Dalvíkur og María Gréta Ólafsdóttir, Leikfélagi Sauðárkróks. Þar sem fleiri buðu sig ekki fram voru þau sjálfkjörin í varastjórn.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Í kjörnefnd voru kosin Regína Sigurðardóttir, Leikfélagi Húsavíkur, Jón Sigurðsson, Leikfélagi Rangæinga, Örn Alexandersson, Leikfélagi Kópavogs og til vara Sveinbjörn Björnsson, Litla leikklúbbnum Ísafirði.

16. b. Kosning 2ja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs.

Félagslegir endurskoðendur voru kosnir Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis og Hrefna Friðriksdóttir, Hugleik, til vara Júlía Hannam, Leyndum Draumum.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins og áskrift að Leiklistarblaðinu.

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga lagði til að árgjöld aðildarféлага verði áfram 30.000 kr. fyrir leikárið 2002–2003. Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 45.000 kr. og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða 60.000 kr. Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða 15.000 kr. Áskriftargjald af Leiklistarblaðinu verði felld niður árið 2002 en í stað þess leggur stjórn til að aðildarfélögin greiði 4.500 kr. til viðhalds vefsíðunnar www.leiklist.is og útgáfu Ársrits Bandalagsins fyrir leikárið 2001–2002. Verði gjald þetta innheimt með árgjaldi.

Umræður urðu um orðalagið „hálf árgjald“ en komist að niðurstöðu um að láta það standa óbreytt. Þorsteinn Sigurbergsson beindi því til stjórnar að gerð yrði lagabreyting á næsta aðalfundi þar sem felld yrði út „áskriftargjald að leiklistarblaðinu“ þar sem það kemur ekki lengur út.

Tillaga stjórnar samþykkt.

18. Önnur mál

Guðrún Halla Jónsdóttir kynnti Jónsmessuleika á Akureyri, opunarhátíð Listasumars en þar er ætlunin

að gera áhugaleiklist hátt undir höfði, m.a. bjóða áhugaleikfélagi að vera með eina af aðalsýningum hátíðarinnar. Auk þess væri ætlunin að þar verði 2 daga ráðstefna með yfirskriftinni „Samspil atvinnu- og áhugaleikhúss“ þar sem einn frummælandi kæmi úr röðum Bandalagsins. Þarna verða sýningar frá Finnlandi og Færeyjum. Guðrún Halla hvatti fólk til að mæta og leikfélög til að bjóða fram sýningar. Guðrún Halla gerði líka að umræðuefni meint okur svæðisútvarps RÚV á útvarpsauglýsingum sem hún sagði taka út yfir allan þjófabálk. Hún sagði að sér fyndist að Bandalagið ætti að skrifa útvarpsráði bréf þar sem farið væri fram á einhvers konar ívilnun fyrir menningarstarfsemi í landinu.

Umræður urðu um atkvæðisrétt stjórnar Bandalagsins og starfsmanna skrifstofunnar á aðalfundum. Stjórnarmenn hafi atkvæðisrétt og þar með hefur það félag sem þeir koma frá tvö atkvæði hvert. Skýrt er í lögum að framkvæmdastjóri hefur ekki atkvæðisrétt, um aðra starfsmenn er ekki getið. Mörgum þótti ástæða til að endurskoða lögina fyrir næsta aðalfund með þessi atriði í huga.

Umræður urðu einnig um reglur þær sem gilda við inntöku nemenda í Leiklistarskóla BÍL. Væri það eðlilegt að það fólk sem sótt hefði skólann frá upphafi gengi fyrir öðrum ef námskeið fylltust eða ættu þeir að víkja fyrir nýliðum?

Þorgeir Tryggvason sagði það næsta ómögulegt að setja reglur um skráningu á námskeið út frá því hvort menn hafi sótt önnur námskeið áður. Reglan „fyrstir koma, fyrstir fá og þeir sem borga ekki staðfestingar- gjöld detta út“ væri ágæt. Með framhaldsnámskeið sem byggð eru á einhverjum undanföllum ætti samt að gilda hin almenna regla að þeir sem hafa sótt undan- faranámskeiðin ættu að hafa forgang. Hins vegar væri það yfirleitt þannig að farmhaldsnámkeiðin yrðu felld niður ef enginn fengi að fara á þau nema þeir sem sótt hafa undanfarana svo að sveigjanleiki væri nauðsyn- legur. En þetta væri ein regla sem hafa mætti til viðmiðunar.

Dýrleif Jónsdóttir sagði að sér þætti ekkert óeðlilegt við það að þeir sem væru of seinir að skrá sig kæmust ekki í skólann en hins vegar þyrfti kannski að huga að þeim sem skrá sig á námskeið sem síðan eru felld niður og hvað hægt væri að gera fyrir þá.

Vilborg Valgarðsdóttir benti á að í hverri námskeiðs- lýsingu væru tífundur þau skilyrði sem uppfylla þarf til að sækja námskeiðið. Stundum þyrfti að meta það hvort reynsla viðkomandi væri nægileg ef hann hefði ekki sótt undanfara og þar skipti líka máli hvernig nemendahópurinn passaði saman.

Ármann lýsti þeirri skoðun sinni að það væri aðildar- félögum Bandalagsins bæði til mikils gagns og gamans

ef þau væru með gagnkvæm boð á sýningar sínar og færði fyrir því eftirfarandi rök:

- Það að fara á leiksýningar er ein mikilvægasta menntun þeirra sem vilja vinna í leikhúsinu. Þeir ættu því að fara sem oftast og boð er tvímælalaust ein allra besta hvatning sem maður fær til að fara í leikhús.
- Það að sjá sýningar hjá öðrum gefur okkur viðmið og eykur þ.a.l. metnað og skilar sér þannig inn í leikfélögin og gerir þau betri.
- Gagnkvæm boð stuðla að auknum samskiptum á milli leikfélaga og þ.m.t. betri samvinnu og jákvæðum anda sem aftur skilar sér í víðsýni og félagslegum þroska. Það dregur líka úr neikvæðum samkeppnishugsunarhætti.
- Áhugaleikarar eru almennt jákvæðir og „upplýstir“ áhorfendur. Þeir vita hvaða vinna liggur að baki sýningu og eru líklegir til að njóta sýninga og þá mæla með við aðra.
- Fjárhagslegt „tjón“ leikfélaganna er hverfandi þar sem „tapaðir miðar í sölu“ verða aldrei mjög margir. Í raun er þetta fjárfesting í menntun meðlima auk þess sem leikfélögin geta notað þetta sem hvatningu til meðlima til að borga félagsgjöld með því að setja það sem skilyrði að fólk greiði þau til að hafa rétt á að þiggja boðið. Sáraeinfalt væri að útbúa skírteini á skrifstofu Bandalagsins, einskonar boðsmíða, sem leikfélögin gætu úthlutað til meðlima sinna eftir eigin geðþótta stjórna leikfélaganna.
- Leikfélögin geta sjálf (og/eða í samvinnu við nágrannafélög) útfært boðið. T.d. er hægt að halda sérstakar „Bandalagssýningar“ og hafa þær á dögum sem að öllu jöfnu er ekki sýnt. Það fyrirbyggir að félög komist ekki á sýningar vegna þess að sýningartímar rekast á. Á SV-horninu þar sem „boðkerfi“ hefur verið í gangi í nokkur ár hefur fólk verið beint á ákveðnar sýningar en því verið frjálst að mæta á aðrar ef ekki hefur verið uppselt og hefur þetta reynst prýðilega og algjörlega vandræðalaust.

Þorgrímur Daníelsson kynnti leiklistarstarfsemi í Sumarbúðunum við Vestmannsvatn en þar hefur Margrét Sverrisdóttir leiklistarnemi verið ráðin til að leiðbeina börnum í sumar á tveimur vikulöngum námskeiðum.

Umræður urðu um leiklistargagnrýni á vefnum. Hörður Sigurðarson sagði að öllu efni vefsins utan spjallrása væri ritstýrt en fylgst væri með spjallrásum og ef eitthvað ætti ekki heima þar væri það fjarlægð. Það yrði alltaf einhver úr vefnefnd sem vissi hver skrifaði leiklistargagnrýni, þótt hún væri ekki undir nafni. Hann ítrekaði þá skoðun sína að mestu máli skipti að gagnrýni væri vel unnin og að við værum alltof hrædd við að gagnrýna verk hvers annars á leiksviðinu. Af því hefðu allir gott.

Þorsteinn Sigurbergsson sagðist telja æskilegt að hafa leiklistargagnrýni á vefnum en þar ætti ekkert að vera sem ekki er undir nafni. Hugsanlega væri það nóg að

starfsmenn vefsins vissu hver höfundur væri. Hann þekkti þess dæmi að loka hefði þurft vef vegna þess að orðfæri nafnlausra skrifa hafi verið orðið svo rætið.

Hermann Guðmundsson spurði hver bæri ábyrgð á nafnlausum skrifum á leiklist.is, t.d. á spjallrásum, hvort það væri ritstjóri vefsins.

Hörður sagðist telja að stjórn væri ábyrg fyrir efni vefsins eins og öðrum framkvæmdum á vegum Bandalagsins. Spjallþræðir væru mjög algengir og eflaust væri það flókið lagadæmi hver bæri ábyrgð á því sem á þeim birtist en hann kvaðst ekki vita það.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Ingigerður Stefánsdóttir, Litla leikklúbbnum á Ísafirði bauð leikfélögin velkomin til Ísafjarðar að ári.

Fundi slitið



Einbeitingin leynir sér ekki í andlitum þátttakenda á aðalfundi Bandalagsins 2002.

Ársreikningur Bandalags íslenskra leikfélaga 2001

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Skýringar og sundurliðanir	7 - 9

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2001 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2002

Stjórn:

Binnar Rafn Haraldsson
 Guðrún Halla Jónsdóttir
 Hryður B. Halldóranardóttir
 Jóhanna Víðhjálmsdóttir
 Ándur Sigurðsson

Framkvæmdastjóri:


Vilborg A. Valgarðsdóttir

Áritun félagslegra endurskoðenda

Við undirritaðar höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga árið 2001 og ekkert fundið athugasemdir.

Gert í Reykjavík 9. apríl 2002


 Júlía Hannam


 Anna Jörunn Stefánsdóttir

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 8.

Við höfum skipulagt og hægð vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík, 14. mars 2002

PricewaterhouseCoopers ehf



Valdimar Guðnason

Rekstrarreikningur ársins 2001

	Skýringar	2001	2000
Rekstrartekjur			
Árgjöld, styrkir og fleira:			
Árgjöld aðildarfélaganna		2.130.000	1.725.000
Ríkissjóðsstyrkur		6.233.834	4.637.660
Leiklistarblaðið: Áskrift	1	148.100	357.800
Leiklistarskóli BÍL	2	1.675.200	1.245.147
Leiklistarhátíð L2000		0	4.376.027
Aðrar tekjur	3	204.000	294.091
		<u>10.391.134</u>	<u>12.635.725</u>
Sala og útleiga:			
Sala á farða		1.499.800	1.852.499
Sala á handritum		273.787	208.192
Leiga á hárkollum		11.823	56.032
		<u>1.785.410</u>	<u>2.116.723</u>
Rekstrartekjur samtals		12.176.544	14.752.448
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		1.087.001	1.037.875
Handrit		210.792	247.351
Afskrifaðar ónýttar vörur		34.813	13.735
		<u>1.332.606</u>	<u>1.298.961</u>
Laun og launatengd gjöld	4	4.516.194	4.028.441
Ýmis rekstrarkostnaður	5	3.683.369	2.233.881
Leiklistarblaðið: ritstjórn, prentun o.fl.	1	18.230	583.416
Leiklistarskóli BÍL	2	1.675.893	1.245.147
Leiklistarhátíð L2000		0	4.376.027
Vaxtagjöld		324.747	311.201
Afskriftir fastafjármuna	6	178.387	274.478
		<u>10.396.821</u>	<u>13.052.591</u>
Rekstrargjöld samtals		11.729.427	14.351.551
Hagnaður ársins		<u>447.117</u>	<u>400.896</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

Eignir	Skýringar	2001	2000
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteign		8.677.000	4.124.122
Innréttingar og húsbúnaður		57.968	51.776
Áhöld og tæki		516.315	195.887
		<u>9.251.283</u>	<u>4.371.784</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	1.980.248	1.983.699
Skuldunautar		249.667	444.320
Handbært fé		51.717	42.208
		<u>2.281.632</u>	<u>2.470.227</u>
Eignir samtals		<u>11.532.915</u>	<u>6.842.011</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2001	2000
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		3.769.624	3.368.728
Endurmat fasteignar		4.552.878	0
Rekstrarhagnaður		447.117	400.896
		<u>8.769.620</u>	<u>3.769.624</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	8	982.616	1.503.840
Næsta árs afborgun		(650.815)	(599.170)
		<u>331.801</u>	<u>904.670</u>
Skammtímaskuldir:			
Bankareikningslán		1.001.811	664.779
Ýmsir skuldheimtumenn		374.084	702.173
Málaraverktakar Keflavíkur		100.000	100.000
Ógreidd launatengd gjöld		278.784	77.844
Ógreiddur virðisaukaskattur		12.859	1.608
Áfallnir vextir		13.141	22.143
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum		650.815	599.170
		<u>2.431.494</u>	<u>2.167.717</u>
Skuldir samtals		2.763.296	3.072.386
Eigið fé og skuldir samtals		<u>11.532.915</u>	<u>6.842.011</u>

Skýringar

1. Leiklistarblaðið

	2001	2000
Tekjur		
Áskriftargjöld	148.100	357.800
	<u>148.100</u>	<u>357.800</u>
Gjöld		
Prentun og pappír	0	286.248
Dreifing, innheimta, ljósmyndir o.fl.	18.230	116.426
Ritstjórn og hönnun	0	180.742
	<u>18.230</u>	<u>583.416</u>

2. Leiklistarskóli BÍL

Tekjur

Ríkisstyrkur		90.147
Þátttökugjöld nemenda	1.675.200	1.155.000
	<u>1.675.200</u>	<u>1.245.147</u>

Gjöld

Laun og ferðakostnaður kennara	561.490	523.828
Gisting og matur	1.044.800	653.798
Auglýsingar, pappír og kynning	19.000	0
Annar kostnaður	50.603	67.521
	<u>1.675.893</u>	<u>1.245.147</u>

3. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur	2.190	4.848
www.leiklist.is	33.000	0
Aðgöngumiðar	0	371
Tekjur v/innheimtu höfundarlauna	168.810	288.872
	<u>204.000</u>	<u>294.091</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun starfsfólks	3.501.132	3.149.059
Lífeyrissjóðsgjöld	233.514	186.596
Sjúkra-og orlofssjóður	48.219	41.607
Tryggingagjald	195.529	174.779
Dagpeningar	537.800	476.400
	<u>4.516.194</u>	<u>4.028.441</u>

Skýringar

5. Annar rekstrarkostnaður

Rafmagn, hiti og ræsting	111.699	89.625
Fasteignagjöld	233.567	205.442
Viðhald húsnæðis	111.457	167.833
Vátryggingar	66.929	55.435
Akstur og burðargjöld	179.403	198.847
Símakostnaður	115.313	104.448
Ritföng	47.671	33.045
Prentun, tékkhefti	175.679	128.392
Rekstur tölvukerfis	113.761	102.530
Kaffi og hreinlætisvörur	24.699	27.321
Kynningarstarf og auglýsingar	81.963	55.900
Námskeiðskostnaður starfsmanna	49.200	40.923
Stjórnarfundir	186.009	82.717
Aðalfundur BÍL	796.019	1.194.064
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL	(658.450)	(990.200)
Hautfundur	278.386	233.086
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar	(253.500)	(184.000)
Kostnaður vegna nefnda	5.818	14.758
Kostnaður v/funda NAR, NEATA og IATA	202.478	172.803
Félagsgjald IATA	45.057	38.627
Félagsgjald NAR	71.286	63.835
Félagsgjald Norræna félagsins	3.800	3.800
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	16.000	16.000
Samtök um leikminjasafn	10.000	0
Ársuppgjör og kostnaður v/endurskoðunar	76.911	73.700
www.leiklist.is	978.788	0
Áskrift og bókakaup	87.168	100.218
Gjafir	21.130	51.434
Smááhöld á skrifstofu	8.148	12.383
Annar kostnaður	10.700	7.435
Afskrifaðir reikningar	64.400	0
Fjármagnstekjuskattur	218	484
	<u>3.261.706</u>	<u>2.100.886</u>
Virðisaukaskattur: Innskattur af undanþeginni starfsemi	421.663	132.995
	<u>3.683.369</u>	<u>2.233.881</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign er færð á fasteignamati í árslok.

	Fasteign	Innréttingar og húsbúnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1/1	4.910.302	267.141	891.038	6.068.481
Fasteign færð á fasteignamat	3.766.698	0	0	3.766.698
Fjárfest á árinu	0	10.361	494.647	505.008
Heildarverð 31/12	8.677.000	277.502	1.385.685	10.340.187
				0
Afskrifað 1/1	786.180	215.366	695.151	1.696.697
Bakfærð afskrift	(786.180)			(786.180)
Afskrifað á árinu	0	4.169	174.218	178.387
Afskrifað 31/12	0	219.535	869.369	1.088.904
Bókfært verð 31/12	<u>8.677.000</u>	<u>57.967</u>	<u>516.316</u>	<u>9.251.283</u>

Skýringar

	2001	2000
7. Birgðir		
Vörubirgðir greinast þannig:		
Handrit	53.000	53.000
Farði	1.927.248	1.930.699
	<u>1.980.248</u>	<u>1.983.699</u>
8. Langtímalán		
SPRON	433.895	493.500
Fjárfestingafélagið Skandia	274.360	505.170
Málaraverktakar Kefavík	274.362	505.170
Næsta árs afborganir	(650.815)	(599.170)
	<u>331.801</u>	<u>904.670</u>

Einþáttungahátíð BÍL

Hallormsstað 9. og 10. maí 2002

Í tengslum við aðalfund BÍL 2002 var haldin Einþáttungahátíð. Þar sýndu 9 leikfélög 12 einþáttunga ásamt því að Leikfélag Grunnskólans að Hallormsstað sýndi leikrit eftir einn af kennurum skólans, Jón Guðmundsson. Dagskrá hátíðarinnar fer hér á eftir:



Leikfélagið Sýnir (úr sýningunni Hann), frá vinstri standandi: Júlíus Júlíusson, Guðmundur L. Þorvaldsson, Lárus Vilhjálmsson, Ármann Guðmundsson og Vígbjör Sjafnar Zophoníasson. Sitjandi frá vinstri: Hulda Hákonardóttir, Hrund Ólafsdóttir og Sesselja Traustadóttir.

Leikfélagið Sýnir

Hann

Höfundur: Júlíus Júlíusson

Leikstjóri: Júlíus Júlíusson

Leikendur:

Hulda Hákonardóttir

Hrund Ólafsdóttir

Lárus Vilhjálmsson

Sesselja Traustadóttir

Ármann Guðmundsson

Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Vígbjör Sjafnar Zophoníasson

Verkið er spunaverk sem gerist á veitingastað í Reykjavík. Sex manneskjum hefur verið boðið þangað, þær þekkjast ekki en

fengu allar boðskort sem var einungis undirritað „Hann“.

Leikfélagið Grímnir

Meindýr

Höfundur: Bjarni Guðmarsson

Leikstjórar: Jóhann I. Hinriksson og

Guðmundur B. Kjartansson

Meindýraeyðir: Jóhann I. Hinriksson

Húsbóndi: Guðmundur B. Kjartansson

Húsráðandi kemur heim frá vinnu og

uppgötvar ófögnuð á heimili sínu, hringir í meindýraeyði og hefst þá eltingarleikur með ófyrirséðum afleiðingum.

Leikfélag Mosfellssveitar

Samtal fyrir einn

Höfundur: Dario Fo

Leikstjóri: Bjarney Lúðvíksdóttir

Leikarar: Hjalti Kristjánsson og Grétar Jónsson



Vígbór Sjafnar Zophoníasson.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Maðurinn

Höfundur: Halldór Laxness

Leikstjóri: Halldóra Malen Pétursdóttir

Leikari: Vígbór S. Zophoníasson

Freyvangsleikhúsið

Niðurtalningin

Höfundur: Alan Ayckbourn

Þýðandi: Guðjón Ólafsson

Leikstjóri: Guðrún Halla Jónsdóttir

Eiginmaður: Stefán Guðlaugsson

Eiginkona: Hjördís Pálmadóttir

Hugsanir hans: Ólafur Theodórsson

Hugsanir hennar: Dýrleif Jónsdóttir

Þátturinn gerist eftir mat hvaða dag vikunnar sem er, hvaða ár sem er í 20 ára hjónabandi.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Ástir í viðjum efnafræðinnar

Höfundur: Jón Gunnar Axelsson

Leikstjóri: Jón Gunnar Axelsson

Leikarar: Friðjón Magnússon og Sigurður Borgar Arnaldsson

Hugleikur

Dagurinn

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikstjóri: Sesselja Traustadóttir

Guð: Hulda Björg Hákonardóttir

Dómarinn: Hrefna Friðriksdóttir

Fólkið: Ýmsir áhugaleikarar



Freyvangsleikhúsið, úr söngleiknum Hold og hár.

Freyvangsleikhúsið

Söngleikurinn Hold og hár

Gleðileikur fyrir fallít leikfélag.

Höfundur: Ólafur Rósenkranz

Þýðandi: Hannes Örn Blandon

Leikstjóri: Stefan Villeweck

Broddi leikstjóri (talinn kvenhollur): Leifur Guðmundsson

Guðjón Hólm (sjóaður): Ólafur Theodórsson

Þurríður gjaldkera (kona af tegundinni femina cannibalia, leikkonuleg nokkuð, á til

vergjarnar viprur): Dýrleif úr Litla-Garði

Gummi (gæti verið ritari, afar dýrmætur

leikfélaginu, er reyndar til í öllum leik-

félögum, ómissandi en enginn tekur eftir

honum. Hefur augastað á Þurríði): Guðrún

Halla Jónsdóttir

Donna (mikil kona, alveg príma): Hjördís

Pálmadóttir

Hersir (hennar maður af holdi og blóði):

Stefán Guðlaugsson

***Leikhópurinn Vera og Grunnskóli
Fáskrúðsfjarðar***

Gegnsætt fólk

Höfundur: Benóný Ægisson

Leikstjóri: Valdimar Másson

Maður: Kjartan Svanur Hjartarson

Kona: Gunnþóra Norræna Björgvinsdóttir

Piltur: Karen Ýr Kjartansdóttir

Stúlka: Edda Heiðrún Jónsdóttir

X: Telma Ýr Unnsteinsdóttir

Verkið er formtílaun þar sem gengið er út frá leikaranum fremur en framvindunni. Það skiptist í 10 smámyndir þar sem umfjöllunarefni eru græðgi, grimmd, girnd og gæfuleysi.



Leikfélag Grunnskólans á Hallormsstað

Leikfélag Grunnskólans á Hallormsstað

Nú skal mála eða Það verður engum mál í kirkju (Uppskrift að góðri fermingu)

Höfundur: Jón Guðmundsson

Leikstjórar: Jón Guðmundsson, Jón G. Axelsson og Sigurlaug Gunnarsdóttir

Leikarar: Nemendur í 7.-10. bekk

Hallormsstaðarskóla.

Leikfélag Hornafjarðar

Sólarhringur

Höfundur og stjórnandi: Þorsteinn Sigurbergsson.

Listljósasýning.

Listljósasýning.

Leikfélagið Sýnir

Hverjir voru hvar

Höfundur: Guðmundur L. Þorvaldsson

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Persónur og leikendur:

A: Guðmundur L. Þorvaldsson

B: Hrund Ólafsdóttir

C: Þorgeir Tryggvason

D: Ingólfur Þórsson

E: Hörður Sigurðarson

Stutt stúdía um stöðu okkar í alheiminum.



Gagnrýnendur hátíðarinnar voru þau Kristrún Jónsdóttir frá Egilsstöðum, betur þekkt undir nafninu Dúrra og Magnús Stefánsson frá Fáskrúðsfirði. Að auki voru gestagagnrýnendur úr hópi áhorfenda.



Séð yfir hluta áhorfenda sem voru vel með á nótunum.

Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2001–2002

Þjóðleikhúsið stendur árlega fyrir samkeppni aðildarféлага Bandalagsins um athyglisverðustu leiksýningu vetrarins. Hér á eftir fer umsögn og niðurstaða dómnefndar sem flutt var á aðalfundi 2002:

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins hefur nú farið fram nýunda leikárið í röð. Í þetta skipti óskuðu tólf félög eftir að koma til greina við valið með sýningar sínar. Dómnefnd sá tíu sýningar á heimavelli, eina í leikför til Reykjavíkur og þá tólfstu skoðaði hún af myndbandi. Dómnefnd Þjóðleikhússins í ár var skipuð Stefáni Baldurssyni þjóðleikhússtjóra, Melkorku Teklu Ólafsdóttur, leiklistarráðunauti Þjóðleikhússins og Kjartani Ragnarssyni leikstjóra.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

1. *Leikfélag Keflavíkur* með Bar Par eftir Jim Cartwright. Leikstjóri: Steinn Ármann Magnússon.
2. *Leikfélag Mosfellsveitar* með Brúðkaup Tony og Tinu eftir Nancy Cassaro og fleiri. Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir.
3. *Leikfélag Hveragerðis* með Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner. Leikstjóri: Sigurður Blöndal.
4. *Leikdeild Umf. Biskupstungna* með Deleríum Búbónis eftir Jónas og Jón Múla Árnasyni. Leikstjóri: Björn Gunnlaugsson.
5. *Leiklistarhópur Umf. Eflingar* með Fiðlarann á þakinu eftir Joseph Stein og Jerry Boch. Leikstjóri: Arnór Benónýsson.
6. *Freyvangsleikhúsið* með Halló Akureyri eftir Hjörleif Hjartarson. Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson.
7. *Leikfélag Kópavogs* með Grimm, leikgerð á Grimmsævintýrum eftir leikstjóra og leikhóp. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.
8. *Stúdentaleikhúsið* með Upprisu holdsins eftir Hildi Þórðardóttur og Aðalstein Smárason. Leikstjóri: Sigurður Eyberg Jóhannesson.
9. *Hugleikur* með Kolrössu eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Leikstjóri: Jón Stefán Kristjánsson.
10. *Leikfélag Vestmannaeyja* með Saumastofuna – tískuhús eftir Kjartan Ragnarson í leikgerð og

leikstjórn Andrésar Sigurvínssonar.

11. *Leikfélag Sauðárkróks* með Galdra-Loft eftir Jóhann Sigurjónsson. Leikstjóri: Stefán Sturla Sigurjónsson.

12. *Leikfélag Ólafsfjarðar* með Barið í brestina. Höfundur og leikstjóri: Guðmundur Ólafsson.

Valið á áhugasýningu ársins hefur oft verið erfitt, vegna þess hve margar góðar leiksýningar koma til greina hverju sinni, og var svo einnig í ár. Dómnefnd hafði að lokum þrengt valið niður í þrjár sýningar, sem voru Kolrassa hjá Hugleik, Fiðlarinn á þakinu hjá Eflingu og Grimm hjá Leikfélagi Kópavogs.

Leiksýning Hugleiks á Kolrössu ber vott um mikinn metnað þeirra sem að henni standa, ekki síst höfundar tónlistar og texta, Þórunnar Guðmundsdóttur. Það er ekki heiglum hent að setja saman heilan söngleik, og útkoman er með miklum ágætum. Það var einkum hin tónlistarlega hlið sýningarinnar sem vakti aðdáun dómnefndar, tónlistin sjálf og flutningur hennar. Hugleikur hefur á að skipa mörgum prýðisgóðum söngvurum sem ásamt hljómsveit komu tónlistinni vel til skila undir öruggri tónlistarstjórn höfundarins sjálfs.

Leiklistarhópur Umf. Eflingar í Reykjadal hefur hefur oftlega vakið sérstaka athygli dómnefndar Þjóðleikhússins á undanförunum árum fyrir kraftmiklar og skemmtilegar sýningar, og var sýning Eflingar á Síldin kemur og síldin fer valin athyglisverðasta áhugasýning ársins fyrir tveimur árum. Efling hefur nú starfað um nokkurra ára skeið undir stjórn sama leikstjóra, Arnórs Benónýssonar, og það hefur verið einstakt ánægjuefni að fylgjast með því hvernig leikhópurinn hefur eflst og styrkst undir handleiðslu hans. Leikhópurinn samanstendur af sterkum kjarna fólks sem hefur starfað með leikfélaginu árum, og jafnvel áratugum saman, og svo nýliðum sem margir hverjir stunda nám við Framhaldsskólann á Laugum. Þetta litla sveitarfélag hefur sett upp mann margar sýningar sem einkennast af útsjónarsemi í sviðssetningu, leik-

gleði, krafti og vel unnum tónlistaratriðum. Segja má að í Fiðlaranum á þakinu stígi leiklistarhópurinn enn eitt skrefið fram á við. Tónlistarstjórar sýningarinnar, Jaan Alavere og Valmar Valjaots, eiga sérstakan heiður skilinn. Leikhópurinn í Fiðlaranum er vel samstilltur og óvenjulegt er að sjá svo jafnan og góðan leik í svona mannargri sýningu. Sérstaklega ber þó að nefna leik Jóns Benónýssonar í hlutverki Tevjes. Túlkun hans á Tevje er örugg, óvenjuleg og hrífandi. Það var einnig sérstæð upplifun að sjá eitt lítið samfélag úti á landsbyggðinni túlka annað landsbyggðarsamfélag í öðru landi á öðrum tíma, og sjá ýmsar hliðstæður þar á milli. Sýning Eflingar er heilsteypt og vel unnin áhugasýning, sem nær jafnt því marki að skemmta áhorfendum og hreyfa við þeim.

Sýning Leikfélags Kópavogs á Grimm er að mörgu leyti frábrugðin ýmsum þeim áhugasýningum sem dómnefndin hefur séð í gegnum tíðina, ekki síst vegna þess að þar er unnið með stílfærslu af óvenju miklu öryggi. Í þessari sýningu er farið inn á nýstárlega braut með skemmtilegum árangri. Hér er verið að leika með leikhúsformið sjálft og sýningin ber

ríkulegu hugmyndaflugi leikstjórans, Ágústu Skúladóttur, og annarra aðstandenda vitni. Sýningin varð fyrir vikið lifandi og oft og tíðum bráðfyndin. Leikurinn var góður og leikhópurinn vel samstilltur, og sýndu nokkrir leikaranna framúrskarandi stílfærðan leik. Tónlist er einnig notuð skemmtilega í sýningunni, og umgjörðin hentar henni vel. Sýning Leikfélags Kópavogs er djörf, hugmyndarík og óvenju vel unnin sýning, sem ber vott um lofsverða viðleitni til að gera tilraunir með leikhúsformið, og útkoman verður bráðskemmtileg og fjörug sýning fyrir áhorfendur á öllum aldri.

Dómnefnd átti í miklum vandræðum með að velja á milli Grimm og Fiðlarans á þakinu, enda um gerólíkar sýningar að ræða, og báðar sýningarnar framúrskarandi, hvor á sinn hátt. Niðurstaða dómnefndar varð að velja sem athyglisverðustu áhugasýningu ársins sýningu Leikfélags Kópavogs á Grimm.

Þjóðleikhúsið óskar Leikfélagi Kópavogs til hamingju og býður félaginu að sýna leikgerð sína á Grimmsævintýrum, Grimm, á Stóra sviði Þjóðleikhússins þann 16. júní næstkomandi.



Úr sýningu Leikfélags Kópavogs á Grimms ævintýrunum. Talið frá vinstri: Guðmundur L. Þorvaldsson, Huld Óskarsdóttir og Helgi Róbert Þórisson. Aðrir leikarar voru Þorgeir Tryggvason, Sváfnir Sigurðarson, Ástþór Ágústsson, Ágústa E. Erlendsdóttir, Birgitta Birgisdóttir, Sara V. Sigurjónsdóttir og Magnús Guðmundsson.

Uppsetningar aðildarféлага Bandalags Íslenskra leikfélaga leikárið 2001–2002

Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes

Hugleikur

Kolrassa (f)(s)



Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjórn: Jón St. Kristjánsson
Þátttakendur: 44
Sýningar: 16
Áhorfendur: 2.116

*Hugleikur fór í leikferð og sýndi Kolrössi á Þjóðlagahátíð á Siglufirði
5. júlí og í Samkomuhúsinu á Akureyri 6. júlí 2002.*

Sjö sortir

- Geirmundur geðlæknir (f)(e)

Höfundur: Anna Kristín Kristjánsdóttir
Leikstjórn: V. Kári Heiðdal

- Sveitasæla (f)(e)

Höfundur: Hildur Þórðardóttir
Leikstjórn: Unnur Guttormsdóttir

- Dagurinn (f)(e)



Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Leikstjórn: Sesselja Traustadóttir
Einnig sýnt á Einþáttungahátíð BÍL á Hallormsstað í maí.

- Í fögrum dal (f)(e)

Höfundur: Sigrún Óskarsdóttir
Leikstjórn: Þorgeir Tryggvason

- Slá þú hjartans hörpustrengi (f)(e)

Höfundur: Unnur Guttormsdóttir
Leikstjórn: Ármann Guðmundsson

- Síðasti útilegumaðurinn (f)(e)

Höfundur: V. Kári Heiðdal
Leikstjórn: Einar Þór Einarsson

- Bið (f)(e)

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjórn: Jóhann Davíð Snorrason
Stjórnandi: Rúnar Guðbrandsson
Þátttakendur: 25
Sýningar: 3
Áhorfendur: 170

Klæðin rauð (d)

Höfundur: Ýmsir
Leikstjórn: Þorgeir Tryggvason og Sævar Sigurgeirsson
Þátttakendur: 14
Sýningar: 2
Áhorfendur: 93

Leikfélagið Ofleikur

E (f)

Höfundur: Jón Gunnar Þórðarson
Leikstjórn: Jón Gunnar Þórðarson
Þátttakendur: 30
Sýningar: 12
Áhorfendur: 2.300

Stúdentaleikhúsið

Þúdurttunna (f)

Höfundur: Dejan Dukowski
Þýðandi: Víkingur Kristjánsson
Leikstjórn: Víkingur Kristjánsson
Þátttakendur: 15
Sýningar: 6
Áhorfendur: 169

Upprisa holdsins (f)

Höfundur: Aðalsteinn Smárason og Hildur Þórðardóttir
Leikstjórn: Sigurður Eyberg Jóhannesson
Þátttakendur: 28
Sýningar: 8
Áhorfendur: 326

Snúður og snelda

Í lífsins ólgu sjó (f)(s)

Höfundur: Guðlaug Hróbjartsdóttir, Brynhildur Olgeirsdóttir
og Bjarni Ingvarsson
Leikstjórn: Bjarni Ingvarsson
Þátttakendur: 20
Sýningar: 23
Áhorfendur: 1.115

Fugl í búi



Höfundur: Iðunn Steinsdóttir og Kristín Steinsdóttir
Leikstjórn: Bjarni Ingvarsson
Þátttakendur: 20
Sýningar: 23
Áhorfendur: 1.115

Lífshlaupið (d)

Höfundur: Guðlaug Hróbjartsdóttir
Leikstjórn: Guðlaug Hróbjartsdóttir
Þátttakendur: 3
Sýningar: 6
Áhorfendur: 350

Halaleikhópurinn

Í túnfætinum (d)

Höfundar: Ýmsir
Leikstjórn: Guðmundur Magnússon
Þátttakendur: 17
Sýningar: 3
Áhorfendur: 350

Kaffileikhús (d)

Höfundar: Ýmsir
Leikstjórn: Edda Guðmundsdóttir
Þátttakendur: 23
Sýningar: 2
Áhorfendur: 120

Leiklistarfélag Seltjarnarness

Harvey



Höfundur: Mary Chase
Þýðandi: Karl Ísfeld
Leikstjórn: Einar Þorbergsson
Þátttakendur: 12
Sýningar: 2
Áhorfendur: 127

Óskirnar þrjár (f)(e)

Höfundar: Leikgerð hópsins á Grimmsævintýri
Leikstjórn: Leikhópurinn
Þátttakendur: 5
Sýningar: 1
Áhorfendur: 900

Leikfélag Kópavogs

Hinn ein sanni



Höfundur: Tom Stoppard
Þýðandi: Guðjón Ólafsson
Leikstjórn: Bjarni Guðmarsson
Þátttakendur: 10
Sýningar: 8
Áhorfendur: 300

Meindýr (e)

Höfundur: Bjarni Guðmarsson
Leikstjórn: Þorgeir Tryggvason
Þátttakendur: 3
Sýningar: 1
Áhorfendur: 50

Ævintýri Grimms (f)(b)(s)



Höfundar: Leikgerð leikstjóra og leikhóps
Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir
Þýðandi: Þorsteinn Thorarensen
Þátttakendur: 17
Sýningar: 13
Áhorfendur: 1.100

Ævintýri Grimms var valin sem athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins og sem fulltrúi Íslands á leiklistarhátt NEATA 1.-7. ágúst 2002 í Västerås í Svíþjóð. Einnig sýnt á Jónsmessuleikum á Akureyri 24. júní 2002.

Ljóðaleikur (d)

Höfundar: Ýmsir
Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir
Þátttakendur: 6
Sýningar: 1
Áhorfendur: 46

Henrik Ibsen eða hvernig á að stytta sér leið fram hjá honum (e)

Höfundur: Davíð Stefánsson
Leikstjórn: Leikhópurinn
Þátttakendur: 3
Sýningar: 1
Áhorfendur: 50

Ljósaleikur (o)

Höfundar: Örn Alexandersson, Skúli Rúnar Hilmarsson,
Þorleifur Eggertsson og Jósep Gíslason
Þátttakendur: 4
Sýningar: 7
Áhorfendur: 50

Nafnlaus leikhópurinn

Smellur 2... aldrei of seint (f)

Höfundur: Jónína Leósdóttir
Leikstjórn: Ásdís Skúladóttir
Þátttakendur: 24
Sýningar: 9
Áhorfendur: 331

Leikfélag Hafnarfjarðar

Herbergi með útsýni (f)(e)

Höfundur: David W. Christner
Þýðandi: Ármann Guðmundsson
Leikstjórn: Ármann Guðmundsson
Þátttakendur: 5
Sýningar: 3
Áhorfendur: 150

Leikfélag Keflavíkur

Söngleikurinn Grettir (s)

Höfundar: Ólafur H. Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egill Ólafsson
Leikstjórn: Jón Páll Eyjólfsson
Þátttakendur: 40
Sýningar: 10
Áhorfendur: 295

Götuleikhús á Ljósanótt (g)

Höfundar: Stefán B. Vilhelmsson og leikhópurinn
Leikstjórn: Stefán B. Vilhelmsson
Þátttakendur: 25
Sýningar: 1
Áhorfendur: 500

Bar Par



Höfundur: Jim Cartwright
Leikstjórn: Steinn Ármann Magnússon
Þátttakendur: 17
Sýningar: 8
Áhorfendur: 295

Leikfélag Mosfellsveitar

Tíu litir negrastrákar (b)

Höfundur: Agatha Christie
Þýðandi: Ragnheiður E. Gunnarsdóttir
Leikstjórn: María H. Þorkelsdóttir og Ilmur Kristjánsdóttir
Þátttakendur: 10
Sýningar: 5
Áhorfendur: 560

Einnig sýnt á barnaleikhúshátíð í Södertälje í Svihjóð.

Brúðkaup Tony og Tinu (f)



Höfundur: Nancy Canaro o.fl.
Þýðendur: Guðný M. Jónsdóttir og María Guðmundsdóttir
Leikstjórn: Guðný María Jónsdóttir
Þátttakendur: 24
Sýningar: 20
Áhorfendur: 780

Bráðum koma blessuð jólin (f)(e)(b)

Höfundur: Guðný María Jónsdóttir
Leikstjórn: Guðný María Jónsdóttir
Þátttakendur: 7
Sýningar: 5
Áhorfendur: 500

Fríða og dýrið (b)(s)

Leikgerð: Bjarney Lúðvíksdóttir
Leikstjórn: Bjarney Lúðvíksdóttir
Þátttakendur: 23
Sýningar: 12
Áhorfendur: 480

Í túninu heima (d)

Höfundur: Birgir Sigurðsson
Leikstjórn: Birgir Sigurðsson
Þátttakendur: 48
Sýningar: 3
Áhorfendur: 320

Samtal fyrir einn (e)

Höfundur: Dario Fo og Franca Rame
Leikstjórn: Bjarney Lúðvíksdóttir
Þátttakendur: 2
Sýningar: 1
Áhorfendur: 70

Sýnt á Einþáttungahátíð BÍL á Hallormsstað í maí.

Ömurlegt líf (f)

Höfundur: Guðrún Daníelsdóttir
Leikstjórn: Guðrún Daníelsdóttir
Þátttakendur: 16
Sýningar: 1
Áhorfendur: 95

Vesturland

Skagaleikflokkurinn

Þrymskviða (f)(b)

Höfundur: Guðbjörg Árnadóttir
Leikstjórn: Guðbjörg Árnadóttir
Þátttakendur: 16
Sýningar: 2
Áhorfendur: 62

Umf. Skallagrímur, leikdeild

Þar sem Djöflaeyjan rís



Höfundur: Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson
Leikstjórn: Valgeir Skagfjörð
Þátttakendur: 25
Sýningar: 10
Áhorfendur: 600

Umf. Reykdæla, leikdeild

Æsir og þursar (f)(b)(s)



Höfundur: Bent Kværndrup
Þýðandi: Flosi Ólafsson
Leikstjórn: Flosi Ólafsson
Þátttakendur: 65
Sýningar: 6
Áhorfendur: 720

Umf. Íslendinga, leikdeild

Afmæliskabarett (d)

Höfundar: Ýmsir
Leikstjórn: Guðlaug Erla Gunnarsdóttir
Þáttakendur: 25
Sýningar: 1
Áhorfendur: 97

Umf. Dagrenning, leikdeild

Hvorki bið ég gulls né gæfu (d)

Höfundur: Magnús Ásgeirsson
Þáttakendur: 20
Sýningar: 1
Áhorfendur: 100

Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi

Furðufuglinn (f)(e)

Höfundur: Guðmundur B. Kjartansson
Leikstjórn: Guðmundur B. Kjartansson
Þáttakendur: 1
Sýningar: 1
Áhorfendur: 250

Meindýr (e)

Höfundur: Bjarni Guðmarsson
Leikstjórn: Guðmundur B. Kjartansson og Jóhann Ingi Hinriksson
Þáttakendur: 2
Sýningar: 1
Áhorfendur: 55
Sýnt á einþáttungahátíð BÍL á Hallormsstað í maí.

Jólastund (d)

Leikstjórn: Guðmundur B. Kjartansson
Þáttakendur: 7
Sýningar: 1

Vestfirðir

Leikfélagið Baldur

Bíldudals blandað grænmeti (d)

Höfundar: Elfar Logi Hannesson og leikhópurinn
Leikstjórn: Elfar Logi Hannesson
Þáttakendur: 10
Sýningar: 1
Áhorfendur:

Leikfélagið Hallvarður ságandi

Betri er þjófur í húsi en snurða á þræði

Höfundur: Dario Fo
Þýðandi: Úlfur Hjörvar
Leikstjórn: Ingrid Jónsdóttir
Þáttakendur: 20
Sýningar: 4
Áhorfendur: 197

Líli Leikklúbburinn

Stæltir Stóðhestar



Höfundar: Anthony McCarlen og Stephen Sinclair
Þýðendur: Júlíus Guðmundsson og Ómar Ólafsson
Leikstjórn: Elfar Logi Hannesson
Þáttakendur: 22
Sýningar: 14
Áhorfendur: 961

Hattur og Fattur (b)(s)



Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson
Leikstjórn: Elfar Logi Hannesson
Þáttakendur: 14
Sýningar: 6
Áhorfendur: 203

Leikfélag Hólmavíkur

Galdrastef á Ströndum (d)

Höfundar: Félagar í Leikfélagi Hólmavíkur
Leikstjórn: Félagar í Leikfélagi Hólmavíkur
Þáttakendur: 20
Sýningar: 1
Áhorfendur: 700

Bændahátíð (d)

Höfundar: Félagar í Leikfélagi Hólmavíkur
Leikstjórn: Félagar í Leikfélagi Hólmavíkur
Þáttakendur: 6
Sýningar: 1
Áhorfendur: 140

Þorrablot (d)

Höfundar: Félagar í Leikfélagi Hólmavíkur
Leikstjórn: Einar Indriðason
Þáttakendur: 9
Sýningar: 1
Áhorfendur: 156

Góufagnaður (d)

Höfundar: Félagar í Leikfélagi Hólmavíkur
Leikstjórn: Einar Indriðason og Jón Jónsson
Þáttakendur: 8
Sýningar: 1
Áhorfendur: 167

Norðurland

Leikfélag Blönduóss

Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan



Höfundur: Marc Camoletti
Þýðandi: Sigurður Atlason
Leikstjórn: Rósa Guðný Þórsdóttir
Þáttakendur: 24
Sýningar: 5
Áhorfendur: 375

Leikfélag Sauðárkróks

Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir (b)(s)



Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson
Leikstjórn: Oddur Bjarni Þorkelsson
Þátttakendur: 31
Sýningar: 9
Áhorfendur: 412

Galdra-Loftur

Höfundur: Jóhann Sigurjónsson
Leikstjórn: Stefán Sturla Sigurjónsson
Þátttakendur: 27
Sýningar: 10
Áhorfendur: 553

Leikfélag Hofsóss

Landabrygg og ást



Höfundar: Riemann og Schwartz
Þýðandi: Emil Thoroddsson
Leikstjórn: Fríða Eyjólfsdóttir
Þátttakendur: 25
Sýningar: 5
Áhorfendur: 400

Leikfélag Siglufjarðar

Vígsluvottorðið



Höfundur: Efraim Kishon
Þýðandi: Árni Bergmann
Leikstjórn: Linda María Ásgeirsdóttir
Þátttakendur: 14
Sýningar: 5
Áhorfendur: 300

Illt til afsagnar (e)

Höfundur: Jóhannes Geir Einarsson
Leikstjórn: Linda María Ásgeirsdóttir
Þátttakendur: 3
Sýningar: 2
Áhorfendur: 500

Leikfélag Ólafsfjarðar

Barið í brestina (f)(s)

Höfundur: Guðmundur Ólafsson
Leikstjórn: Guðmundur Ólafsson
Þátttakendur: 14
Sýningar: 5
Áhorfendur: 517

Leikfélag Dalvíkur

Sex í sveit



Höfundur: Marc Camoletti
Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson
Leikstjórn: Ármann Guðmundsson
Þátttakendur: 24
Sýningar: 13
Áhorfendur: 946

Hvernig dó mamma þín?

Höfundur: Ingibjörg Hjartardóttir
Leikstjórn: Ingibjörg Hjartardóttir
Þátttakendur: 4
Sýningar: 3
Áhorfendur: 90

Bakkabræður (d)

Höfundur: Leikgerð leikhópsins á Þjóðsögu
Leikstjórn: Leikhópurinn
Þátttakendur: 4
Sýningar: 8
Áhorfendur: 400

Dámar mér nú Danskurinn (d)

Höfundar: Arnar Símonarson, Dana J. Sveinsdóttir,
Sólveig Rögnvaldsdóttir, Friðrik Ó. Hjörleifsson
Leikstjórn: Leikhópurinn
Þátttakendur: 4
Sýningar: 6
Áhorfendur: 645

Söngprógramm (d)

Höfundur: Leikhópurinn
Leikstjórn: Arnar Símonarson
Þátttakendur: 14
Sýningar: 1
Áhorfendur: 200

Fyrir mistök féll út sýning síðasta leikárs hjá LD í ársriti 2000–2001 og fylgir hún því hér með.

Allt sem þér viljið (f)

Höfundar: Arnar Símonarson, Dana J. Sveinsdóttir,
Sólveig Rögnvaldsdóttir, Friðrik Ó. Hjörleifsson
Leikstjórn: Arnar Símonarson
Þátttakendur: 30
Sýningar: 13
Áhorfendur: 795

Leiklúbburinn Saga, Akureyri

Fenris V (f)

Höfundur: Leikhópurinn
Leikstjórn: Agnar Jón Egilsson
Þátttakendur: 86
Sýningar: 8
Áhorfendur: 1.000

Fróði og allir hinir gríslingarnir (b)(s)

Höfundur: Ole Lund Kirkegaard
Leikstjórn: Ármann Guðmundsson
Þátttakendur: 14
Sýningar: 4
Áhorfendur: 57

Brúðkaup á Jónsmessunótt (f)

Höfundur: Leikhópurinn
Leikstjórn: Agnar Jón Egilsson
Þátttakendur: 14
Sýningar: 2
Áhorfendur:

Leikfélag Hörgdæla

Þrek og tár (s)



Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson
Leikstjórn: Saga Jónsdóttir
Þátttakendur: 18
Sýningar: 21
Áhorfendur: 1554

Freyvangsleikhúsið

Halló Akureyri! (f)(s)

Höfundur: Hjörleifur Hjartarson
Leikstjórn: Oddur Bjarni Þorkelsson
Þátttakendur: 30
Sýningar: 21
Áhorfendur: 1.147

Niðurtalningin (e)



Höfundur: Alan Ayckbourn
Þýðandi: Guðjón Ólafsson
Leikstjórn: Guðrún Halla Jónsdóttir
Þátttakendur: 5
Sýningar: 1
Áhorfendur: 70

Sýnt á einþáttungahátíð BÍL á Hallormsstað í maí.

Söngleikurinn Hár og hold (f)(e)(s)

Höfundur: Hannes Örn Blandon
Leikstjórn: Hannes Örn Blandon
Þátttakendur: 8
Sýningar: 1
Áhorfendur: 70

Sýnt á einþáttungahátíð BÍL á Hallormsstað í maí.

Leikfélag Húsavíkur

Þið munið hann Jörund (s)



Höfundur: Jónas Árnason
Leikstjórn: Sigurður Hallmarsson
Þátttakendur: 54
Sýningar: 20
Áhorfendur: 1516

Sögustund (d)

Höfundur: Jónas Árnason og Jón Múli Árnason
Leikstjórn: Regína Sigurðardóttir og Guðrún Kr. Jóhannsdóttir
Þátttakendur: 10
Sýningar: 1
Áhorfendur: 95

Mæðgurnar (e)

Höfundur: Jóhannes Sigurjónsson
Leikstjórn: Jóhannes Sigurjónsson
Þátttakendur: 2
Sýningar: 6
Áhorfendur: 874

Umf. Efling, leikdeild

Fiðlarinn á þakinu (s)



Höfundur: J. Stein og J. Boch
Þýðandi: Þórarinn Hjartarson
Leikstjórn: Arnór Benónýsson
Þátttakendur: 48
Sýningar: 18
Áhorfendur: 1419

Undir skikkju næturskuggans (d)

Höfundur: William Shakespeare
Þýðandi: Helgi Haldánarson
Leikstjórn: Arnór Benónýsson
Þátttakendur: 8
Sýningar: 1
Áhorfendur: 60

Heldur þann versta... (d)

Höfundur: Halldór Laxness
 Leikstjórn: Arnór Benónýsson
 Þátttakendur: 10
 Sýningar: 2
 Áhorfendur: 80

Leikfélagið Búkolla**Bangsímon (b)(s)**

Höfundur: A.A. Milne
 Þýðendur: Sigríður Karlsdóttir og Hanna L. Gunnarsdóttir
 Leikstjórn: Oddur Bjarni Þorkelsson
 Þátttakendur: 11
 Sýningar: 7
 Áhorfendur: 480

Austurland**Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra****Þrjú einþáttungar****- Sköllóttu söngkonan (e)**

Höfundur: Eugene Ionesco

- Emil í Kattholti (h)

Höfundur: Astrid Lindgren

- Lína langsokkur (h)

Höfundur: Astrid Lindgren

Leikstjórn: Steinn Ármann Magnússon

Þátttakendur: 19
 Sýningar: 1
 Áhorfendur: 75

Leikfélag Seyðisfjarðar**Þetta er bara prinsippmál! (f)**

Höfundur: Snorri Emilsson og Ágúst Torfi Magnússon
 Leikstjórn: Snorri Emilsson og Ágúst Torfi Magnússon
 Þátttakendur: 14
 Sýningar: 4
 Áhorfendur: 160

Leikfélag Fljótsdalshéraðs**Maður og kona (s)**

Höfundur: Jón Thoroddsen
 Leikstjórn: Einar Rafn Haraldsson
 Þátttakendur: 46
 Sýningar: 8
 Áhorfendur: 605

Ástir í viðjum efnafræðinnar (f)

Höfundur: Jón Gunnar Axelsson
 Þátttakendur: 2
 Sýningar: 1
 Áhorfendur: 70

Sýnt á einþáttungahátíð BÍL á Hallormsstað í maí.

Maðurinn (f)

Höfundur: Halldór Laxness
 Leikstjórn: Halldóra Malen Pétursdóttir
 Þátttakendur: 2
 Sýningar: 1
 Áhorfendur: 70

Sýnt á einþáttungahátíð BÍL á Hallormsstað í maí.

Leikfélag Reyðarfjarðar**Þúsund og ein nótt**

Höfundur: Dominic Cooke
 Þýðandi: Ólafur Haraldsson
 Leikstjórn: Helga Vala Helgadóttir
 Þátttakendur: 35
 Sýningar: 4
 Áhorfendur: 300

Jósep og Draumakápan (b)(s)

Höfundur: Andrew Lloyd Webber og Tim Rice
 Þýðandi: Þórarinn Hjartarson
 Leikstjórn: Ingunn Indriðadóttir
 Þátttakendur: 14
 Sýningar: 3
 Áhorfendur: 240

Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfríði

Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan



Höfundur: Marc Camoletti
Þýðandi: Sigurður Atlason
Leikstjórn: Björn Gunnlaugsson
Þátttakendur: 12
Sýningar: 7
Áhorfendur: 251

Gegnsætt fólk (h)

Höfundur: Benóný Ægisson
Leikstjórn: Valdimar Másson
Þátttakendur: 9
Sýningar: 1
Áhorfendur: 70

Sýnt á einþáttungahátíð BÍL á Hallormsstað í maí.

Götuleikisýning (g)

Höfundur: Leikhópurinn
Leikstjórn: Brynhildur Guðmundsdóttir og Valdimar Másson
Þátttakendur: 30
Sýningar: 2
Áhorfendur: 150

Afmælishátíð Veru (d)

Höfundur: Ýmsir
Leikstjórn: Valdimar Másson
Þátttakendur: 30
Sýningar: 1
Áhorfendur: 200

Erfið ákvörðun (e)

Höfundur: Kristín Steinsdóttir
Leikstjórn: Brynhildur Guðmundsdóttir
Þátttakendur: 9
Sýningar: 1
Áhorfendur: 120

Leikfélag Hornafjarðar

Gísl (s)



Höfundur: Brendan Behan
Þýðandi: Jónas Árnason
Leikstjórn: Próstur Guðbjartsson
Þátttakendur: 36
Sýningar: 7
Áhorfendur: 337

Petta snýst ekki um ykkur

Höfundur: Gunnar Gunnsteinsson
Leikstjórn: Próstur Guðbjartsson
Þátttakendur: 22
Sýningar: 7
Áhorfendur: 254

Leikhópur Mána, Nesjum

Pú ert í blóma lífsins fíftíu þitt

Höfundur: Davíð Þór Jónsson og Lf. Hafnarfjarðar
Leikstjórn: Magnús J. Magnússon
Þátttakendur: 35
Sýningar: 5
Áhorfendur: 198

Leikhópurinn Lopi, Höfn

Blekkingin

Höfundur: Magnús J. Magnússon
Leikstjórn: Magnús J. Magnússon
Þátttakendur: 40
Sýningar: 5
Áhorfendur: 193

Suðurland

Umf. Biskupstungna, leikdeild

Deleríum Búbónis (s)

Höfundur: Jónas og Jón Múli Árnasynir
Leikstjórn: Björn Gunnlaugsson
Þátttakendur: 8
Sýningar: 12
Áhorfendur: 440

Grease (h)

Höfundur: Jim Jacobs og Warren Casey
Þýðandi: Guðjón Sigvaldason
Leikstjórn: Björn Gunnlaugsson
Þátttakendur: 26
Sýningar: 4
Áhorfendur: 300

Leikfélag Rangæinga

Emil í Kattholti (b)(s)



Höfundur: Astrid Lindgren
Þýðing: Vilborg Dagbjartsdóttir og Böðvar Guðmundsson
Leikstjórn: Margrét Tryggvadóttir
Þátttakendur: 40
Sýningar: 13
Áhorfendur: 1.292

Leikfélag Sólheima

Hárið okkar (s)

Höfundur: Leikgerð Eddu Björgvinsdóttur
Leikstjórn: Edda Björgvinsdóttir
Þátttakendur: 53
Sýningar: 10
Áhorfendur: 2.000

Leikfélag Selfoss

Á Suðurlandsvaktinni (f)



Höfundur: Sigurgeir Hilmar Friðbjólfsson
Leikstjórn: Jón St. Kristjánsson
Þátttakendur: 28
Sýningar: 17
Áhorfendur: 1.100

Leikfélag Hveragerðis

Dýrin í Hálsaskógi (b)(s)



Höfundur: Torbjörn Egner
Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalek
Leikstjórn: Sigurður Blöndal
Þátttakendur: 28
Sýningar: 35
Áhorfendur: 3.473
Leikferðir til Oslo í Noregi, Reykjavíkur og á Hvolsvöllum.

Götuleiksýning (g)

Höfundar: Ylfa Lind Gylfadóttir og leikhópurinn
Leikstjórn: Ylfa Lind Gylfadóttir
Þátttakendur: 19
Sýningar: 1

Leikfélag Vestmannaeyja

Saumastofan – tiskuhús (s)

Höfundur: Kjartan Ragnarsson
Leikstjórn: Andrés Sigurvinsson
Þátttakendur: 61
Sýningar: 12
Áhorfendur: 1.250

Allt í plati (b)(s)

Höfundur: Leikgerð Þröstur Guðbjartsson
Leikstjórn: Andrés Sigurvinsson
Þátttakendur: 48
Sýningar: 11
Áhorfendur: 1.206

Annað

Leikfélagið Sýnir

Hverjir voru hvar? (f)(e)

Höfundur: Guðmundur L. Þorvaldsson
Leikstjórn: Ármann Guðmundsson
Þátttakendur: 9
Sýningar: 3
Áhorfendur: 150

Sýnt á einþáttungahátíð BIL á Hallormsstað í maí.

Hann (f)(e)



Höfundar: Júlíus Júlíusson og leikhópurinn
Stjórmaði: Júlíus Júlíusson
Þátttakendur: 8
Sýningar: 1
Áhorfendur: 70
Sýnt á einþáttungahátíð BIL á Hallormsstað í maí.

Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg

Hefð er ekki hefð nema hefðin sé hefð! (f)(s)



Höfundar: Félagar í Spuna
Leikstjórn: Þorsteinn Eggertsson
Þátttakendur: 17
Sýningar: 3
Áhorfendur: 300
Sýnt í Lúxemborg

Skýringar á merkingum

b – barnaleiksýning
d – dagskrá
e – einþáttungur
f – frumfluttningur á Íslandi
g – götuleikhús
h – hluti úr verki
o – sýning án leikara
s – söngleikur/leikrit með söngvum

Skýrslur stjórnna aðildarféлага Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2001–2002

Halaleikhópurinn:

Halaleikhópurinn í Reykjavík var með tvö verk í gangi á síðasta leikári. Í júní 2001 var verkefnið „Í túnfætinum“ samsett dagskrá með leikritum, ljóðum og tónlistarflutningi sem stóð yfir í þrjá daga. Alls voru þáttakendur í flutningi verkanna 17 og aðal-leikstjórn var í höndum Guðmundar Magnússonar. Ekki voru seldir aðgöngumiðar að dagskránni. Áhorfendafjöldi áætlaður um það bil 350 manns.

Í apríl 2002 var „Kaffileikhús“ með 16 liða dagskrá og sýningar urðu tvær. Flutt var leikritið Bögglu-uppboðið eftir einn meðlim Halaleikhópsins, Kristínu R. Magnúsdóttur. Inn í það var spunnið fjölmörgum atriðum sem mest öll voru samin af félögum Halaleikhópsins. Æfingar hófust 18 febrúar. Leikstjórn var í höndum Eddu Guðmundsdóttur. Leikendur og flytjendur 23 talsins. Sýningartími 2 tímar og 15 mínútur. Áhorfendafjöldi 120 manns.

Aðalfundur Halaleikhópsins verður trúlega í ágúst nk. svo að endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir en er áætlaður um það bil 300.000 kr. á hvort verk.

Einar Andrésson, formaður

Leikfélag Blönduóss:

Stjórn LB var þannig skipuð: Formaður Kristín Guðjónsdóttir, gjaldkeri Hólmfríður B. Jónsdóttir, ritari Benedikt Blöndal Lárusson og meðstjórnendur þau Birna Lúkasdóttir og Þorgrímur Pálmason.

Stjórn Leikfélags Blönduóss gerði Njál Þórðarson, einn elsta og reyndasta leikara félagsins, að heiðursféлага í október 2001 og hélt honum hof af því tilefni. Var Njáli færð að gjöf mynd, teiknuð af listamanninum Guðráði Jóhannssyni, en myndin sýnir Njál í einu af sínum eftirminnilegustu hlutverkum, Charlie Brown í Þið munið hann Jörund.

Nokkrir félagar leikfélagsins sömdu og léku skemmtiatriðin á þorablóti Kvenfélagsins Vöku í janúar 2002.

Leikstjórinn Rósa Guðný Þórsdóttir var ráðin til félagsins. Hún kom í febrúar og hélt námskeið. Í kjölfar þess hófust svo æfingar á leikritinu Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan eftir Mark Camoletti í

leikgerð Sigurðar Atlasonar. Leikarar voru 6 en alls komu að sýningunni um 20 manns. Áttum við ákaflega gott samstarf við Rósu og fékk sýningin góða dóma.

Félagar úr leikfélaginu lásu úr Passíusálmunum í kirkjunni hér á Blönduósi á föstudaginn langa.

Fjórir félagar fóru til Akureyrar í apríl og léku þar í atriði í kvikmynd Arnar Inga, Gilðrunni, sem verður frumsýnd 17. júní 2002.

Kristín Guðjónsdóttir, formaður

Leikfélag Dalvíkur:

Fyrirhugað er mikið starf á næsta leikári og í lok þessa. Áætlað er að halda áfram með Bakkabræður eins og verið hefur til þessa. Dámar mér nú danskurinn heldur áfram í haust þegar farfuglarnir fara að tygja sig á burt, starf verður fyrir fiskidaginn mikla og einhver undirbúningur vegna þessa.

Nýbreytni hjá leikfélaginu er einnig starf sem hefst í sumar með leiklistarnámskeiði fyrir börn sem koma til með að vera í 8.–10. bekk. Í haust verður svo sett upp leikrit með krökkum á aldrinum 13–18 ára sem hingað til hafa ekki átt kost á að vera með í starfi leikfélagsins þegar sett er upp leikrit. Leikfélag Dalvíkur hefur nefnilega þá reglu í starfi sínu að börn sem eru á grunnskólaaldri eru ekki með í leikriti (nema í undantekningartilvikum) vegna þess að æfingar eru að mestu á kvöldin og allar helgar. Því hafa börn sem þurfa að mæta í skóla og læra heima ekkert að gera í þannig starfsemi. Búið er að ákveða hvaða verk verður sett upp í haust með krökkunum, en það er frumsamið leikrit eftir Júlíus Garðar Júlíusson sem einnig er leikstjóri leikársins. Mikilvægt er að hafa í huga að um alvöruleikrit er að ræða með ljósum, hvíslara, leikskrá, auglýsingum o.fl. Grunnskólar byggðarlagsins taka þessu átaki fagnandi og hafa boðið nemendum sínum sem ætla að vera með í leikritinu einingar fyrir.

Eftir áramót verður svo sett upp annað leikrit eins og við erum vön. Ekki er búið að ákveða hvaða leikrit það verður en leikstjórinn okkar í ár verður Júlíus Garðar Júlíusson. Ekkert er vitað um frekara starf en öruggt er að leikfélagið tekur öllum þeim áskorunum

er berast.

Júlíus G. Júlíusson, formaður og Eyrún Rafnsdóttir, gjaldkeri

Leikfélag Fljótsdalshéraðs:

Leikfélag Fljótsdalshéraðs hefur undanfarin 36 ár staðið fyrir blómlegu leiklistarlífi hér á Héraði. Á þessum árum hefur leikfélagið sett upp 44 leikverk ásamt hinum ýmsu kabarettum og öðrum uppákomum. Þetta leikár hefur verið mjög annasamt hjá okkur í LF og hefur ýmislegt verið baukað.

Sl. haust hélt LF námskeið fyrir krakka í 5.–10. bekk í Egilsstaðaskóla, Hallormsstaðaskóla, Brúaraskóla og Fellaskóla. Þetta er annað árið í röð sem við höldum slíkt námskeið og hafa þau vægast sagt fallið í góðan jarðveg því að þessu sinni mættu rúmlega 60 krakkar en námskeiðið var haldið að Brúarási að þessu sinni. LF hefur ákveðið að halda slík námskeið árlega og reyna að dreifa þeim um héraðið.

Í jólamánuðinum fór LF í samstarf með Markaðsstofu Austurlands og ferðaskrifstofu Austurlands vegna jólaverkefnis. Ætlunin var að hingað kæmi fjöldi ferðamanna til að sjá íslenskan jólaundirbúning og var verkefni LF að sjá um að sýna ferðamönnum rammíslenska jólasveina. Reyndin varð reyndar sú að ferðamennirnir urðu ekki mjög margir og varð þetta því ekki eins stórt í sniðum og búist hafði verið við. Kanski þetta gangi betur næstu jól... hver veit?

Fljótlega eftir áramótin var síðan hafist handa við að æfa leikritið Maður og kona eftir Jón Thoroddsen í leikgerð Emils Thoroddsen og Indriða Waage í leikstjórn Einars Rafns Haraldssonar og var það frumsýnt 22. mars sl. Sýningin tókst með ágætum og fékk hún fína dóma í fjölmiðlum. Ákveðið var að flikka aðeins uppá sýninguna og var bætt inn í hana nokkrum gullfallegum frumsömdum lögum eftir Thorvald Gjerde, Jónas P. Bjarnason, Steinunni Óttu Stefánsdóttur og Jónas Þór Jóhannsson.

Halldór Kiljan Laxness átti aldarafmæli 23. apríl sl. og af því tilefni héldu LF, Gunnarsstofnun og Bókasafn Héraðsbúa Laxnessvöku í Valaskjálfi. Sú vaka tókst vel þó fáir áhorfendur hafi mætt til að berja hana augum en það sem stendur kannski uppúr er sá fjölbreytti hópur sem steig þarna á svið.

9.–12. maí s.l. var aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn á Hallormsstað. Samhliða honum var haldin einþáttungahátíð og mættu til leiks 12 einþáttungar sem margir hverjir voru hreint magnaðir. LF var með 2 einþáttunga en það voru þeir Friðjón og Siggí Boggi með Ástir í viðjum efnifræðinnar eftir Jón Gunnar Axelsson og Vígbór Sjafnar með Maðkinn eftir Halldór Laxness. Búist var við að allt að 100 manns myndu sækja fundinn og hátíðina en reyndin varð sú að rúmlega 60 manns komu og voru

það mikil vonbrigði. Allt fór þó vel fram og fullyrði ég að allir hafi átt notalega og skemmtilega stund í skóginum. Ég vil þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við að gera þessa hátíð að því sem hún var, kærlega fyrir því við megum vera stolt af okkur fyrir hversu vel til tókst.



Úr sýningu Leikfélags Fljótsdalshéraðs á einþáttungnum Ást í viðjum efnifræðinnar, sem sýndur var á Hallormsstað.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs er einkar virkt þessa stundina og er margt spennandi og skemmtilegt á döfinni. Leikfélagar eru mjög aktívir og eru komnar margar góðar hugmyndir um hvað skal gera á næstunni.

Þráinn Sigvaldason, formaður

Leikfélag Hornafjarðar:

Stjórn hefur starfað stöðugt frá síðasta aðalfundi. Fastir stjórnarfundir voru haldnir á Kaffi Horninu á þriðjudögum kl. fimm síðdegis og gafst það fyrirkomulag mjög vel. Þeir mættu sem gátu og lítill tími fór í fundarboðun. Strax að loknum aðalfundi var hafist handa við skipulag vetrarstarfsins, verkefnaval og ráðningu leikstjóra. Nokkrar bréfaskriftir og funda-höld urðu við bæjaryfirvöld um sýningarhúsnæði og urðu málalok þau að Mánagarður yrði sýningarhús fyrir bæði þau verkefni sem fyrirhuguð voru. Gengið var til samstarfs við Framhaldsskólann um haustverkefni og ákveðið að halda upp á 40 ára afmæli félagsins á veglegan hátt eftir áramót. Þröstur Guðbjartsson leikstjóri var ráðinn í bæði verkefnin. Hann kom 1. október og var þá strax byrjað á námskeiði með nemendum framhaldsskólans.

Í framhaldi af námskeiðinu hófust æfingar á „Þetta snýst ekki um ykkur“ eftir Gunnar Gunnsteinsson og félagi í Leikfélagi Fljótsdalshéraðs og Leikfélagi Menntaskólans á Egilsstöðum. Bryndís gjaldkeri tók að sér stöður aðstoðarleikstjóra og sýningarstjóra, þannig að mikið hvíldi á henni en þótt formaður reyndi af fremsta megni að leggja sitt af mörkum gekk það ekki allt sem skyldi. T.d. þótti sannað að ekki væri hún hæf til að keyra lýsingu sökum handskjálfta og fleiri annmarka. Hún tók þó að sér störf gjaldkera sýningarinnar og taldist það sleppa til stórslysalaust.

Þorsteinn Sigurbergsson hannaði lýsingu, Árni Már Sigurðsson keyrði ljósín, Gísli Örn Reynisson var hljóðmaður og Matthildur Birna Gunnarsdóttir leikmunavörður. 16 leikarar tóku þátt í sýningunni, Ágúst Reynisson, Ásta Margrét Elfnardóttir, Bjarnheiður Stefanía Helgadóttir, Edda Bjarnadóttir, Eva Birgisdóttir, Eydís Einarsdóttir Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, Íris Jóhanna Ólafsdóttir, Jónas Magnússon, Kolbrún Reynisdóttir, Magnús Ramíres, Lilja Sigurðardóttir, Ólafur Páll Vignisson, Svafa Mjöll Jónasar, Sigríður Bára Steinþórsdóttir og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir.

Þátttakendur voru því alls 22. Lengd sýningarinnar var 110 mín. og var frumsýnt þann 16. nóvember. Sýningar urðu 7 og síðasta sýning var sunnudaginn 2. desember. Tókust þær allar með ágætum utan hvað ljósaborð LH fraus endanlega á síðustu sýningunni og þurfti að stöðva sýningu á meðan viðgerð fór fram. Til allrar blessunar var Steini staddur í húsinu þegar ósköpin dundu yfir en hann hafði komið með Þorgeiri Tryggvasyni, gagnrýnanda Morgunblaðsins, á sýninguna. Hann var svo vinsamlegur að minnst ekki á tæknimál félagsins í umsögn sinni í blaðinu heldur skrifaði aðeins um sýninguna að öðru leyti og leikinn og var mjög jákvæður í dómum sínum. Að þessari ljósaupþákomu lokinni ákváðu stjórnin og Steini að við svo búið mætti ekki standa og pöntuðu nýtt ljósaborð sem Steini sótti svo til Reykjavíkur og var kominn með það heim sunnudaginn 16. desember. Einu leiðindin við FAS-verefnið voru að skömmu fyrir frumsýningu kom það upp að nokkrir starfsmenn bæjarins töldu að ekki hefði verið gengið nægjanlega formlega frá leigusamningi vegna Mánagarðs og kom til tals frá þeirra hálfu að stytta sýningarplan þar sem taka þyrfti húsið til annarra nota. Stjórn leikfélagsins fór á fund ráðamanna og skýrði sína hlið á málinu og urðu lyktir þær að áður gerð áætlun stæði. Einnig mætti kalla það leiðindi hve áhorfendur voru fáir, aðeins 254 talsins en úr bætir hve þeir gerðu góðan róm að sýningunni. Sýningin kom út með halla upp á 431.602 kr. sem var greitt af Framhaldsskólanum. Sótt var um styrki vegna þessa verkefnis bæði til Menningarsjóðs og Bæjarsjóðs en báðum umsóknunum var hafnað.



Vinnan við afmællissýninguna, Gísl eftir Brendan Behan í þýðingu Jónasar Árnasonar, byrjaði með opnu húsi í Hlöðunni föstudaginn 19. október. Þar mættu 13 manns auk stjórnarmeðlima og leikstjóra og var búið að manna sýninguna áður en leikstjórinn fór í jólafrí. Fyrsti samlestur var þriðjudaginn 30. október en eiginlegt æfingatímabil hófst 14. janúar. Þróstur vildi hafa dans og lífflega írsku tónlist. Ólafur Geir Jóhannesson danskennari var fenginn í dansdæmið og Jóhann Morávek í tónlistina. Hann stofnaði litla hljómsveit og fékk í lið með sér Zophonías Torfason og Sigurð Mar Halldórsson. Hvíslarar voru Anna María Ríkharðsdóttir og Ásta Guðmundsdóttir. Um förðun sáu Árnína Guðjónsdóttir og Anna Björg Kristjánsdóttir en Ingibjörg Steinsdóttir greiddi hár leikara. Eyjólfur Guðmundsson og Hrollaugur Marteinson aðstoðuðu við smíðavinnu og Unnur Garðarsdóttir við saumaskap. Aðstoðarmaður leikstjóra var Súsanna Torfadóttir og Erla Einarsdóttir var kjallarmeistari. Ljósín voru að venju í höndum Þorsteins Sigurbergssonar og aðstoðarmaður hans var, einnig að venju, Árni Már Sigurðsson. Bryndís og Lísa sáu um leikskrá, auglýsingar, aðstoð við málíngarvinnu og fleira smálegt. Guðrún Jónsdóttir var sölu- og innkaupastjóri vegna sýninga. 17 leikarar tóku þátt í uppfærslunni: Ingvar Þórðarson, Kristín G. Gestsdóttir, Sigurður Kr. Sigurðarson, Þórlaug Sveinsdóttir, Guðrún Ingólfsdóttir, Þrúðmar Kári Ragnarsson, Þóra Kristín Ludwigsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir, Erlingur Arason, Jónas Magnússon, Helga Erlendsdóttir, Bjartmar Ágústsson, Ingvar Árni Ingvarsson, Kristjón Elvarsson, Kristbjörg Bragadóttir, Svava Kr. Guðmundsdóttir og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir. Alls verður því að teljast að 36 manns hafi unnið að uppfærslu verksins sem tók 135 mín. í sýningu. Frumsýnt var 12. mars en þá voru liðin rétt 40 ár frá fyrsta fundi félagsins. Sýningar voru 7 en áhorfendur aðeins 337. Þegar þetta er ritið liggur uppgjör ekki fyrir en það kemur fram í rekstrarreikningi félagsins.

Þorsteinn hélt úti sýningum á Sólarhring í fyrrasumar og sýndi þrjár sýningar um helgar. Aðsókn var dræm en hann stefnir þó ótrauður á sýningarhald nú í sumar og er á fullu í undirbúningi. Ekki kom til stjórnarkreppu í félaginu þetta starfsár þótt breytingar yrðu. Benedikta Theodórs flutti af staðnum og nýr ritari var kosinn Lilja Hrund Harðardóttir. Sökum vanheilsu starfaði hún þó lítið og hafa ritstörf að mestu verið í höndum formanns.

Hlaðan er nú um þessar mundir kosningaskrifstofa Kríunnar og verður umsamin húsaleiga innt af hendi í formi lekaviðgerða en í vetrarríngingunum hófst vatnsgangur mikill í forstofu neðri hæðar og verður í framhaldi af því að skipta um loftklæðningu þar þegar komist hefur verið fyrir lekann. Framundan er einnig hin árvissa vorhreingerning í Hlöðunni og þurfum við að finna hentugan dag í það verk. Nú erum við byrjuð

að koma ýmsum gögnum úr sögu félagsins til varðveislu á Sýslusafninu og eru t.d. gamlar gjörðabækur og nokkur gömul og ný myndaalbúm komin þangað og meira á leiðinni þegar tími gefst í þá vinnu. Safnið stefnir á að halda sögusýningu á þessum munum en tímasetning er ekki komin í umræðuna enn. Einnig má geta þess að nokkuð af gögnum, leikskrár og öðrum heimildum er í notkun sem stendur, einn af nemendum Framhaldsskólans er að skrifa sögu leiklistar í sýslunni og kemur Leikfélag Hornafjarðar þar mjög við sögu.

Stjórn telur sig skilja við starfsárið með hreinan skjöld utan viðgerða á leiksviðinu í Mánagarði sem ekki er lokið. Þar er nokkurt verk óunnið sem enginn hefur tekið að sér þegar þetta er ritað og veldur það formanni, a.m.k., hugarangri og verður að vinna bráðan bug til úrlausnar á því dæmi. Að svo mæltu þakka ég stjórninni og félagsmönnum öðrum gott samstarf á árinu og óska Leikfélagi Hornafjarðar velfarnaðar í bráð og lengd.

Elísa Jónsdóttir, formaður.

Leikfélag Hólmavíkur:

Í júníbyrjun, eftir mánaðar hvíld, héldum við með Karlinn í kassanum í leikferð. Ein sýning var í Sævangi, svona rétt til að hita upp, en fámennt var, enda flestir búnir að sjá uppsetninguna. Næst var farið í Króksfjarðarnes og sýnt þar fyrir um 70 manns. Þá var farið á Drangsnæs, en þar komu fáir. Að lokum var farið í Árneshreppinn þar sem ætíð er 100% mæting, það versta er hversu íbúum hefur fækkað þar í sveit.

Ekkert kaffileikhús var um sumarið enda þreyta í mannskapnum eftir Karlinn í kassanum, en við breyttum upp ermar í ágúst og héldum á Galdrahátíð á Ströndum í Bjarnarfirði. Þar settum við upp stærðarinnar tjald þar sem flutt voru stutt leikatriði og sögur leiklesnar. Þjóðsagnatjaldið var opið frá 18.–21. á föstudeginum og frá 10.–18. á laugardeginum. Misjafnlega margir hlustuðu á, fæstir fyrir hádegi á laugardeginum og besta mætingin var á laugar-dagsnóttina, en þá voru ekki sagðar sögur heldur sungnar drykkjuvísur og gleðisöngvar og naut leikfélagið þá dyggrar aðstoðar hátíðargesta. Einnig sá leikfélagið um setningaratriði á föstudagskvöldið kl. 21.00, en það þótti ansi kyngimagnað.

Í lok ágúst var haldin Bændahátíð í Sævangi og sá leikfélagið um skemmtiatriði við hæfi bænda og búaliðs. Sem sagt, verðlaunahrút var slátrað og hann fleginn og steiktur við mikla kátínu viðstaddra.

Í febrúar sá leikfélagið um skemmtiatriði á Þorablóti Hólmvíkinga og í mars um Góugleðina.

Ekkert leikrit var sett upp á leikárinu en við stefnum ótrauð á uppsetningu næsta haust eða vetur. Oft er

það, á svona litlum stöðum, að sama fólk er í öllum verkefnum leikfélagsins fyrir utan annað félagsstarf. Þess vegna verður oft að taka hlé í leikstarfinu svona rétt til að hvíla félagana. Í Grunnskóla Hólmavíkur er hafið mikið leiklistarstarf og kennsla í tjáningu var aukin sl. haust og byrjað að kenna tjáningu á miðstigi. Við sjáum því fram á bjarta framtíð í þessum málum hér á staðnum.

Ég vil enda þennan pistil með því að kveðja ástkæra vinkonu okkar og féлага, Steinunni Björgu Halldórsdóttur sem kvaddi okkur aðeins 39 ára gömul þann 3. apríl sl. Steina lék með okkur í Landabruggi og ást og Tobacco Road. Þó hún væri ekki með í mörgum leikritum þá kom hún að einhverju leiti að flestum sýningum okkar, hvort sem þurfti að selja inn, finna leikmuni eða búninga, safna styrktarlínum, baka, elda, hlæja, syngja, gráta. Svo fyrir utan hvað hún lánaði manninn sinn hann Einar oft í gegnum árin. Eitt er víst að við munum sakna hlátursins hennar utan úr sal þegar eitthvað skemmtilegt gerist á sviðinu. Við sendum Einari, formanni leikfélagsins, og Bjarka og Magnúsi sonum þeirra okkar dýpstu samúðarkveðjur.

Salbjörg Engilbertsdóttir, gjaldkeri

Leikfélag Húsavíkur:

Í maí 2001 var haldinn fyrsti fundur vegna „Mærudaga“ 2001 en það er úti- og bryggjuhátið sem er orðin nokkuð árviss á Húsavík eina langa helgi í júlí. Leikfélagið sá algerlega um framkvæmdina þetta árið.



Úr sýningu Leikfélags Húsavíkur á Jörundi.

Í október hófust svo æfingar með aðalleikurum á Jörundi (Þið munið hann Jörund). Einungis var æft fjögur kvöld í viku þar sem leikstjórinn Sigurður Hallmarsson var upptekinn við æfingar og sýningar hjá Leikfélagi Akureyrar. Fjögurra manna hljómsveit, sem sá um músíkina í verkinu, hóf einnig æfingar um svipað leyti.

Þessir tveir hópar æfðu sitt í hvoru lagi að mestu. Í desember var leikurum gefið frí en senusmiðir sem

dundað höfðu sér við að smíða skip í Flókahúsi (verkstæði leikfélagsins) gerðu sig klára að „sigla“ skipi Jörundar á svið Samkomuhússins.

Þegar síðasti jólasveinninn var horfinn úr mannabyggð hófust æfingar aftur og nú með öllu tilheyrandi, aðalleikurum, aukaleikurum (annað sveitafólk), hljómsveit, búningakonum o.s.frv.

Frumskýning var 26. janúar 2002, alls urðu sýningar 20 og áhorfendur 1500. Síðasta sýningin var 13. apríl fyrir starfsfólk fyrirtækis úr Reykjavík (50 manns) sem var hér í óvissuferð. Félagar úr leikfélaginu æfðu og sýndu leikþáttinn Mæðgurnar á nokkrum skemmtunum.

Ása Gísladóttir, formaður.

Leikfélag Hveragerðis:

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 24. maí 2001 kl. 20.30.

17. júní vorum við með mestalla sýninguna um Herramennina, fyrst í Þorlákshöfn og síðan í Hveragerði. Hveragerðisbær fór þess á leit við okkur að við tækjum hluta 12 ára árgangsins í leiklistarverkefni. Ylfa tók verkið að sér og undirrituð var henni smávegis til aðstoðar. Bærinn greiddi Ylfu laun og fyrir afnot af húsinu fengum við gert við litla klósettið og fleira smávegis af hálfu bæjarins. Sumarleiklistin hófst svo 16. júlí og lauk laugardaginn 18. ágúst með götuleiksýningu á Blómstrandi dögum. Einnig var opið hús í Völundi laugardag og sunnudag, fatamarkaður, hlutavelta og kaffisala. Er skemmst frá því að segja að þessa helgi var slagveður og ekki hundi út sigandi. Götuleikhúsið fór samt á stúfana, en ýmislegt af því sem átti að gera fór fyrir lítið, þar sem ekki var hræða á ferli. Hluti dagprogrammsins var færður inn á gamla hótelið. Um kvöldið voru krakkarnir með atriði í íþróttahúsinu. Sýningin var tekin upp á myndband, en upptakan mistókst að vísu um miðbikið og nú er eftir að vita hvort upptakan og lýsing á því hvernig götusýningin átti að vera færir okkur smá styrk frá ríkinu. Aðsókn að Völundi var heldur ekki mikil þessa helgi.

Smíði við framlengingu á sviðinu í Völundi hófst 21. ágúst og lauk verkinu 1. september. Að þessu verki unnu að langmestu leyti tveir menn, Bjarni Guðmundsson hirðsmiður leikfélagsins og Þórhallur, sérlegur bókarí félagans.

Að þessu sinni vorum við snemma í því með haustverkefnið. Ákveðið var að setja upp Dýrin í Hálsaskógi, sem höfðu gert lukku 12 árum fyrr og voru Mikki og Lilli leiknir af sömu leikurum og þá. Sigurður Blöndal félagi okkar var fenginn til að stýra verkinu. Samlestur hófst 27. ágúst í skólanum, þar sem smíðavinna var enn í gangi í Völundi. Að þessu sinni fengum við ljóshönnuð frá Hornafirði til að

hanna lýsingu og segja okkar ljósamönnum til í leiðinni. Jafnframt ljóshönnun var gerð gangskör að því að koma ljósbúnaði okkar og leiðslum í betra horf. Hann tók ekkert fyrir nema kostnað við ferðir. Þegar hins vegar stykkið rokgekk svo ekki var nokkurt lát á aðsókn, þá kunnu formaður og gjaldkeri ekki við annað en að láta hann njóta þess og greiddu Þorsteini ljósasníllingi 100 þús. kr. Frumsýnt var 13. okt. og sýnt allar helgar fram til 2. desember, flestar helgar 3 sýningar og 4 sýningar síðustu helgina. Þá fóru Dýrin í jólafrí, en jafnframt var ákveðið að þau yrðu einnig vorverkefni, því ekkert lát var á aðsókn.

Leikfélagið sá um dagskrána þegar kveikt var á jóla-trénu og einnig var pakkaútburður á aðfangadag á sínum stað að venju.

Snemma á sýningartímabilinu var farið að ræða um utanför Dýranna og byrjað að safna í ferðasjóð. Allur ágóði af sjoppusölu rann í sjóðinn auk þess sem leikarar tóku þátt í ýmis konar uppákomum út um hvíppinn og hvappinn.



Úr sýningu Leikfélags Hveragerðis á Dýrunum í Hálsaskógi.

En nú var sjóður félagsins töluvert farinn að bóligna og var ákveðið að láta gamlan daum rætast og hækka upp gólfið í salnum. Efnið var pantað og talað við iðnaðarmenn, sem tóku ótrúlega vel í að gefa Leikfélaginu vinnu sína allt frá nokkrum klukkutímum upp í tvær helgar og sumir vel það. Flestir voru utanfélagsmenn. Sæmundur Ingibjartsson var yfirsmiður og honum til aðstoðar voru Bjarni Guðmundsson, Þórhallur Hróðmarsson, Hörður Friðþjófsson, Friðgeir Kristjánsson og Óli Thorlacius auk þess sem Sævar Logi og undirrituð unnu t.d. við að klippa girði, sníða ull o.fl., Sigurður Blöndal tók þátt í hönnun mannvirkisins og því að reikna út innkaup og Sigurður Jakobsson tók út teikninguna. Jón Sigurðsson bólstrari lagði flísar, Jón Þórisson pípari flutti ofna, Sölvi Ragnarsson kom að rafmagnsvinnu, Sigurður Guðmundsson bílstjóri flutti efni fyrir ekki neitt og Örn Guðmundsson dúkari og

Hörður Arnarson lögðu teppi á pallana og ganginn. Öllum þessum mönnum kunnum við hinar bestu þakkir fyrir alla þessa vinnu. Annan janúar mættu Sævar Logi, Sigurjón Einar og Díana Rós ásamt undirritaðri til að rýma salinn, 3. jan. kom efnið úr Húsasmiðjunni og 4. jan. kl. 16.00 hófst smíðin og að kvöldi sunnudagsins 13. var ekki annað eftir en að fúga ytri forstofuna. Nítjándan jan. hófust svo sýningar að nýju og lokasýningin, sú 35., var 9. mars og höfðu þá rúmlega 3 þús. manns séð sýninguna. Daginn eftir skruppu Dýrin austur í Njálshúsi að heimsækja Emil í Kattholti.

Nokkrir félagar tóku að venju þátt í að lesa Passíusálmana í kirkjunni á föstudaginn langa, t.d. Stefán Sigurðsson, elsti félagi Leikfélagsins, 101 árs. Þar var þess getið og einnig í fjölmiðlum að lestur Passíusálmanna í Hveragerðiskirkju hefði hafist að frumkvæði Leikfélagsins, en það var Grétar Einarsson, þáverandi ritari félagsins, sem átti drýgstan þátt í því að koma fyrsta Passíusálmalestrinum á.

Nú var farið að huga að utanferð fyrir alvöru, leita eftir styrkjum og hafa samband við Íslendingafélögin í Noregi og Danmörku. Niðurstaðan varð sú að fara bara til Noregs. Aðgangseyrir að síðustu 5 sýningunum rann í ferðasjóð og réttthafar höfundar- og þýðendalauna gáfu þau eftir af þessum 5 sýningum.

Í byrjun apríl bilaði miðstöðin í Völundi. Hún er nú komin í lag, það kostaði sitt en fór þó betur en á horfðist. Ýmislegt fleira þarf að gera í húsinu, mála, setja nýjar rennur og skipta um brotnar rúður svo eitthvað sé nefnt.

Starfsár félagsins er frá 1. maí til 30. apríl þannig að hér ætti að setja punkt, en ég ætla að syndga aðeins upp á náðina. Sunnudaginn 5. maí héldum við bingó í skólanum til ágóða fyrir ferðasjóðinn og laugardaginn 1. júní sýndum við Dýrin í Tjarnarbíói í Reykjavík. Það gekk vel og áhorfendur voru milli 140 og 150, en hefðu mátt vera fleiri, þar sem húsið tekur 236 í sæti. Svo verður haldið til Oslo 19. júní og komið til baka 30. júní og munu Dýrin stíga á svið um borði í skipi laugardaginn 22. júní.

Ég vil að lokum færa öllum þeim sem lögðu starfi félagsins lið á síðasta starfsári bestu þekkir fyrir mikið og förmúst starf og þakka þeim samvinnuna.

Anna Jórunn Stefánsdóttir, formaður.

Leikfélag Kópavogs:

Það leikár sem nú er að líða er eitt það gróskumesta og best heppnaða hjá Leikfélagi Kópavogs í fjölda- mörög ár. Starfsemin hefur verið meiri en nokkur undanfarin misseri og má fullyrða að magn hafi þar haldist í hendur við gæði.

Haustfundur

Leikfélagið var gestgjafi á haustfundi Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldinn var í Félagsheimili Kópavogs í lok september 2001. Mættu um 70 manns á fundinn víða að af landinu. Á föstudagskvöld voru flutt erindi um ýmislegt sem viðkom stjórnun leikfélaga en sjálfur fundurinn hófst á laugardagsmorgun. Eftir hádegi var honum frestað vegna málþings um leikstjórn í áhugaleikhúsi. Rúnar Guðbrandsson, Guðjón Sigvaldason, Vigdís Jakobsdóttir og Þorgeir Tryggvason fluttu þar erindi og að þeim loknum urðu fjörlegar umræður.

Um kvöldið sátu fundargestir hátíðakvöldverð í boði Bæjarstjórnar Kópavogs. Meðlimir úr Leikfélaginu fluttu skemmtiatriði meðan á borðhaldi stóð. Voru það þau Ágústa Sigrún Ágústsdóttir, Sváfnir Sigurðarson, Helgi Róbert Þórisson og Frosti Friðriksson.

Veislustjóri var Örn Alexandersson.

Haustfundi var fram haldið á sunnudagsmorgun. Þótti fundurinn almennt hafa tekist vel og verið félaginu til sóma.



Úr sýningu Leikfélags Kópavogs á Hinn eini sanni.

Hinn eini sanni

Í september hófust æfingar á verkinu Hinn eini sanni (The Real Inspector Hound) eftir Tom Stoppard. Var litið á það sem bendingu að ofan að formaður og varaformaður fengu hvor í sínu lagi þá hugmynd að setja verkið upp. Leikstjóri var Bjarni Guðmarsson. Frosti Friðriksson sá um leikmynd og Alexander I. Ólafsson um lýsingu. Sex leikarar tóku þátt í sýningunni sem var frumsýnd 20. október. Sýningin fékk ágætar viðtökur og góða dóma. Var sýnt 8 sinnum við þökkalega aðsókn.

Unglingadeild

Stjórn tók þá ákvörðun síðastliðið sumar að hefja að nýju starfrækslu unglingsdeildar. Boðið var upp á námskeið fyrir unglingsdeild á aldrinum 13 – 15 ára. Ágústa Skúladóttir sem einnig starfaði með okkur í fyrra var ráðin leiðbeinandi. Auglýst var í nokkrum skólum í Kópavogi og mættu sex stúlkur til leiks. Námskeiðið stóð yfir með hléum fram í nóvember og

lauk því á að aðstandendur og meðlimir félagsins fylgdust með lítili sýningu sem sýndi afrakstur námskeiðsins. Stefnt var að því að unglingsdeildin setti upp litla sýningu eftir áramót en því varð að fresta til hausts eins og kemur fram að neðan.

Ljósátónleikar

Þann 22. desember skipulagði og flutti félagið í samstarfi við sóknarnefnd Kópavogskirkju svokallaða Ljósátónleika. Ljós- og tæknimenn félagsins hönnuðu mikið ljósaspil sem kastað var á glugga kirkjunnar meðan organistinn lék undir á orgel. Tónlistinni var endurvarpað um hátalara út yfir Borgarholtið meðan ljósamenn fröndu töfrabrogð sín innandyr. Heldur var fátt áhorfenda en þeir sem mættu voru yfir sig hrifnir af þessu sérstaka sjónar- og heyrnarspili. Er jafnvel í ráði að endurtaka leikinn. Aðaldrífraftar Ljósátónleikanna voru þeir Örn Alexandersson og Skúli Rúnar Hilmarsson.

Jólavaka

Jólavaka félagsins var endurvakin skömmu eftir áramót. Var þar boðið upp á léttu skemmtidagskrá. Er það gleðiefni að þessi fyrrum fasti punktur sé aftur kominn á dagskrá. Er ætlunin að endurtaka leikinn á næstu jólum.

Grimm

Í janúar hófust æfingar á Grimm, ævintýrunum sem engan endi virðast ætla að taka. Forsagan var nokkuð löng því síðla vetrar 2001 var Ágústa Skúladóttir ráðin til að setja upp sýningu á þessum tíma. Þá þegar hófust þælingar um hvað skyldi tekið fyrir og varð það ljóst snemma hausts í fyrra. Það kom einnig fljótt í ljós að hugmyndir stjórnar og Ágústu fóru vel saman og var sett af stað hugmyndavinna sem var í gangi fram yfir áramót. Haldinn var kynningarfundur í desember en æfingar hófust síðan strax eftir áramót. Átta leikarar tóku þátt í æfingum og auk þeirra sáu þeir Sváfnir Sigurðarson og Þorgeir Tryggason um lifandi tónlist. Frosti Friðriksson sá um leikmynd af sínu alkunna listfengi, Skúli og Alexander sáu um lýsingu og þær Þórey Björk Halldórsdóttir og Þórunn Eva Hallsdóttir gerðu kraftaverk í búningahönnun. Einar Þór Samúelsson hannaði glæsilega leikskrá og plakat og Vilborg Valgarðsdóttir sem ætlaði að vera okkur innan handar eitt kvöld með förðun fékkst ekki með nokkru móti til að fara fyrir en frumsýnt var. Auk þeirra sem hér hafa verið nefndir komu fjölmargir aðrir að sýningunni.

Frumskýnt var 1. mars og hófst þá nánast óslitin sigurganga Grimm. Gagnrýnandi Morgunblaðsins skrifaði fádæma góða gagnrýni á sýninguna sem vakti mikla athygli.

Dómurinn í Morgunblaðinu var þó aðeins upphafið á mikilli sigurgöngu. Dómnefnd á vegum BÍL valdi sýninguna sem fulltrúa Íslands á Arosia leiklistarhátíðinni í Västerås í Svíþjóð í ágúst. Þá veitti Íslandsdeild IBBY samtakanna félaginu Vorvinda-

viðurkenningu sína fyrir framlag til barnamenningar fyrir sýninguna og var hún afhent í Norræna húsinu á Sumardaginn fyrsta. Á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga var síðan hápunkti náð þegar tilkynnt var að dómnefnd Þjóðleikhússins hefði valið Grimms sem „Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins“.

Hefur félaginu verið boðið að sýna Grimms í Þjóðleikhúsinu þann 16. júní næstkomandi. Nýverið var síðan ákveðið að fara með sýninguna norður til Akureyrar og sýna þar á Jónsmessuleikum föstudaginn 21. júní.

Það má einnig geta þess hér að á aðalfundi BÍL völdu fundarmenn leikskrá Grimm sem bestu leikskrá ársins, leikskrá Hins eina sanna sem frumlegustu leikskrána og plakat Hins eina sanna sem besta plakatið. Er það mikil viðurkenning á frábærri vinnu Einars Þórs Samúelssonar í þeim málum.

Áður en þætti Grimms er lokið vil ég vitna í leikdóm Hávars Sigurjónssonar í Morgunblaðinu. Auk alls þess lofs sem hann hlóð á sýninguna sjálfa sagði hann m.a. um félagið:

„Leikfélag Kópavogs hefur á síðustu árum vakið athygli fyrir frumlegar sýningar og er greinilegt að þar ræður ferð fólk sem kann ágætlega til verka og hefur þekkingu á leiklist.“

Þessi orð staðfesta að sú stefna sem félagið hefur fylgt undanfarin ár og hefur jafnvel verið gagnrýnt fyrir hefur átt fullan rétt á sér. Sú stefna kristallast í leikhúsi sem er rekið á okkar forsendum með listrænan metnað að leiðarljósi. Sú viðurkenning sem félagið hefur fengið fyrir Grimm er nefnilega engin tilviljun heldur árangur margra ára starfs þess litla en harða kjarna sem starfað hefur hjá félaginu undanfarin misseri og er þar í engu tekið frá því fólki sem síðar hefur gengið til liðs við félagið og sýnt hæfileika, sköpunargáfu og dugnað hvort sem á sviðinu eða utan þess. Er það von mín að þær viðurkenningar sem Grimms hefur fengið brýni félagið enn frekar til dáða á komandi árum.

Ýmislegt

Á síðasta aðalfundi urðu engar breytingar á stjórn félagsins. Í aðalstjórn voru þessir:

Hörður Sigurðarson formaður, Bjarni Guðmarsson varaformaður, Guðrún Ísberg gjaldkeri, Einar Þór Samúelsson ritari og Helgi Róbert Þórisson meðstjórnandi. Í varastjórn voru Birgitta Birgisdóttir, Jóhanna Pálsdóttir, Magnús Guðmundsson, Frosti Friðriksson og Örn Alexandersson.

Þrátt fyrir góðan ásetning hefur ekki tekist að virkja alla stjórnarmenn eins vel og mögulegt væri. Það er ljóst að fleiri þurfa að koma að skipulagningu og framkvæmd einstakra verkefna. Í því skyni hefur núverandi stjórn stefnt að því m.a. að fela varastjórn aukið hlutverk.

Vefur félagsins hefur nú verið stafræktur í rúmt ár. Hefur Einar Þór Samúelsson sýnt mikla elju í viðhaldi

hans. Einnig hefur það nýst félaginu vel að hafa aðgang að eigin vef t.d. í tengslum við skipulag sýninga og miðasölu.

Þrátt fyrir allt það jákvæða sem átt hefur sér stað á árinu verður að minnast á aðstöðu eða öllu heldur aðstöðuleysi félagsins. Þó félagið hafi að mestu leyt yfirráð yfir Hjáleigunni hefur það sýnt sig að svigrúm okkar til æfinga og sýninga er mjög takmarkað. Má sem dæmi nefna að fresta þurfti fyrirhugaðri sýningu Unglingadeildar til næsta hausts vegna komu Leikfélags MK í húsið. Enn verra var þó að einungis var hægt að sýna Grimms á laugardögum þar sem húsið var undirlagt af fermingarveislum. Er það mjög bagalegt að vera með eftirsóttá sýningu en geta ekki annað eftirspurn vegna þess að húsnæðið er upptekið. Þá setti það einnig strik í reikninginn að hætta þurfti sýningum í lok apríl þegar Nafnlaus leikhópurinn kom með sýningu. Er þó ekki við þau að sakast í því efni enda hafði löngu verið um það samið. Ekki hefði þurft að koma þar til áreksrar ef félagið hefði haft betri aðgang að húsinu.

Hörður Sigurðarson, formaður.

Leikfélag Mosfellssveitar:

Kæru leiksystkini.

Ég mun flytja hér skýrslu formanns og rifja upp helstu atriði nýliðins leikárs. Leikfélag Mosfellssveitar er án efa eitt starfsamasta leikfélag í Bandalagi íslenskra leikfélaga og starfsemin verður öflugri með hverju árinu sem líður.

Félagið hefur starfað óslitið frá síðasta aðalfundi, sem var 30. maí 2001. Stjórn félagsins á síðasta leikári var skipuð eftirtöldum aðilum: Gunnar Halldór Gunnarsson formaður, María Guðmundsdóttir gjaldkeri, Bóel Hallgrímsdóttir ritari, Hrefna Þorsteinsdóttir meðstjórnandi og Ólafur Haraldsson meðstjórnandi. Varamenn voru Harpa Svavarsdóttir og Hjalti Kristjánsson. Bóel sagði sig úr stjórn 28.11. 2001 af persónulegum ástæðum. Haldnir voru 8 stjórnarfundir á árinu. Í júní fóru 4 félagar í LM í Bandalagsskólann í Svarfaðardal. Við höfum séð að það margborgar sig fyrir LM að styrkja félagsmenn til að fara í skólann. Þannig að ég hvet sem flesta og þar á meðal mig til að láta nú verða af því að fara í skólann.

Á 17. júní skemmtun bæjarins vorum við með götuleikhúsið Hvíta fólkið og atriði úr barnadeildinni, Vér mótmælum allir.

Leikgleði, leiklistarnámskeið fyrir ungt fólk var haldið síðasta sumar eins og undanfarin sumar. Ánægjulegt að sjá að við erum að taka þátt í menningarlegu uppeldi hér í bæ. Töluverð þátttaka var á þau námskeið sem í boði voru. Leiðbeinendur voru Ilmur Kristjánsdóttir og María Heba Þorkelsdóttir og var ánægja með þeirra störf. Eins voru þær stöllur leikstjórar fyrsta leikrits leikársins sem var 10

litlir negrastrákar eftir Agatha Christie. Leikararnir í því verki voru unglingarnir í LM og stóðu þau sig öll með mikilli þryði. Svo mikilli að við fengum boð um að fara með þessa sýningu á fyrstu Norrænu barna- og unglingaleiklistarháttíðina í Södertelje í Svíþjóð sem haldin var dagana 29. september til 6. október 2001. Tókst þetta í alla staði vel og var mikið ævintýri fyrir krakkana okkar sem kynntust jafnöldrum sínum með leiklistarbakteríuna. Um 300 áhorfendur sáu sýninguna okkar og var gerður að henni góður rómur.

25 ára afmæli leikfélagsins var haldið 9. nóvember á Álafoss fót bezt. Tókst sú samkoma í alla staði mjög vel og var rós í hanppagatið fyrir þá sem að henni stóðu.



Úr sýningu Leikfélags Mosfellssveitar á Brúðkaupinu

Æfingar á Brúðkaupi Tony og Tínu hófust í júní í rólegheitum en byrjuðu svo af fullum krafti 28. ágúst og var frumsýnt í lok október. Leikstjóri var Guðný María Jónsdóttir. Þetta var mannmargt leikrit og eins voru gerðar miklar breytingar innanhúss í Bæjarleikhúsinu. Viðbyggingin var t.d. gerð að kirkju, þannig að hægt er að fullyrða að LM hafi stofnað fyrstu kirkjuna á þessum stað. Það var skemmtilega klikkaður hópur sem sýndi Brúðkaupið fyrir fullu húsi í margar vikur og áhorfendur skemmtu sér vel. Í veislunni var boðið uppá spaghetti og ís að ítölskum hætti að ógleymdum fordrykk hússins. Við hættem að sýna í desember þótt við hefðum eflaust getað sýnt Brúðkaupið áfram eftir áramótin. Eftir á að hyggja tel ég að það hafi verið rétt ákvörðun, stundum á að hætta þegar hæst stendur. En á móti má segja að það hefði getað verið rannsóknarefni fyrir sálfræðinga að líta á hópinn ef haldið hefði verið áfram fram á vor.

8. desember sýndum við leikþáttinn Bráðum koma blessuð jólin þegar kveikt var á bæjarjólalátrénu, eins voru nokkrar sýningar í Garðheimum og á fleiri stöðum.

9. desember voru haldnir í Bæjarleikhúsinu merkilegir tónleikar, Copy Aid, þar sem listamenn á vegum

BÍL voru með fjáröflunartónleika til kaupa á ljósritunarvél fyrir skrifstofu BÍL. Voru þessir tónleikar alveg frábærir.

Þrettándabrenna og dansleikur tókust með eindæmum vel. Fullt var á brennunni en ekki er hægt að segja að fjölmenni hafi verið á dansleiknum.

Eftir áramót var farið að æfa barnaleikritið Fríða og dýrið í leikstjórn Bjarneyjar Lúðvíksdóttur. Það var frumsýnt 2. mars við mikinn fögnuð viðstaddra. Þetta var ágæt sýning sem leið fyrir það að áhorfendur létu sig vanta. Ýmsar ástæður hafa verið fyrir því, en það hefur ábyggilega vegið þungt að á sama tíma voru mörg barnaleikrit í gangi og enn og aftur verðum við að hugleiða að frumsýna fyrir eftir áramótin.

Á sumardaginn fyrsta frumsýndum við í samstarfi við Álafosskórinn í túninu heima. Leikstjóri var Birgir Sigurðsson og sýningar urðu 3 fyrir fullu húsi.

Hjalti Kristjánsson og Bjarney Lúðvíksdóttir voru fulltrúar LM á aðalfundi BÍL á Hallormsstað. Þar tókum við þátt í einþáttungahátíð, þar sem Hjalti fór á kostum í leikstjórn Bjarneyjar.

Að lokum vil ég nefna það að Mosfellsbær styrkti satrfsemi okkar í vor með myndarlegu framlagi, einni milljón króna. Og með því tel ég að fulltrúar bæjarins láti í ljós ánægju með okkar þátttöku í menningarmálum í bænum.

Sjálfsagt er ég að gleyma fullt af uppákomum, ég gæti fjallað mun ítarlegar um starfsemi LM, en það tæki þá allt of langan tíma. LM rekur Bæjarleikhús með myndarbrag, en það er ekkert sjálfgefið að svo verði um alla framtíð. Við þurfum ávallt að vera á verði og gæta okkar hagsmuna. Við þurfum að hugleiða hvert við viljum stefna og hvaða áherslur við viljum hafa. Ágætt væri, t.d. á haustfundi, að við færum yfir okkar framtíðardrauma. En eitt er ég með á hreinu í dag. Leikfélag Mosfellsveitar á bjarta framtíð fyrir höndum enda á besta aldri.

Gunnar Halldór Gunnarsson, formaður.

Leikfélag Rangæinga:

Starfsárið hófst á þátttöku leikfélagsins í 17. júní hátíðarhöldum, miðsumarhátíð og töðugjöldum. Á 17. júní voru seldar blöðrur og trúður skemmti börnum á öllum aldri. Á miðsumarhátíð voru seldar vöflur og kaffi í samvinnu við Kvenfélagið Einingu og einnig var viðamikil kynning á starfi leikfélagsins fyrir og nú. Á töðugjöldum var leikfélagið með samskonar kynningu á starfsemi.

Bergsveinn Theodórsson sótti námskeið í skóla Bandalagsins og Gunnhildur Jónsdóttir sótti förðunarnámskeið hjá Helgu Stefánsdóttur förðunarmeistara. Jón Sigurðsson og Margrét Tryggvadóttir sóttu haust-

fund Bandalagsins í Kópavogi og Þórunn Ólafsdóttir og Jón Sigurðsson aðalfund Bandalagsins á Hallormsstað.

Mikil vinna hefur verið lögð í ritun sögu leikfélagsins og gagnasöfnun í kringum hana. Vinna við heimasíðu er vel á veg komin og markmiðið að opna hana á 25 ára afmælisdegi leikfélagsins. Haldið var leiklistarnámskeið fyrir unglinga, alls tóku 12 manns þátt í námskeiðinu, 11 stúlkur og 1 drengur. Leiðbeinandi var Svala Arnardóttir.

Hápunktur leikársins var svo uppsetning á Emil í Kattholti í Félagsheimilinu Njálsbúð. Leikstjórn var í höndum Margrétar Tryggvadóttur og alls komu nálægt 50 manns að uppsetningunni. Fenginn var ljósameistari, Þorsteinn Sigurbergsson (Ljóssteinn), til að sjá um lýsinguna í verkinu og leiðbeina og þjálfá tæknimenn félagsins. Tónlistarstjórn var í höndum Ingibjargar Erlingsdóttur. Gunnhildur Jónsdóttir og Jón Sigurðsson sáu um hönnun leikmyndar, um framkvæmdastjórn sá Arna Þóll Hjartardóttir og Ásgerður Ásgeirsdóttir um miðasölu. Um veitingasölu í Njálsbúð sá kvenfélagið Bergþóra.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem störfuðu með leikfélaginu þetta starfsárið, stjórn sem og öðrum og vonast til að sem flestir hafi tíma aflögu fyrir leiklistina næsta starfsár.

Jón Sigurðsson, formaður.

Leikfélag Reyðarfjarðar:

Við fórum seint í gang þetta leikár, ekki fyrir en eftir áramót. En þá var farið í samstarf með Grunnskóla Reyðarfjarðar við uppsetningu á leikritinu 1001 nótt með nemendum í 7.–10. bekk grunnskólans. Ráðin var leikstjóri, Helga Vala Helgadóttir og byrjað að æfa í janúar 2002. Þetta tókst mjög vel og voru sýndar 5 sýningar fyrir fullu húsi.



Úr sýningu Leikfélags Reyðarfjarðar á Jósep.

Svo tókum við að okkur að setja upp í samstarfi með Barnakór Reyðarfjarðarkirkju, Englakórnum, söng-

leikinn Jósep og draumakápan eftir Andrew Lloyd Webber. Í sýningunni tóku þátt 23 krakkar á aldrinum 10–15 ára, það var fengin hljómsveit, ráðin leikstjóri sem er félagi í leikfélaginu og tónlistarstjórinn var kórstjórinn. Sýndar voru 3 sýningar.

Guðmundur Y. Hraunfjörð, formaður.

Leikfélag Sauðárkróks:

Á þessu leikári voru settar upp tvær leiksýningar. Í nóvember var frumsýndur barnasöngleikurinn Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir eftir Ólaf Hauk Símonarson í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar og í árlegri Sæluviku í apríl 2002 settum við upp Galdra-Loft eftir Jóhann Sigurjónsson í leikstjórn Stefáns Sturlu Sigurjónssonar. Þótti fólki gaman að takast á við svo ólíkar sýningar á sama leikárinu, Sérstaklega þó Galdra-Loft því langt er síðan sett hefur verið upp eitthvað annað en gamanleikur í Sæluviku og mæltist það vel fyrir.

Af öðrum störfum félagsins er það að segja að af einhverjum ástæðum hefur okkur ekki tekist að halda húsnæði félagsins, Leikborg, mjög snyrtilegu undanfarin ár. Mikið hefur verið talað um að það þurfi nú að taka til og henda því sem er ónýtt svo maður viti nú hvað til er og þess háttar (kannast nokkur við svoleiðis umræður?). Við ákváðum því að „starta trendi“ eins og maðurinn sagði og halda tiltekta helgi með tilheyrandi grillveislu á haustin, bæði til að þjappa mannskapnum saman eftir sumarið og náttúrulega til að taka til. Þetta lukkaðist ljómandi vel og bæði hús og mannskapur önduðu léttar.

Félagsheimilinu Bifröst, þar sem við höfum verið með okkar leiksýningar, var í vetur breytt í bíó- og leikhús með hallandi gólfi og föstum sætum og er, þó ég segi sjálf frá, orðið hið laglegasta leikhús. Upp úr því undirrituðu Leikfélag Sauðárkróks og Sveitarfélagið Skagafjörður samning um að leikfélagið tæki að sér rekstur hússins til eins árs með fjárhagslegri ábyrgð sveitarfélagsins. Ýmiskonar byrjunarörðugleikar hafa verið á þessu verkefni en við erum bjartsýn á að okkur muni farast þetta vel úr hendi þegar upp er staðið og að Skagfirðingar hafi hér fengið gott menningarhús til frambúðar.

Sigurveig D. Pormóðsdóttir, gjaldkeri.

Leikfélag Selfoss:

Ný stjórn tók til starfa strax að loknum síðasta aðalfundi og skipti með sér verkum. Formaður er Guðfinna Gunnarsdóttir, varaformaður Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, gjaldkeri Gerður H. Sigurðardóttir, ritari Ingvar G. Brynjólfsson og meðstjórnandi Svanhildur Karlsdóttir. Varastjórn skipa Eyjólfur Pálmarsson, Árni Grétar Jóhannsson og Guðmundur Karl Sigurdórsson.

Haldnir voru alls 20 skráðir stjórnarfundir. Strax var ákveðið að Eyjólfur Pálmarsson skyldi taka að sér að

vera tengiliður við bæjaryfirvöld varðandi húsið hér við Sigtún. Hefur hann því verið kallaður húskarl og komið á góðri samvinnu um allt stúss við þetta hús.

Helstu framkvæmdir á árinu voru þær að gluggarnir voru málaðir að utan, rafmagn í sal lagað og miðstöð yfirfarin. Við vonumst eftir því að húsið verði málað að utan í sumar.

Við létum útbúa fyrir okkur vefsíðu þar sem hægt er að nálgast helstu upplýsingar um okkur og skoða sögu félagsins. Verið er að vinna í henni en hún er samt sem áður tilbúin. Veffangið er: <http://www.portal.is/leikfelag>. Fyrirtækið Portal útbjó síðuna og mjög auðvelt er að nota hana og setja inná hana upplýsingar þess vegna samdægurs.



Úr sýningu Leikfélags Selfoss á Suðurlandsvaktinni.

Snemmsumars var farið að gera drög að áformum fyrir haustsýningu. Haft var samband við Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson og hann beðinn um að semja leikrit/revíu sem náteigd væri sunnlensku samfélagi í léttum dúr. Einnig var samið við Jón Stefán Kristjánsson um að leikstýra verkinu. Einnig var Helgi Kristjánsson fenginn til að sjá um tónlistarstjórn. Strax í byrjun september var farið að skoða skriftirnar og voru lagðar tvær vikur í workshop og spunavinnu með leikurum áður en formlegar æfingar hófust. Var verkið í mótun í gegnum allan æfingartímann. Þann 19. október voru svo herlegheitin frumsýnd og þá undir nafninu Á Suðurlandsvaktinni og hlaut frábærar undirtektir hjá áhorfendum. Sýndar voru 17 sýningar og áhorfendafjöldi var áætlaður um 900.

Sumarið 2001 tókum við þátt í 17. júní hátíðarhöldum eins og venjulega og sá Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir um það í þetta sinn, hennar hópur sýndi stuttan leikþátt um Jónu og svo voru trúðar á sveimi frá okkur í skríðgöngunni. Sama sumar voru haldin 3 barnanámsskeið í samstarfi við félagsmiðstöð Árborgar. Umsjónarmenn voru Ólafur Jens Sigurðsson og

Guðfinna Gunnarsdóttir, samtals voru þáttakendur þar 29 og sýndu allir hóparnir afkrastur námskeiðanna vinum og ættingjum við góðar undirtektir.

Við áttum fulltrúa á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga 2001 sem haldinn var í Borgarfirði. Guðrún Halla Jónsdóttir fór á leikaranámskeið í Leiklistarskóla Bandalagsins og við áttum fulltrúa á haustfundi Bandalagsins sem haldinn var í Kópavogi að þessu sinni.

Við fengum allskonar fólk í heimsókn til okkar, tólmstundaklúbburinn Selurinn sýndi í húsinu okkar sýninguna „Allt í rugli“ í maí, Íþrótt og tólmstundaskólinn kom oft í heimsókn með hópa af krökkum að skoða húsið og leikfélag Menntaskólans á Laugarvatni kom og sýndi Land míns föður í mars.

Vegna þess að ekkert ásættanlegt húsnæði var í boði fyrir árshátíðina okkar núna í vor, þá var ákveðið að færa hana til haustsins og nota þá nýuppgergt Hótel Selfoss til þess.

Eftir áramót tókum við þátt í Selfossþorablóti, þar tróðu upp Eyjólfur Pálmarsson og Davíð Kristjánsson. Í janúar héldum við opinn félagafund til að virkja féлага beint til að sjá hvað við gætum gert á vordögum. Þar var ákveðið að halda opið hús fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði og hittast og gera hvað sem okkur dytti í hug. Þar mætti nýtt fólk sem var að sjálfsgögðu virkjað strax og fór ein þeirra, Guðný Lára, á helgarminknámskeið hjá Bandalaginu í febrúar.

Það sem framundan er, er að Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson hefur stungið upp á að við leiklesum verk eftir Halldór Laxness í tilefni af aldarafmæli hans, aðalfundur Bandalagsins verður haldinn eftir viku á Hallormsstað og munum við eiga fulltrúa þar. Við í stjórninni viljum þakka fyrir okkur og óskum nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður.

Leikfélag Sigluffjarðar:

Fyrsta verkefni félagsins var að styrkja tvo féлага okkar til dvalar í skóla Bandalagsins í Svarfaðardalnum. Linda María Ásgeirsdóttir sótti námskeið í leikstjórn I og Eva Karlotta Einarsdóttir í leiklist I. Er þetta í fyrsta skipti sem leikfélagið okkar sendir nemendur í skólann.

Um verslunarmannahelgina sýndum við einþáttunginn Illt til afspurnar sem Linda María leikstýrði, tvær stúlkur úr unglingadeildinni okkar sýndu dans sem þær áttu þátt í að semja og sögustund ömmu var á sínum stað. Sögustundin felst í því að Signý Jóhannesdóttir klæðist íslenska búningnum og segir börnum (og fulllorðnum) gamlar þjóðsögur sem hún hefur eftir móður sinni Kristbjörgu Marteinsdóttur frá Ystafelli í Þingeyjarsýslu. Þegar kvöldaði

mættum við Linda María að vanda með stóran pott fullan af plockfiski og seldum gestum og gangandi plockkara og rúgbrauð.

Þegar haustaði mætti Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmaður til bæjarins ásamt föruneysi til að taka upp nokkur atriði í kvikmyndina „Fálkar“. Leikfélagið tók að sér að útvega 40 stadista. Tók fólk þeirri beiðni félagsins vel og hafði gaman af. Tekjur þær sem félagið taldi sig fá við útvegum stadistanna (hafa reyndar ekki borist enn) voru notaðar til að endurnýja gólfíð í húsnæðinu okkar að Suðurgötu 10.



Úr sýningu Leikfélags Sigluffjarðar á Vígsluvottorðinu.

Í lok árs gáfum við út nokkuð veglegt afmælisblað sem hlaut nafnið „Galsi“.

Eftir áramót hófust æfingar á Vígsluvottorðinu eftir Efraim Kishom. Um leikstjórn sá Linda María Ásgeirsdóttir og fékk Guðjón Sigvaldason leikstjóra til að annast hreyfiferli. Hann hélt einnig leiklistarnámskeið fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskólans og var það haldið í samvinnu við skólann.

Brynja Svavarsdóttir, formaður

Leikfélag Vestmannaeyja:

Leikárið okkar byrjaði í janúar 2002. Ástæðan fyrir því er að leikfélagið okkar hefur legið í dvala og stjórnin sem sett var á valdastól þá byrjaði uppbygginguna. Hófst árið á námskeiðum sem Andrés Sigurvinsson sá um og voru þau fyrir tvo aldurshópa; yngri en 16 ára og eldri en 16 ára.

Í framhaldi af því var Saumastofan – tískuhús eftir Kjartan Ragnarsson, sett upp í samvinnu við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. Leikstjóri var Andrés Sigurvinsson. Hann færði leikgerðina til nútímans. Þetta var veigamikil sýning þar sem

rúmlega 40 manns tóku þátt. Sýnt var 11 sinnum, þar af var ein sýning í Íslensku óperunni. Rúmlega þúsund manns sáu sýninguna.

Á meðan sýningum á Saumastofunni – tískuhúsi stóð urðu breytingar á stjórn. Þeir sem hættu voru Ingveldur Theodórsdóttir, gjaldkeri, Marta María Þorbjarnardóttir, ritari, Íris Sigurðardóttir, varaformaður og Jónatan Gíslason, meðstjórnandi. Stjórnin sem þá tók við er sú sem enn situr. Ein mesta breytingin sem varð var að nú eru stjórnarmeðlimir 7 í stað 6. Þeir sem sitja í þessari stjórn eru: Gunnar Þór Guðbjörnsson, formaður, Sigríður Diljá Magnúsdóttir, varaformaður, Drífa Þöll Arnardóttir, gjaldkeri, Ásta Steinunn Ástþórsdóttir, ritari, Júlíus Ingason, meðstjórnandi, Hjálmar Brynjúlfsson, meðstjórnandi og Kristín Halldórsdóttir, meðstjórnandi.

Strax í framhaldi af Saumastofunni – tískuhúsi hófst samlestur á barnaleikritinu Allt í plati. Höfundur leikgerðar er Þröstur Guðbjartsson. Leikstjóri var Andrés Sigurvinsson. Að sýningunni komu rúmlega 50 manns. Sýnt var 11 sinnum og áhorfendur voru tæplega 1200.

Götuleikhús var starfrækt í sumar. Það var sér deild frá leikfélaginu og því var kosin sérstök stjórn til að halda utan um það starf. Ólafur Guðmundsson og Una Stígsdóttir komu frá Reykjavík og héldu námskeið í byrjun sumars. Þau og aðrir í Götuleikhúsinu undirbjuggu fyrstu sýningu sumarsins á Sjómannadegi sem var stór í sniðum og tókst frábærlega sem og aðrar uppákomur í sumar.

Uppbyggingin heldur áfram og miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæði leikfélagsins og erum við að safna fyrir nýju ljósaborði.

Framundan er aðalfundur 5. október og stefnt er að setja upp þrjár sýningar á næsta leikári.

Stjórn Leikfélags Vestmannaeyja.

Leikfélagið Grímnir:

Starf félagsins hefur verið frekar lélegt að undanfögnu. Reynt var að auglýsa með dreifibréfi í tvígang opið hús og eftir fólki til að starfa með leikfélaginu en engin viðbrögð urðu við því og virðist mikið áhugaleysi ríkja hjá almenningi.

Stjórn félagsins ákvað að ekki yrði sett upp stórt leikrit í vetur. Ákveðið var að vera með einþáttunga en það gekk illa að manna þá. Blés þá stjórn félagsins á allt leikstarf í vetur.

Leikfélagið sendi 2 fulltrúa á haustþing BÍL í Kópavogi. Það voru Guðmundur Bragi Kjartansson og Jóhann Ingi Hinriksson sem fóru.

Tekið var þátt í Dönskum dögum með götuleikhúsi

o.fl.

Haldin var Jólástund og bókmenntakynning sem Sigríður Gísladóttir sá um.

Jóhann Ingi og Guðmundur Bragi fóru á Bandalagsþing á Egilsstöðum. Fóru þeir með einþáttunginn Meindýr á einþáttungahátíð. Eftir var til fatamarkaðar á haustmánuðum.

Alls hefur verið fundað 27 sinnum, auk funda sem ekki hafa verið skráðir.

Jóhann Ingi Hinriksson, formaður.

Hugleikur:

Stjórnin fundaði að jafnaði hálfsmánaðarlega og hittist á alls 21 fundi á leikárinu. Ég þakka stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf og sérstaklega þakka ég þeim sem ganga úr stjórn fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Húsnæðismál:

Húsnæðismálin hafa verið í brennidepli þetta leikárið. Mér er það sönn ánægja að bjóða Hugleikara velkomna hingað að Vesturgötu 1, þar sem félagið hefur tryggt sér afdrep um sinn. Eins og margir vita þá hafa áhyggjur af húsnæðismálum tekið mikla orku frá stjórn og félagsmönnum á árinu, við þvældumst milli Ægisgötu, Iðnó, safnaðarheimilis Grensáskirkju, Granda, Síðumúla, Tónlistarskólans í Hafnarfirði og Tjarnarbiós – með reglulegum viðkomum á Litla ljóta andarunganum.

Hugleikur hefur allan þennan tíma reynt að fá Reykjavíkurborg til að tryggja félaginu aðstöðu til æfinga, námskeiða og fundahalda, en síðastliðið haust var einnig leitað formlega til borgarinnar og óskað eftir styrk til að kaupa eða leigja húsnæði. Eftir nokkra eftirfylgni fékk Hugleikur nú á vormánuðum húsnæðisstyrk frá borginni að fjárhæð 500.000 kr. vegna ársins 2002. Rétt er að geta þess að þetta er til viðbótar við rekstrarstyrk sem félagið hefur fengið árlega á undanfögnu árum og sem nam þetta leikárið hærrí fjárhæð en áður, eða 600.000 kr.

Húsnæðisstyrknum fylgdi jafnframt yfirlýsing um að borgin gæti ekki tryggt félaginu aðstöðu heldur yrði Hugleikur sjálfur að finna leiðir til að nýta þessa peninga. Hér var úr vöndu að ráða því erfitt er að finna viðunandi húsnæði fyrir ekki meira fé.

Eftir nokkrar vangaveltur varð það úr að drepa niður fæti hér á Vesturgötunni. Hugleikur hefur tryggt sér aðstöðu hérna til a.m.k. 1. mars 2003 og að þeim tíma liðnum kemur til álita að framlengja leigusamning um þrjá mánuði í senn með sérstöku samkomulagi. Þetta mun þó aldrei koma til álita nema um takmarkaðan tíma því allir innviðir þessa húss verða rifnir og húsið allt endurbyggt.

Eins og mér þykir gott að geta afhent stjórnartaumana hérna undir einhverju þaki en ekki bara á götunni – þá er alveg ljóst að næsta stjórn fær líka sinn skammt

af höfuðverk vegna húsnæðismála.

Námskeið og fleira:

Í október 2001 var haldið á vegum Hugleiks námskeið í kvæðasöng og voru þátttakendur alls 14. Þar kom ekki ómerkari maður en sjálfur rímnameistarinn Steindór Andersen og kenndi hann Hugleikurum að kveða sem aldrei fyrr. Mun nú einhver fjöldi þátttakenda munstraður í hið virta kvæðamannafélag Iðunnar.

Hugleikur réðst líka í talsvert umfangsmikið verkefni á haustmánuðum sem fékk nafnið Sjó sortir en hér var um að ræða einskonar einþáttunga-leiksmiðju. Unnið var með sjö einþáttunga eftir sjö Hugleikara í leikstjórn sjö Hugleikara en Rúnar Guðbrandsson leikstjóri og leiklistarkennari var fenginn til að halda í alla þræðina og hjálpa okkur að vefa þetta saman. Allir sem sóttu smiðjuna fengu hlutverk og voru leikarar alls 16 talsins. Ákveðið var að gefa félagsmönnum og aðstandendum kost á að sjá afrakstur þessarar smiðju og var gestum boðið í heimsókn í Iðnó til að þiggja Sjó sortir. Alls voru þrjár sýningar, 17., 18. og 19. nóvember og gestir voru samtals um 170.

Hugleikur bauð upp á jóladagskrána Klæðin rauð í Kaffileikhúsinu 14. og 15. desember. Meðal efnis var einþáttungur eftir Þórunni Guðmundsdóttur, helgi-leikur, söngur, rímur og annað sprell.



Myndin var tekin á æfingu hjá Hugleik á Kolrössu.

Leiksýningar:

Stóra verkefni leikársins var uppfærsla Hugleiks á söngleiknum Kolrössu eftir Þórunni Guðmundsdóttur í leikstjórn Jóns Stefáns Kristjánssonar. Þetta var mjög metnaðarfull uppfærsla, fjöldi leikara, eins og Hugleikur er nú vanur, og stór hljómsveit. Fyrsti samlestur var í nóvember, frumsýnt var 9. mars og alls urðu sýningar 14 talsins. Aðsókn var gríðarlega góð en alls komu til okkar 1766 gestir sem er umtalsvert meira en á umliðnum árum. Þá fékk Hugleikur mjög mikla og jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum – ég held að það sé óhætt að segja að félagið hafi eignast marga

nýja aðdáendur auk þess að gleðja þá sem fyrir voru. Sýningin var í 2.–3. sæti í samkeppni Þjóðleikhússins um athyglisverðustu áhugaleiksýninguna og er þetta í fyrsta sinn sem Hugleiks er sérstaklega getið í umsögn dómefndar.

Við gáfum út geisladisk með tónlistinni og verð ég að færa öllum þátttakendum sérstakar þakkir fyrir þá vinnu sem hópurinn var reiðubúinn að leggja á sig til að tryggja útgáfu fyrir frumsýningu. Alls voru gerðir 200 diskar og eru einungis 35 óseldir. Lista- og menningarráð Kópavogs veitti Hugleik styrk að fjárhæð 100.000 kr. til útgáfunnar og hefur hún því þegar staðið undir sér.

Leikferðir:

Það lá við að ég yrði að flytja skýrslu um starfsemi þessa leikárs án þess að fá að segja frá einni einustu leikferð. Það fór þó ekki svo. Hugleikur sýndi þátt á einþáttungahátíð Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldin var 9.–10. maí sl. í tengslum við aðalfund Bandalagsins á Hallormstað. Fyrir valinu varð þátturinn Dagurinn eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Sesselju Traustadóttur, en þessi þáttur var einn af Sjó sortum Hugleiks. Aukaleikarar sem sáu um áhrifshljóð og lýsingu voru virkjaðir á staðnum.

Aðrar upptakomur:

Höfundasmiðja Hugleiks hefur nokkrum sinnum komið saman á árinu og kíkt á það sem er í pípunum.

Fjöldi Hugleikara sótti Leiklistarskóla BÍL í Svarfaðardalnum í júní árið 2001 – stefnir í að það verði árviss viðburður að Hugleikur sé það félag sem sendir flesta nemendur í skólann. Það voru Hugleikarar á öllum námskeiðum, bæði í leiklist, leikstjórn og list leikarans. Hugleikarar sóttu líka helgarnámskeið í förðun sem haldið var á skrifstofu BÍL á Lauga-veginum í febrúar 2002.

Þá var Hugleikur með sölutjald á 17. júní sem gekk ágætlega.

Nýkjörin og fráfarandi stjórn héldu upp á stjórnarskipti með hefðbundnum hætti, að þessu sinni í nýju húsi formannsins. Ákavítisdreitolur úr staupi Sverris hins færeyska var á sínum stað. Fráfarandi stjórnarmönnum var sýndur sá sérstaki sómi að fá m.a. að gjöf neonband frá félaginu.

Hugleikarar fögnuðu ásamt öðrum áhugaleikurum opnun vefsíðu BÍL 1. september 2001. Síðan er ómetanleg öllum sem hafa áhuga á starfsemi áhugaleikfélaga og leiklistarstarfi almennt.

Þá fagnaði okkar tryggi aðdáandi og velunnari Albert Jensen 70 ára afmæli sínu í september. Þótti við hæfi að gera Albert að heiðursfélaga Hugleiks og fjölmenntum við til hans með heiðurskjal og sungum afmælisönginn.

Haustrundur BÍL var haldinn í Kópavogi 29. og 30. september 2001. Í tengslum við fundinn var haldið námskeið í stjórnun leikfélaga og mjög skemmtilegt málþing um leikstjórn í áhugaleikfélagi. Fundinn sátu nokkrir Hugleikarar og á málþinginu talaði m.a. okkar ágæti Þorgeir Tryggvason.

Jólafundur Hugleiks var haldinn í janúar 2002. Að þessu sinni var á dagskrá að ræða húsnæðismál félagsins en einnig var ýmislegt til skemmtunar. M.a. var leiklesinn skemmtilegur einþáttungur eftir Hildi Þórðardóttur og flutt tónlist.

Í tengslum við æfingar á stærsta verki leikársins er hefðbundið í Hugleik að bjóða upp á baunasúpu og það brást ekki þetta árið. Elsa Dóra Grétarsdóttir var svo almennileg að bjóða okkur heim til sín, formaðurinn lagaði súpu og sungin voru lögin úr Kolrössu.

Aðalfundur BÍL var haldinn að Hallormstað í maí 2002. Hann sóttu formaður, Fríða B. Andersen, Ylfa Mist Helgadóttir, Þorgeir Tryggvason og Sesselja Traustadóttir. Þar voru auðvitað líka okkar traustu fulltrúar Hulda Hákonardóttir í stjórn BÍL, Ármann Guðmundsson starfsmaður skrifstofu BÍL og Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdarstjóri BÍL. Á fundinum var m.a. rætt um að halda alþjóðlega leiklistarhátíð á Íslandi árið 2005. Einnig var Hulda Hákonardóttir endurkjörin í stjórn.

Útgáfa:

Til viðbótar útgáfu á geisladiski með tónlistinni úr Kolrössu má nefna að Sjö sortir voru teknar upp á myndband sem þátttakendum var boðið til sölu. Kolrassa var einnig tekin upp og er myndbandið í vinnslu.

Styrkir:

Hugleikur styrkti nemendur í leiklistarskóla BÍL svipað og undanfarin ár.

Félagsgjöld:

Stefnt er að því að a.m.k. allir þeir sem taka þátt í starfi félagsins hverju sinni greiði félagsgjöld og er hvert tækifæri notað til hvatningar. Rétt er að geta þess að einungis félagsmenn hafa kosningarétt á aðalfundi og auk þess fær enginn styrk frá félaginu nema hann hafi greitt félagsgjöldin sín á því leikárinu.

Annað:

Hugleikarar eru virkir á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Til gamans má nefna nokkur afrek Hugleikara utan félagsins.

Þorgeir Tryggvason tók þátt í sýningu Leikfélags Kópavogs á Grimm en sýningin vann samkeppni Þjóðleikhússins um áhugaverðustu áhugaleik-sýninguna. Ég hvet alla til mæta og hlusta á Togga

spila á faggott og fleira í Þjóðleikhúsinu sunnudagskvöldið 16. júní.

Hugleikurum brá fyrir í hinum ýmsu þáttum sem sýndir voru á einþáttungahátíð BÍL á Hallormstað. Þarna var um að ræða einþáttunga á vegum leikfélagsins Sýna sem Ármann okkar Guðmundsson stýrir af myndugleik.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir var valin fyrir Íslands hönd til að sækja workshop fyrir ung leikskáld á leiklistarhátíð í Bonn.

Að lokum endurtek ég þakkir mínar til allra félagsmanna og sérstaklega fráfarandi stjórnarmanna fyrir gott og óeigingjarnt starf.

Hrefna Friðriksdóttir, formaður.

Leikfélagið Sýnir:

Stjórn leikfélagsins skipuðu:

Ármann Guðmundsson, Reykjavík – formaður
Guðmundur L. Þorvaldsson, Reykjavík – varafomaður

Bjarney S. Lúðvíksdóttir, Mosfellsbæ – ritari

Huld Óskarsdóttir, Reykjavík – gjaldkeri

Sigurður Illugason, Húsavík – meðstjórnandi

Varastjórn skipuðu:

Anna Jörunn Stefánsdóttir, Hveragerði

Halla Rún Tryggvadóttir, Reykjavík

Júlíus Freyr Theodorsson, Hafnarfirði

Leikfélagið byrjaði leikárið af krafti, helgina 22.–23. júní var farið í leikferð með einþáttungauðtileik-sýninguna Út í móa, sem frumsýnd var síðustu helgi leikársins á undan, til Hríseyjar og „heim“ í Svarfaðardalinn. Var þetta hin mesta ævintýraferð og sýndum við um miðjan laugardaginn í Hrísey í all-nokkrum strekkingi og komu um 70 manns á sýninguna. Þá um kvöldið sýndum við í Hánefsstaðarskógi í Svarfaðardalnum, í þetta skiptið í þoku, og sáu um 30 manns (naumlega) þá sýningu. Eftir það var svo grillveisla á tjaldstæði Dalvíkur sem Gústi kokkur sá um.

Helgina eftir héldum við svo upp á hálendið, nánar tiltekið til Hveravalla, og sýndum Út í móa þar. Væntanlega er þetta fyrsta leiksýningin sem þar er flutt en fyrst og fremst var þetta táknræn sýning þar sem meðlimir leikfélagsins koma víðsvegar að af landinu og Hveravellir eru nokkurs konar miðpunktur þess. Áhorfendur voru um 40 í upphafi sýningar en fór fækkandi enda flestir útlendingar sem vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið. Það vissu Sýnarar hins vegar því einmuna blíða var á Hveravöllum þennan dag og naut fólk þess óspart að liggja í „heita pottinum“.

Fjórða og síðasta sýning á Út í móa var svo á Menningarnótt í Reykjavík og var hún í tanka-stæðunum í Öskjuhlíð þar sem frumsýningin fór fram.

Í þetta sinn var úrhellisrigning en það breytti því ekki að fjöldi manns kom að sjá sýninguna. Eitthvað var um mannabreytingar á milli sýninganna og var hún aldrei sett upp tvisvar með nákvæmlega sömu hlutverkaskipan.

Aðalfundur var haldinn um haustið á Dæli í V-Húnavatnssýslu og var fundarstaður valinn með það í huga að aðgengi norðan-, vestan- og sunnanmanna yrði sem jafnast. Þetta var þó óþarfa tillitssemi því allir fundarmenn komu að sunnan. Aðstaða á Dæli var hins vegar öll hin besta og fundurinn hinn besti. Stjórn fundaði nokkuð reglulega um veturinn en starfsemi yfir veturinn var lítil. Þó var í mars haldið helgarnámskeið í trúðleik sem Bergur Þór Ingólfsson sá um og fæddust þar fimm trúðar.

Með vorinu fóru menn að hugsa sér alvarlega til hreyfings enda mikill áhugi fyrir þátttöku í einþáttungahátíð Bandalagsins að Hallormstað. Varð úr að félagið sendi tvær sýningar, báðar eftir félagsmenn. Önnur var frumsmíð Guðmundar Lúðvíks Þorvaldssonar, örleikritið „Hverjir voru hvar“, sem Ármann Guðmundsson leikstýrði en hin var spunaverkið „Hann“ sem Júlíus Júlíusson samdi og stýrði en leikarar verksins vissu ekki hverjir mótleikarar þeirra voru fyrir en í þann mund sem verkið hófst. Höfðu þeir aðeins grófan ramma til þess að fara eftir en spunnu allan texta sjálfir. Hverjir voru hvar var einnig sýnt á Fjáröflunarkvöldi Leikfélags Kópavogs og á kvöldvöku í Leiklistarskóla Bandalagsins um sumarið.

Ármann Guðmundsson, formaður.

Leikhópurinn Lopi:

Starfsemi Leikhópsins Lopa var með hefðbundnum hætti þetta leikárið. Starfsemin hófst í september með fundi. Á fundinn mættu 43 áhugasamir einstaklingar og var strax hafist handa við haustverkefnið. Til æfinga var tekið verkefnið „Blekkingin“ eftir Magnús J. Magnúson. Stífar æfingar voru og var verkefnið frumsýnt í nóvember og urðu sýningar 5 talsins. Um 45 aðilar tóku þátt í sýningu verksins.

Nokkru eftir áramótin fóru menn að tala um leikferð með verkið og fóru menn að undirbúa það. Gekk á ýmsu og þrátt fyrir góða viðleitni gekk það dæmi ekki upp. Stefnt er að því að reyna að fara í leikferð með haustverkefnið.

Íris Árný Magnúsdóttir, ritari.

Leikhópurinn Vera:

Ég ætla að segja frá því helsta sem var gert á síðasta leikári. Það byrjaði á því að tveir götuleikhúsmenn sýndu látbragðs- og trúðaleik á 17. júní í íþróttahúsinu.

Næst var farið að æfa upp atriði úr Dýrunum í Hálsaskógi til sýningar á landsmóti UMFÍ á Egilsstöðum.

Farið var með föngulegan hóp ungmenna og tókst þetta mjög vel.

Í júní var jafnframt farið að huga að Frönskum dögum. Hafnar voru æfingar í götuleikhústækni einu sinni í viku sem síðan var fjölgað í júlí. Um æfingar sáu fjórir aðilar úr leikhópnum að þessu sinni. Valdimar ver fenginn til að endurvekja spunaverkið Viltu með mér vaka og var það sýnt föstudagskvöldið 27. júlí. Götuleikhússýningin var á laugardegnum, auk þess sem sýnd voru atriði úr Dýrunum í Hálsaskógi og svo spúðu nokkrir unglíngar eldi á laugardagskvöldinu. Á sunnudaginn sáu svo nokkrir úr Dýrunum um kynningu á dagskránni.

Um verslunarmannahelgina var farið með 20–30 börn og fullorðna á Neistaflug. Sungin voru lög úr Dýrunum og svo sprellaði götuleikhúsfólk fyrir gesti og gangandi.

Þá var komið að hausti og langaði okkur að setja upp verk með fullorðna fólkinu, en tókst ekki betur en svo að við urðum að fá tvo unglíngar til samstarfs við okkur. Ákveðið var að taka verkið Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan og var Björn Gunnlaugsson fenginn til að leikstýra. Þetta tókst bara mjög vel og það var ákveðið að fara með stykkið í leikferð. Ákveðið var að fara á Borgarfjörð eystri og Egilsstaði. Aðsókn var mjög góð á Borgarfirði en á Egilsstöðum sáu sér 11 manns fært að mæta.



Úr sýningu Leikhópsins Veru á Einn koss enn.

Eftir áramótin var farið að spá í hvað væri hægt að gera í tilefni af 20 ára afmæli leikhópsins sem var í febrúar. Mikið var skrafað og spekulerað og sitt sýndist hverjum. Ákveðið var að setja upp einkonar „best of“ síðustu 20 ára og reyna að fá eins marga af gömlu leikurunum til samstarfs við okkur og hægt væri. Valdimar Mátsson var fenginn til að leikstýra þessum ósköpum. Afmælishátíðin var svo haldin laugardagskvöldið 2. mars og tókst með miklum ágætum fyrir fullu húsi gesta.

Verkalýðsfélagið kom að máli við okkur með óskir um að við gerðum eitthvað á hátíðardagskrá 1. maí. Ákveðið var að fá 8. bekk grunnskólans til að sýna

einþáttung og sá formaður um að aðstoða þau við undirbúning.

Farið var með einþáttung á einþáttungahátíð á Hallormsstað 9. og 10. maí sl. og var okkar fólki hrósað í hástert fyrir framburð og agaða framkomu.

Á leikárinu voru haldnir 11 stjórnarfundir og 1 almennur fundur.

Sendur var einn fulltrúi á námskeið í leikstjórn að Húsabakka í júní.

Sendir voru fjórir unglingar á Lunga, Listahátíð ungs fólks á Austurlandi í júlí.

Sendir voru fjórir fulltrúar á haustfund og þrjár á aðalfund Bandalagsins, auk þess sem sendir voru fjórir nemendur á námskeið í leikhúsförðun í febrúar.

Brynhildur Guðmundsdóttir, formaður.

Leikklúbburinn Saga:

Ný stjórn Leikklúbbsins Sögu var kosin í byrjun september og er hún skipuð af Önnu Gunnðísi Guðmundsdóttur, formanni, Þórhalli Guðmundssyni og Ingimari Birni Davíðssyni, gjaldkerum, Sunnu Elínu Valgerðardóttur og Drífu Guðmundsdóttur, riturum.

Starfsárið byrjaði með inntöku nýrra félaga á námskeiði sem Skúli Gautason stýrði.

Skipulagning stóra leikritsins Fróði og allir hinir gríslingarnir hófst í desember og kastað var í hlutverk í janúar. Leikstjóri var Ármann Guðmundsson sem leysti það verk vel af hendi. Frumsýning var 1. apríl.

Þegar félaginu var boðin þátttaka í Jónsmessuhátíð var haft samband við þau Önnu Richards og Agnar Jón Egilsson. Varð úr að Agnar var fenginn til að leikstýra verkinu. Frumsýnt var fyrir lokaðan hóp einstaklinga þann 25. maí 2002.

Anna Gunnðís Guðmundsdóttir, formaður.

Leikklúbburinn Spuni:

Starfsemi leikklúbbsins Spuna hafði að mestu legið niðri frá 1998 til vors 2001.

Ný stjórn tók sig til og hélt leiklistarnámskeið. Halla Margrét Jóhannesdóttir kom og hélt námskeið kallað Leikhússpport. 10 manns tóku þátt og var alveg hryllilega gaman. Einnig sýndi hún leikritið Ormur og Stormur.

Haustið 2001 hittist lítill hópur meðlima og byrjaði að semja leikrit/revíu fyrir Þorrablót Félags Íslendinga í Lúxemborg. Þessi hópur samanstóð af 6 konum, þeim Matthildi, Guðrúnu og Bryndísi Kristjánsdætrum, Írisi Þorkelsdóttur, Lindu Kristínu Ragnarsdóttur og Stellu Evangelakakis. Hittust þær einu sinni í viku fram að áramótum en oftast eftir jól. Þorsteinn



Úr sýningu Leikklúbbsins Spuna Hefð er ekki hefð..

Eggertsson leikstjóri var fenginn frá Íslandi og vann hann með félaginu í 3 vikur. Leikarar í uppsetningunni voru 12, þar af 1 karlmaður. Einnig spilaði þriggja manna hljómsveit undir í sýningunni.

Sýningar tókust vonum fram og allir voru ánægðir.

Bryndís B. Kristjánsdóttir.

Leiklistarfélag Seltjarnarness:

Fjórdða starfsári Leiklistarfélags Seltjarnarness, 2001–2002, er að ljúka og gaman að horfa yfir farinn veg.

Starfsárið hófst á því að Grétar, Monika og Sigrún Halla mættu fyrir hönd félagsins á hreinsunardag á Nesinu 19. maí 2001.

Verkefni starfsársins voru samtals 3 og með hefðbundnu sniði.

Fyrsta verkefnið var að venju 17. júní skemmtun á Eiðistorgi. Ævintýri sem allir þekkja hafa reynst okkur vel. Núna varð ævintýrið Óskirnar þrjár fyrir valinu. Sögumaður var Sigrún Halla Gísladóttir, skógarhöggsmanninn lék Grétar G. Guðmundsson og Monika Abendroth var konan hans. Álfur í trúnu var leikinn af brúðu, sem Arnfríður Einarsdóttir gaf líf, falin í trúnu. Netgrind fyrir tré var gerð af Jóhönnu Ástvaldsdóttur en leikhópurinn hittist eitt fallett sumarkvöld heima í garðinum hjá Grétari og þar var smíðað, hlegið, málað og safnað greinum til að útbúa þetta skemmtilega tré, sem ævintýrið snýst að mestu leyti um. Einar Þorbergsson sá um leikstjórnina.

Vetrarstarfið byrjaði með námskeiðahaldi, sem var auglýst í Morgunblaðinu. Leiðbeinendur voru Einar Þorbergsson og Linda Sif Þorláksdóttir. Markmiðið var að efla starfsemina og fjölga í félaginu. Það vantaði fólk í hlutverk og fólk sem rétti hjálparhönd

bak við tjöldin. Námskeiðið var að mörgu leyti ekki nógu vel skipulagt og mæting frekar tilviljanakennd, en engu að síður byrjuðu 2 nýir félagar í félaginu eftir það.

Þema Norrænu bókasafnsvikunnar í ár var Orð og tónar og kjörið að búa til blandaða dagskrá með ljóðum og tónlist. 13. nóvember 2001 fluttu Anna Sigurbjörnsdóttir, Arnfríður Einarsdóttir, Bryndís S. Richter, Einar Þorbergsson, Elín Þorvaldsdóttir, Grétar G. Guðmundsson, Linda Sif Þorláksdóttir, Monika Anendroth, Sigurveig Hauksdóttir og Steinunn Edda Steingrimsdóttir ljóðaflokkinn Óð steinsins eftir Kristján frá Djúpalæk á Bókasafni Seltjarnarness með hörputónunum hennar Moniku milli ljóðanna. Kvöldinu var mjög vel tekið af gestum og starfsfólki bókasafnsins.

Þar á eftir var byrjað að lesa leikritið Harvey eftir Mary Chase, sem öllum fannst mjög skemmtilegt. Það var upphaflega ætlunin að flytja kafla í leikritinu í íbúðum aldraðra. En eins og áður þróaðist það þannig að allt leikritið var tekið til flutnings á sviði Mýrarhúsaskóla. Æfingar tóku miklu lengri tíma en áætlað var og leikendur mættu misvel undirbúnir á æfingar og olli það pirringi og óánægju innan hópsins. En að lokum var komin á svið glæsileg sýning sem félagið getur verið stolt af. Tveir þættir voru leiknir fyrir gamla fólkið í Íbúðum aldraðra þann 15. apríl 2002. Það gekk mjög vel og fólkið skemmti sér ágætlega. Frumsýnt var í Mýrarhúsaskóla 5. maí '02 og önnur sýning var 8. maí. Báðar sýningarnar voru vel sóttar og fengu ágætar viðtökur. Því miður var ekki hægt að ná öllum hópnum saman fyrir fleiri sýningar en fyrirhugað er að taka verkið upp aftur í haust. Fyrsti kafli verksins var sýndur á kosninga-skrifstofu D-listans laugardaginn 11. maí.

Fundahöld hafa minnkað frá ári til árs. Fyrir utan aðalfund fyrir ári síðan var haldinn einn almennur félagsfundur í september, þar sem aðallega var rætt um námskeið sem var haldið þar á eftir. Formaðurinn mætti á nokkra fundi vegna verkefna á bókasafninu, í Íbúðum aldraðra og uppsetingar á leikritinu í Mýrarhúsaskóla. Formanninum var boðið á fund með frambjóðendum D-listans til þess að ræða mál leikfélagsins. Allir voru sammála um að aðstöðuleysi almennt stæði félaginu fyrir þrífum og nauðsynlegt væri að það ætti sér samastað í félagsheimili bæjarins. Með gott loforð í farteskinu um að fyrirkomulag á rekstri félagsheimilisins eigi að breytast eftir áramótin getum við kannski horft björtum augum inn í fimmta starfsárið.

Það hefur verið mikið gæfuspor fyrir félagið að Einar Þorbergsson og Linda Sif Þorláksdóttir hafa alltaf verið tilbúin að styðja og hjálpa okkur í öllu sem viðkemur starfsemi. Við þökkum þeim fyrir þeirra gefandi og ósérhlífna starf.

Þegar ég hætti núna sem formaður félagsins eftir fjögur ár langar mig að þakka öllum mínum félagsmönnum fyrir þennan skemmtilega tíma, sem hefur einkennst af ótrúlegri þrautseigju við að koma öllum þessum fjórtán verkefnum í framkvæmd.

Monika Abendroth, formaður.

Snúður og snælda:

Aðalfundur Snúðs og snældu var haldinn í Ásgarði 27. mars 2001. Ný stjórn var kosin og í henni eru: Jón Jónsson, formaður, Brynhildur Olgeirsdóttir, varaformaður, Ólöf Jónsdóttir, ritari, Gunnar Helgason, gjaldkeri og Theodór Halldórsson, meðstjórnandi. Varamenn voru kosnir Aðalheiður Sigurjónsdóttir og Guðlaug Hróbjartsdóttir.

Á aðalfundinum voru lögð fram drög að nýjum lögum fyrir félagið og varð að samkomulagi að fjallað yrði um þau á framhaldsaðalfundi, sem haldinn var 29. maí 2001. Þar voru löggin samþykkt án mótaskvæða.

Á leiksýninguna Gamlar perlur 2001 komu 500 manns. Sýningar urðu 14. Leikstjóri var Bjarni Ingvarsson.

Á starfsárinu voru haldnir 9 stjórnarfundir og 3 almennir fundir. Á þessum fundum voru teknar ákvarðanir um málefni félagsins. Samkomulag varð um að taka til sýninga verk eftir einn félaga okkar, Guðlaugu Hróbjartsdóttur, með breytingum og viðbótum. Verkið heitir Í lífsins ólgusjó. Brynhildur Olgeirsdóttir þrjónaði við verkið og fleiri félagar lögðu hönd á plóginn svo að þetta varð útkoman. Annað verk átti að sýna ásamt þessu. Það er Geimfarinn eftir Hreiðar Eiríksson, en af því varð ekki.



Leikarar í leikritinu Fugl í búri hjá Snúð og snælda.

Þess í stað var tekinn til sýningar Fugl í búri eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur, sem er fyrsta heildstæða verkið sem Snúður og snælda settu á fjalirnar 1992. Æfingar hófust um mánaðarmótin nóvember – desember og frumsýnt var 3. febrúar. Sýningar urðu 23 og á tólfta hundrað manns sóttu sýningarnar. 20 félagar tóku þátt í uppfærslunni, 13 þeirra léku,

nokkrir þeirra í báðum stykkjunum. Leikið var í Ásgarði, Félagsheimili F.E.B. í Glæsibæ, Álþheimum 74 í Reykjavík.

Einnig var leikþáttur eftir Guðlaugu Hróbjartsdóttur sýndur 6 sinnum, einu sinni í Ásgarði og í 5 félagsmiðstöðvum.

Félagið sá um Jólavöku í Ásgarði hinn 5. desember sl. Þar var flutt ýmislegt efni. Gestir voru 109.

Í byrjun nóvember veiktist formaður félagsins og var fjarverandi til áramóta. Á meðan tók Brynhildur Olgeirsdóttir varaformaður við starfi formanns.

Jón Jónsson, formaður.

Umf. Efling, leikdeild:

Leikár félagsins byrjaði á því að sýnd var dagskrá í ágúst í Deiglunni á Akureyri, unnin uppúr verkum William Shakespeare, af Arnóri Benónýssyni. Nefndist hún Undir skikkju næturskuggans. Valmar Valjaots samdi tónlist við dagskrána.

Haldin voru 2 leiklistarnámskeið í september, byrjendanámskeið sem 15 sóttu og framhaldsnámskeið sem einnig var sótt af 15 manns. Leiðbeinandi var Arnór Benónýsson. Námskeiðin voru í raddbeitingu, framsögn, spuna og leiktúlkun. Voru svo unnar upp dagskrár í lokin sem sýndar voru. Önnur dagskráin var unnin uppúr verkum Halldórs Laxness og var hún nefnd Heldur þann versta ...



Úr sýningu Umf. Eflingar á Fiðlaranum.

Æfingar á Fiðlaranum á þakinu hófust í október og var æft til nóvemberloka. Þá var gefið jólafrí og hófust æfingar svo aftur í byrjun janúar og frumsýnt var 8. febrúar. Sýningar urðu 18 og komu um 1400 áhorfendur. Það er því búið að vera mikið að gera hjá félaginu þetta leikár.

Stjórn félagsins er þannig skipuð: Jón Friðrik Benónýsson, formaður, Jóhanna Magnea Stefánsdóttir, ritari og Friðrika Björg Illugadóttir, gjaldkeri.

Friðrika Björg Illugadóttir, gjaldkeri.

Umf. Íslendingur, leikdeild:

Leikdeild Íslendinga varð 25 ára á árinu og í tilefni af því var sett upp afmælistíkvöldvaka í kabarettformi. Sett hafa verið upp leikverk annað hvert ár allan starfstíma leikdeildarinnar, auk einstakra uppákoma. Fyrir afmælishátíðina var æfð einnar og hálftrar klst. löng söng- og leikdagskrá með brotum af því besta úr leiksýningum liðinna ára. Inn á milli var saga leikdeildarinnar tíunduð og skondnir atburðir rifjaðir upp.

Kabarettinn var fluttur fyrir fullu húsi í nóvember og hluti hans var endurfluttur á 90 ára afmælishátíð Ungmennafélagsins Íslendinga þann 12. nóvember.

Undir lok ársins var undirbúningur hafinn að leiksýningu ársins 2002.

Jón Einarsson.

Umf. Reykdæla:

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn í Logalandi 8. júní 2001 og síðan þá hefur stjórn verið þannig skipuð: Þóra Árnadóttir, formaður, Linda Björk Pálsdóttir, gjaldkeri, Embla Guðmundsdóttir, varaformaður, Dagur Andrésson, ritari og Einar Guðni Jónsson, meðstjórnandi.

Stjórnin hefur haldið 11 stjórnarfundum frá síðasta aðalfundi og auk þess hafa verið 4 stjórnarfundir með þremur nefndum félagsins.

Formaður sótti formannafund UMSB í október. Þar flutti Kristinn Reimarsson frá ÍSÍ kynningu á því sem mætti kallast fyrirmyndarfélag. Við höfum fengið send gögn varðandi þetta mál og liggja þau fyrir hér frammi og öllum velkomið að kynna sér þau.

Fleira varðandi fundi. Þrír UMFR félagar (formaður, Sunna Rós Davíðsdóttir og Sigríður Hrefna Jónsdóttir) sóttu nú í síðustu viku 80. sambandsþing UMSB sem haldið var á Hvanneyri. Þar voru ýmis málefni tekin fyrir og stendur kannski einna hæst samþykkt fundarins um vímuvarnarstefnu UMSB og umhverfisstefnu UMSB sem vonandi komast báðar í framkvæmd sem fyrst. Einnig vildi þingið hvetja til öflugrar þátttöku í 90 ára afmælisfagnaði sambandsins að kveldi 25. apríl hér í Logalandi og kem ég þessu hér með á framfæri.

Eins og kunnugt er, er starf UMFR jafnan í nokkuð föstum skorðum frá ári til árs. Nefndir, skipaðar á síðasta aðalfundi, hafa séð um helstu verkefni félagsins og fáum við að heyra nánar um það hér á eftir þegar formenn nefnda skila sínum starfskýrslum.

Ný nefnd var sett í gang á síðasta aðalfundi en það var áramótanefnd og er ég nánast viss um að hún nær að festast í sessi ef marka má starfsemi núverandi nefndarmanna, Þorvaldur Jónsson er jú einn af okkar

duglegri félagsmönnum.

Annað var með svipuðu sniði. Gleðifundanefnd sá um árhátíð félagsins, Gleðifund, með dægurlagakeppni í forrétt en frábæru balli með Stuðbandalaginu í aðalrétt. Ég held það megi alveg kalla Bjartmar Hannesson eftirréttinn þó hann hafi ekki verið síðastur á dagskránni.

17. júnínefnd slapp einna best. Nefndin vísaði félagsmönnum á hátíðahöldin í Borgarnesi sem voru með óvenju glæsilegu sniði en hélt þó þeim vana að hvetja félagana til þess að ríða til messu að morgni 17. júní.

Yngri deildin fór seint í gang. Erfiðlega gekk að finna umsjónarmenn með yngri deild en þegar allt hrökk í gang voru krakkarnir fljótir að koma í kring öskudagsskemmtun. Aðalfundur yngri deildar var í byrjun febrúar þar sem ný stjórn hennar var kosin.



Úr sýningu Umf. Reykdæla Æsir og þursar.

Leikstarfið var með svolítið öðru sniði en vanalega. UMFR og Kleppjárnsreykjaskóli fóru í samstarf á haustmánuðum við undirbúning og æfingar á söngleiknum Æsir og þursar eftir Bent Kværndrup í þýðingu og leikstjórn Flosa Ólafssonar. Frumsýning var 7. mars í Logalandi og á eftir fylgdu 5 sýningar. Það kom enginn vonsvikinn út af þessum sýningum og það er vitað mál að færri komust að en vildu. Það er víst að það tókst afar vel til og fá bæði leikarar og aðrir sem komu að verkinu einróma lof. Leiknefnd hafði, auk ærins starfs við leikstarfið, umsjón með afar létttri og skemmtilegri kvöldvöku sem formaður leiknefndar segir okkur nánar frá.

Fjáröflunarleiðir voru með ýmsu móti. Tvisvar héldum við þriggja kvölda félagsvist, í lok september og svo aftur í febrúar. Þátttaka var með ágætum, spilað að jafnaði á 12–15 borðum. Það eru svona kvöld sem þarf að viðhalda í félagsstarfinu, þarna er ekkert sem heitir kynslóðabil, ungir jafnt sem aldnir skemmta sér hið besta í sönnum ungmennafélags-

anda. Það var sérstaklega gaman að fylgjast með gömlu spilakempunum kenna krökkunum spila-reglurnar af mikilli þolinmæði.

Í september var okkar þjóðkunna söngvaskáld Hörður Torfason með tónleika í Logalandi. Þeim var vel tekið af þeim sem mættu en ekki verður sagt að þeir hafi verið fjölmennir. Kenni ég þar kannski helst um stuttum fyrirvara sem við höfðum til að auglýsa viðburðinn.

Í lok október var hljómsveitin Bingó úr Borgarnesi með opna æfingu í Logalandi. Þetta var tilraun til að fá sveitungana saman, spjalla og fá um leið að njóta lifandi tónlistar. Þetta er vonandi hugmynd sem hægt verður að vinna betur úr næsta vetur. Ég tel alveg mögulegt að við náum að skapa skemmtileg fjölskyldukvöld eða kvöldvökur þar sem fólk kemur saman og skemmtir hvert öðru.

Föstudaginn langa, 29. mars, var haldinn dansleikur hér í Logalandi. Hljómsveitin Stuðbandalagið sá um fjörið og aðsóknin var góð. Þeir félagar sáu einnig um dansleik á föstudaginn langa í fyrra og þegar eitthvað er tvítekið í félaginu er það þá ekki orðið að árvissum viðburði?

Þetta er auðvitað ekki tæmandi listi yfir atburði frá síðasta aðalfundi en nefndirnar eiga eftir að betrumbæta hann mikið með sínum skýrslum.

Mál að linni. Ágætu félagar í stjórn, nefndarmenn og aðrir félagar, bestu þakkar fyrir samstarfið á árinu.

Þóra Árnadóttir, formaður.



Tjaldið.